FRÉTTABLAÐIÐ

49. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 27. FEBRÚAR 2016

Tryllt í að berjast fyrir sínu

Ágústa Eva Erlendsdóttir ræðir skrýtin starfslok í Þjóðleikhúsinu, breytingar í einkalífinu, ferilinn og hvað er framundan. Hún hugsar fallega til Silvíu Nætur, en saknar þess ekki að vera í Eurovision. ↬26

Reynir enn að loka Guantanamo ↬30

Sjúkdómurinn óútreiknanlegur ↬32

Bubbi og konurnar í Drekkingarhyl ↬34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður

Fremur hæg austlæg eða breytileg átt í dag og léttir smám saman til. Víða frostlaust um landið sunnan- og vestanvert en annars frost 2 til 18 stig, kaldast í innsveitum norðaustan til um morguninn.
SJÁ SÍÐU 46

Harpa gæti fengið gjöld endurgreidd

SVEITARSTJÓRNARMÁL Svo gæti farið að Reykjavíkurborg verði að endurgreiða Hörpu hundruð milljóna króna vegna oftekinna fasteignagjalda á undanförnum árum. Forstjóri hússins sagðist í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær glaður sætta sig við að sama reikniregla gilti um Hörpu og Kringluna við álagningu fasteignagjalda.

Sex hundruð tónleikar voru haldnir í Hörpu í fyrra og þá er ótalinn fjöldi ráðstefna og funda. En þótt mikið sé um að vera í húsinu á hverjum einasta degi ársins stendur reksturinn ekki undir gífurlegum fasteignagjöldum sem lögð hafa verið á húsið, að sögn Halldórs Guðmundssonar, forstjóra þess.

„Þau hafa verið mjög íþyngjandi. Enda getur þú séð það sjálfur. Okkar eigin tekjur, sem hafa nú aukist mikið, eru kannski þúsund milljónir í fyrra. Fasteignagjöldin eru 390 milljónir. Það er enginn rekstur sem gefur það af sér að geta staðið undir svona einum skatti," segir Halldór.

Málaferli hafa staðið milli rekstraraðila Hörpu og ríkis og borgar, sem eiga húsið, allt frá árinu 2011 vegna fasteignagjaldanna. Hæstiréttur sýknaði borgina í gær en dæmdi að fasteignamatið sem ríkið ákveður standist ekki lög.

Tekjur hússins hafa vaxið jafnt og þétt en um 1,7 milljónir manna komu í Hörpu í fyrra. Vegna fasteignagjaldanna hafa ríki og borg þó þurft að borga með húsinu um 170 milljónir króna á ári.

Fasteignamatið miðast nú við byggingarkostnað hússins sem talinn er vera um 22 milljarðar króna en ekki við tekjumöguleika þess eins og gildir til dæmis um Kringluna.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, kvaðst ekki vilja tjá sig um málið fyrr en búið væri, af hálfu borgarinnar, að leggja mat á áhrif dómsins. Það yrði á allra næstu dögum. **– sg/hmp**

Inflúensufaraldur herjar á landann

Í biðröð eftir bata Gríðarlegt álag var á Læknavaktinni á Smáratorgi í gær. Þrjár tegundir inflúensu hrjá landann um þessar mundir og mikið er um veikindi meðal starfsmanna Landspítalans þessa dagana, að því er fram hefur komið í máli yfirmanns slysadeildar sjúkrahússins. Álagið hefur verið svo mikið að fólki hefur verið ráðlagt að leita frekar á heilsugæslu en bráðamóttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lögregla ræðir við sænskan Hells Angels-liða. NORDICPHOTOS/AFP

Sænsk gengi til Balkanskaga

SVÍÞJÓÐ Vélhjólagengin Bandidos og Hells Angels í Svíþjóð eru nú að koma sér upp systurfélögum á Balkanskaga. Sænskir fjölmiðlar hafa það eftir lögreglunni að vopna- og fíkniefnamarkaðurinn þar sé það sem dregur gengin þangað.

Síðastliðið haust hélt fyrsta Bandidos-deildin í Serbíu upp á eins árs afmæli sitt og við það tilefni fengu nýir félagar klúbbvestin sín. **– ibs**

Fórna ekki ómetanlegu útsýni fyrir vindmyllur

Vöxtur ferðaþjónustu skapast ekki síst af ómetanlegu útsýni, segir bæjarstjórn Ölfuss og hafnar ósk Arctic Hydro um að fá að setja upp vindmyllugarð í landi jarðarinnar Þorlákshafnar. Auk þess sé umrætt land ætlað undir annan iðnað.

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Ölfuss hefur synjað beiðni Arctic Hydro ehf. sem vildi fá að setja upp vindorkugarð á Hafnarsandi í landi sveitarfélagsins um þrjá kílómetra vestan við Þorlákshöfn.

Fulltrúar Arctic Hydro kynntu vindorkugarðinn fyrir bæjaryfirvöldum í Ölfusi 25. janúar. Í byrjun þessa mánaðar var síðan óskað eftir viðræðum um samning um rannsóknar- og nýtingarleyfi með tilliti til virkjunar vindafls á jörðinni Þorlákshöfn. Setja átti upp rannsóknarmastur til vindmælinga en síðan var markmiðið að setja upp tuttugu myllur sem myndu ná allt að 130 metra hæð með spaðana í hæstu stöðu. Samtals yrði vindorkugarðurinn 60 MW.

Vaxandi ferðaþjónusta er í Ölfusi og telja heimamenn vindmyllur geta spillt útsýni sem laði ferðafólkið að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæjarstjórnin segist ekki tilbúin til að ganga til samninga við Arctic Hydro af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi sé umrætt svæði skipulagt fyrir annan iðnað. Þar er vísað í áform um að flytja fiskþurrkun fyrirtækisins Lýsis út fyrir bæinn.

Bæjarstjórnin tiltekur síðan hagsmuni ferðaþjónustu sem sé vaxandi atvinnugrein í Ölfusi. „Skapast sá vöxtur fyrst og fremst af ósnortinni náttúru svæðisins og ómetanlegu útsýni til sjávar og fjalla. Erindinu er því hafnað," segir í samhljóða samþykkt bæjarstjórnarinnar.

„Það er mikil ásýnd sem fylgir svona mannvirkjum, sér í lagi þegar verið er að tala um margar myllur," segir Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss, sem undirstrikar þó að ekkert vísindalegt sé á bak við þessa afstöðu. „Þetta á sér bakgrunn í orðræðu við þá aðila sem eru að standa í uppbyggingu í ferðaþjónustu," útskýrir hann.

Þá segir bæjarstjórinn einnig hafa staðið í mönnum að ekki sé til lagarammi varðandi beislun vindorku á Íslandi. „Þetta er ekki niðurstaða til eilífðar en eins og ásýndin er á þetta núna treystir bæjarstjórnin sér ekki til að binda svæðið fyrir þetta," segir hann.

Ekki náðist í Skírni Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra Arctic Hydro, í gær en á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að það vinni nú að tveimur öðrum verkefnum; annars vegar að undirbúningi 20 til 30 MW vindorkugarðs í landi Butru og Guðnastaða í Austur-Landeyjum og hins vegar að 5,2 MW virkjun í Hólsá og Gönguskarðsá með tengingu til Akureyrar.

> **Þetta á sér bakgrunn í orðræðu við þá aðila sem eru að standa í uppbyggingu í ferðaþjónustu.**
>
> Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss

„Félagið ætlar sér að vera leiðandi einkaaðili á sviði raforkuframleiðslu á Íslandi enda eru gífurleg tækifæri til staðar á Íslandi fyrir félag eins og Arctic Hydro með tilheyrandi tækifærum og möguleikum fyrir eigendur orkuauðlinda," segir á heimasíðu Arctic Hydro. **gar@frettabladid.is**

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR \ TBWA • SÍA

TÖLUR VIKUNNAR 20.02.2016 TIL 26.02.2016

64%

uppsjávarafla er landað og hann unninn á Austurlandi.

106 milljarðar
var hagnaður bankanna á síðasta ári.

1,7 milljarðar
voru beinar tekjur af síðustu **Iceland Airwaves** hátíð.

100 beiðnir
eða þar um bil, berast árlega til **átröskunarteymis** LSH.

132 milljarða
kosta nýir búvörusamningar næsta áratuginn.

6.000 manns
voru á biðlista eftir sex tilteknum aðgerðum í lok árs.

650 gestir
geta á hverjum tíma gist á Fosshóteli Reykjavík – stærsta hóteli landsins.

700 fleiri hótelherbergi eru nú í boði eftir uppbyggingu í fyrra.

Þrjú í fréttum
Heilsugæsla, kennitöluflakk og smjörfjall

Þórarinn Ingólfsson
formaður Félags íslenskra heimilislækna sagðist ekki skilja það markmið heilbrigðisráðherra að meina rekstraraðilum heilsugæslustöðva að greiða sér arð af rekstrinum. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra vonast til að þrjár nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar verði opnaðar fyrir árslok. Hann telur að á meðan heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu er undirfjármögnuð sé óeðlilegt að reka tvöfalt launakerfi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra kvaðst standa við orð sín um að styðja ekki frumvarp þingmanns Framsóknarflokksins gegn kennitöluflakki. ASÍ hafði lýst furðu yfir viðbrögðum hennar. Ragnheiður sagði frumvarpið of íþyngjandi, ekki síst fyrir nýsköpunarfyrirtæki þar sem menn þyrftu oft og tíðum að gera margar tilraunir með rekstur. Íslenskt atvinnulíf gæti misst af ákveðnum tækifærum með slíku frumvarpi. Kvaðst hún ekki viss um að frumvarpið myndi uppræta kennitöluflakk.

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands benti á að með nýjum búvörusamningi væri verið að hverfa yfir í kerfi sem varð til þess að til urðu smjörfjöll og rjómatjarnir. Þórólfur sagði samninginn mjög einhliða. Verið væri að setja kvaðir á skattgreiðendur um að borga mjög háar upphæðir en engar kvaðir kæmu á móti.

Fjárfestar hafa áhuga á að greiða afborgun Fáfnis og auka hlutafé

Danskt félag lýsti áhuga á að borga afborgun Fáfnis Offshore til skipasmíðastöðvarinnar Havyard og leggja til nýtt hlutafé. Boðinu var hafnað. Lífeyrissjóðir hafa lagt háar fjárhæðir í Fáfni og ætla enn að bæta við.

VIÐSKIPTI Danska fyrirtækið Sky Wind Energy lýsti áhuga á að að greiða 12 milljóna norskra króna afborgun sem Fáfnir Offshore átti að greiða til norsku skipasmíðastöðvarinnar Havyard, jafnvirði um 180 milljóna íslenskra króna, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Félagið vildi einnig leggja fram hlutafé svo breyta mætti Fáfni Viking í þjónustuskip fyrir vindmyllur. Meðal þeirra sem standa á bak við Sky Wind Energy er danski fjárfestirinn Michael Svendsen, sem áður var útibússtjóri Jyske Bank í Danmörku.

Því boði var hins vegar ekki tekið. „Þetta var eitt af nokkrum tilboðum sem okkur bárust en mitt mat var það að ég hefði ekki áhuga á að taka þeim, það voru margar ástæður fyrir því," segir Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis og starfsmaður Íslandssjóða.

Íslenskir lífeyrissjóðir eru stærstu hluthafar í Fáfni í gegnum sjóðina Horn II, sem Landsbréf, dótturfélag Landsbankans, rekur og sjóðinn Akur, sem Íslandssjóðir, dótturfélag Íslandsbanka, rekur.

Eftir hluthafafund á miðvikudag er stefnt að því að hluthafar Fáfnis leggi meira fé í félagið. Þeim mun bjóðast að kaupa skuldabréf af fyrirtækinu í samræmi við eignarhlut þeirra til að fjármagna umræddа greiðslu til Havyard. Skuldabréfið mun bera 20 prósenta vexti og heimilt verður að breyta skuldabréfinu í hlutafé sem samsvarar meirihluta hlutafjár í Fáfni. Því mun eignarhlutur þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í skuldabréfaútgáfunni þynnast út.

Steingrímur Erlingsson, stofnandi Fáfnis, sem var sagt upp störfum sem forstjóra fyrirtækisins um miðjan desember, sagði í Kastljósi á þriðjudag að hann hefði viljað breyta Fáfni Viking úr olíuþjónustuskipi í skip sem þjónusta átti vindmyllur á hafi úti.

Jóhannes Hauksson segir samkomulag komið á um viðbótarleigu Polarsyssel við Sýslumanninn á Svalbarða í 9 mánuði á ári. Verið sé að ganga frá skriflegu samkomulagi. MYND/HAVYARD

> **Þetta var eitt af nokkrum tilboðum sem okkur bárust en mitt mat var það að ég hefði ekki áhuga á að taka þeim.**
>
> Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis

Fáfnir var orðinn þátttakandi í útboði Siemens þar sem leigja átti Fáfni Viking sem slíkt þjónustuskip við vindmyllur til 15 ára. Jóhannes segir að Steingrímur hafi séð um samskipti Fáfnis við Siemens. Hins vegar hefðu Fáfni borist þær upplýsingar fyrir skemmstu að félagið hefði ekki komist áfram í næstu umferð í útboðinu.

Á hluthafafundinum í vikunni var ákveðið að færa Fáfni Viking í sérstakt félag. „Þeir fjármunir sem fóru í það eru í hættu. Við erum að vinna að því með skipasmíðastöðinni Havyard að skoða með hvaða hætti er hægt að breyta því í þjónustuskip við vindmyllur á sjó. Það verður bara að koma í ljós hvaða þátt Fáfnir Offshore muni eiga í því til framtíðar," segir Jóhannes.

Þá segir Jóhannes að komið sé á samkomulag við Sýslumanninn á Svalbarða um viðbótarútleigu skipsins Polarsyssel, sem Fáfnir á þegar, úr leigu í 6 mánuði á ári í 9 mánuði á ári. Verið sé að ganga frá skriflegum samningum þess efnis.

ingvar@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir ráða engu hjá Fáfni Offshore

„Við tókum ekki ákvörðun um kaupin á þessu fyrirtæki, það eru þessir sjóðir og stjórnir þar, sem taka þær ákvarðanir og svo er önnur stjórn yfir Fáfni," segir Ásta Rut Jónasdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Lífeyrissjóðurinn er stærsti einstaki hluthafinn í Akri og sá stærsti ásamt lífeyrissjóðnum Gildi í Horni II og á tæplega 20 prósenta hlut í hvoru félagi.

Ásta segir Lífeyrissjóð verslunarmanna ekki fá upplýsingar um rekstur þeirra fyrritækja sem sjóðirnir hafi fjárfest í umfram það sem komi fram í uppgjörum og á aðalfundum þeirra.

Brimið í Reynisfjöru getur verið stórhættulegt. MYND/STÖÐ 2

Ferðamenn í lífshættu

SLYS Ferðamenn lentu enn á ný í lífsháska í Reynisfjöru á fimmtudag. Lögreglan á Suðurlandi ætlar að rannsaka tildrög þess, en sex ferðamenn voru hætt komnir þegar óvænt alda náði nánast að hrifa þá út á haf.

Löggæsla var í fjörunni í hálfan mánuð eftir að banaslys varð þar. Að sögn Kjartans Þorkelssonar, yfirlögregluþjóns á Suðurlandi, er sérstök fjárveiting innanríkisráðuneytisins til gæslunnar uppurin og því var henni hætt á miðvikudag.

Viðvörunarskilti og keðjur, sem eiga að leiðbeina ferðamönnum á sem öruggastan hátt í fjörunni, voru sett þar upp síðdegis á fimmtudag, nokkru eftir atvikið. **– þv**

365 hlaut þrjár tilnefningar

VERÐLAUN Tilkynnt var um tilnefningar til blaðamannaverðlaunanna 2015 í gær. Fréttastofa 365 hlaut þrjár tilnefningar, Stundin hlaut einnig þrjár, Morgunblaðið/mbl.is og RÚV hlutu tvær tilnefningar og Kjarninn og DV eina.

Snærós Sindradóttir hjá Fréttablaðinu var tilnefnd í flokknum Viðtal ársins fyrir viðtal sitt við Einar Zeppelin Hildarson, ungan mann, sem á að baki afar erfiða lífsreynslu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir á Fréttablaðinu voru tilnefndar fyrir ítarlega umfjöllun um mansal þar sem fjallað var um umfang og einkenni mansals á Íslandi og bresti í aðgerðaáætlun stjórnvalda. Loks var Kolbeinn Tumi Daðason, aðstoðarritstjóri Vísis, tilnefndur fyrir upplýstrandi umfjöllun um óánægju lögreglumanna með störf lögreglufulltrúa í fikniefnadeild. **– sg**



Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág innborgun

Tryggt framtíðarvirði

Fastar mánaðargreiðslur

EXTRA FLOTTUR AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 314.000 KR. FYLGIR MEÐ AURIS HYBRID Í TAKMARKAÐAN TÍMA.*

Nú færðu Auris Hybrid með extra flottum aukahlutapakka að verðmæti 314.000 kr. Heilsársdekk, leiðsögukerfi**, filmur í rúður og krómlistar á hliðum. Þessi aukahlutapakki fæst aðeins í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota — komdu og reynsluaktu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Með Auris Live fylgja bakkskynjarar í stað leiðsögukerfis.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Brandur hvarf frá Rauðalæk í Laugardal laugardagsmorguninn 20. febrúar. Ábendingar hafa borist um að sést hafi til hans á ýmsum stöðum í Laugardalnum. Hann er gulbröndóttur og mjög loðinn. Brands er afar sárt saknað.

Hafsteinn: S. 6630492.
Unnur: S. 8484438.

GEÐHJÁLP

Leyst úr Læðingi

Áhrif erfiðra uppeldisaðstæðna og áfalla á andlega heilsu
Gullteigur, Grand Hótel 1. mars 2016.
Fundarstjóri Sigmar Guðmundsson, fjölmiðlamaður.

13.00 – 13.10	**Hvernig er hægt að draga úr ofbeldi í samfélaginu?** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.
13.10 – 13.25	**Hvers vegna?** Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar.
13.25 – 14.05	**Áhrif kynferðisofbeldis á andlega heilsu karla og kvenna, Gæfusporin, heildræn meðferðarúrræði** Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, doktorsnemi í hjúkrunarfræði við HÍ.
14.05 – 14.45	**Mín saga – mín leið** Jokka G. Birnudóttir, Gunnar Hansson. Jenný Henriksen, Sunna Rós Baxter.
14.45 – 15.00	**Kaffi**
15.00 – 15.20	**SUSS!!!** Leikhópurinn RaTaTam kynnir vinnu sína við leikverkið SUSSS!!! Verkið byggir á reynslusögum þolenda, gerenda og aðstandenda í heimilisofbeldi.
15.20 – 15.40	**Þegar áföll leiða til geðröskunar og fíknar.** Þorgeir Ólason, forstöðumaður meðferðarheimilisins Krísuvíkur.
15.40 – 16.00	**Áhrif erfiðra upplifana í æsku: Hvernig er hægt að vinna með afleiðingarnar?** Dr. Gyða Eyjólfsdóttir, sálfræðingur.
16.00 – 16.30.	**Pallborðsumræður** Sigmar Guðmundsson stýrir pallborðsumræðum. Eftirtaldir verða í pallborði: Hrannar Jónsson, Thelma Ásdísardóttir frá Drekaslóð, Sigrún Sigurðardóttir, Þorgeir Ólason og Gyða Eyjólfsdóttir

Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst með nafni þátttakanda og nafni og kennitölu greiðanda á ***verkefnisstjori@gedhjalp.is.*** Aðgangseyrir kr. 2.000, frítt fyrir félaga í Geðhjálp.

Kosið í Íran

Hér fyllir fólk út kjörseðla í Erhad-moskunni í Teheran í Íran skömmu fyrir lokun kjörstaða í gær. Kosið er til þings í fyrsta sinn frá samkomulagi stjórnvalda við ríki heims um kjarnorkumál í júlí í fyrra. Yfir 4.800 bjóða sig fram í 290 þingsæti. Einnig er kosið í Sérfræðingaráð landsins þar sem 88 eiga sæti. Ráðið velur landinu leiðtoga og hefur eftirlit með störfum hans. Í Íran hafa nær 55 milljónir kosningarétt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hefur ekki áhyggjur af „shaken-baby“ máli

Lögmenn greinir á um afleiðingar dóms Hæstaréttar á endurupptökunefnd.

DÓMSMÁL Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður segir að dómur Hæstaréttar um að endurupptökunefnd geti ekki fellt úr gildi eldri dóma breyti engu varðandi mál sem nefndin hefur kveðið á um að taka skuli upp að nýju.

Í júní 2015 var samþykkt beiðni Sigurðar Guðmundssonar, skjólstæðings Sveins Andra, um endurupptöku máls þar sem hann var sakfelldur fyrir að hafa valdið dauða níu mánaða gamals drengs með því að hrista hann árið 2001. Nefndin úrskurðaði að eldri dómur Hæstaréttar skyldi felldur úr gildi.

Mikið var fjallað um mál Sigurðar í fjölmiðlum en drengurinn sem lést var í daggæslu hjá Sigurði og þáverandi eiginkonu hans. Sigurður hlaut átján mánaða dóm í Hæstarétti og sat í fangelsi í ár. Hann barðist fyrir endurupptöku í fjölda ára. Beiðni Sigurðar um endurupptöku byggði

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður

að miklu leyti á nýjum gögnum sem haft hefðu mikil áhrif á niðurstöðu málsins.

„Í dómi Hæstaréttar sem féll á fimmtudag segir dómurinn einfaldlega að þeir séu ekki að kveða upp nýjan dóm í málinu vegna þess að endurupptökunefndin hafði ekki heimild til að ógilda gamla dóminn þannig að hann stendur og þess vegna er málinu vísað frá,“ segir Sveinn Andri og bætir við að hann telji að það sama yrði uppi á teningnum með mál Sigurðar. „Ef Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu að gögnin sem lögð voru til grundvallar endurupptökunni myndu valda því að sýkna bæri manninn þá myndi dómurinn kveða upp sýknudóm í málinu. Ef dómurinn teldi á hinn bóginn að gögnin hefðu ekki dugað til að sýkna, þá yrði málinu einfaldlega vísað frá og fyrri dómur Hæstaréttar myndi standa,“ segir Sveinn Andri.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari telur að verkefni endurupptökunefndar séu öll í uppnámi eftir dóm Hæstaréttar. Sveinn Andri er ósammála því og segir að ákvörðun endurupptökunefndar í máli Sigurðar, um að taka skuli mál upp að nýju, standi alveg sjálfstæð. „Ég sé þetta ekki sem neitt vandamál fyrir mitt mál. Þrátt fyrir að endurupptökunefndin hafi ógilt dóminn þá er Hæstiréttur í raun einungis að segja að sú athöfn að mæla fyrir um endurupptöku máls sé stjórnsýsluathöfn, og það getur nefndin alveg gert,“ segir Sveinn Andri. **thordis@frettabladid.is**

ROLEX
MICHELSEN

GEÐHJÁLP

AÐALFUNDUR GEÐHJÁLPAR 2016

Aðalfundur Landssamtakanna Geðhjálpar verður haldinn að Borgartúni 30, annarri hæð til hægri, laugardaginn 19. mars kl. 14.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf, m.a. kjör nýrra stjórnarmanna, umfjöllun um ársskýrslu og ársreikning samtakanna.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Virðingarfyllst, stjórn Geðhjálpar.
www.gedhjalp.is

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Fundur verður haldinn til að kynna ferðir ársins 2016 á Hótel Natura (Loftleiðahótelinu)

Þriðjudaginn 1. mars 2016, kl. 20:00.

Kaffiveitingar, verð kr. 2500,-

Upplýsingar um ferðir ársins 2016 er hægt að finna á **http://orlofrvk.123.is/** Hægt er að nálgast upplýsingar og bækling á skrifstofunni að Hverfisgötu 69, á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, milli klukkan 16:30 til 18:00, í mars og apríl 2016 og í síma **551-2617/864-2617** á sama tíma.

„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof."

Nefndin



Frá 2010 hefur fjölgað ört flugfélögum sem bjóða árstíðabundið flug til og frá landinu. FRETTABLAÐIÐ/GVA GRAFÍK/INGO

Flug í boði 25 félaga – voru átta fyrir áratug

Aldrei hafa eins mörg flugfélög ákveðið að fljúga til og frá Íslandi og á þessu ári. Sætaframboð hefur nær tvöfaldast á fimm árum og lendingar farþegavéla eru sjö þúsund fleiri en árið 2011. Ferðamenn í flugi voru 29,2% fleiri í fyrra en 2014.

FERÐAÞJÓNUSTA Á þessu ári munu fjórfalt fleiri flugfélög bjóða upp á áætlunarflug til og frá Keflavíkurflugvelli en árin fyrir hrun. Alls bjóða níu félög flug til fjölda áfangastaða frá Keflavík allt árið, en önnur sextán félög frá vormánuðum til hausts – eða alls 25. Árið 2005 voru flugfélögin sex alls sem buðu þessa þjónustu, þar af fjögur heilsársflugfélög.

Þetta kemur fram í tölfræði sem Isavia tók saman fyrir Fréttablaðið.

Ferðamálastofa greindi frá því um miðjan mánuðinn að fjöldi ferðamanna um Seyðisfjörð, Keflavíkurflugvöll og aðra flugvelli hefði verið um 1,3 milljónir árið 2015 eða 291 þúsund fleiri ferðamenn en árið 2014. Aukningin milli ára nemur 29,2 prósentum. Þessar tölur komu fram á sama tíma og öryggismál erlendra ferðamanna voru í hámæli, en í kjölfar þess mátti í ræðu og riti greina áhyggjur af þróuninni.

Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri, benti á í viðtali við Fréttablaðið að gestir okkar yrðu örugglega 1,6 milljónir í ár og tvær milljónir árið 2017.

„Fjölgun ferðafólks er beintengd vexti alþjóðlegra flugsamgangna og þar er mikil uppsveifla í gangi sem ekki sér fyrir endann á. Landið er klárlega komið í vitund mun stærri hóps fólks um allan heim og með vexti flugsins er alltaf ódýrara og auðveldara að komast hingað," sagði Edward.

Þegar tölfræði Isavia er greind kemur í ljós hvernig áhugi erlendra flugfélaga á Íslandi sem áfangastað hefur þróast á stuttum tíma. Litið aftur til ársins 2011 voru félögin tólf en eru nú rúmlega helmingi fleiri. Þrefalt til fjórfalt fleiri félög beina vélum sínum hingað á þessu ári en var árin 2005 til 2007, svo eitthvað sé tínt til.

39,4%

fleiri fóru um Keflavíkurflugvöll í október á síðasta ári en á sama tíma árið áður. Um er að ræða mestu aukningu í einum mánuði á árinu.

Sætaframboð gefur aðra mynd af því sama. Árið 2011 voru 3,4 milljónir sæta í boði en tæplega 6,1 milljón í fyrra. Lendingar í Keflavík fóru úr 12.430 í 19.769 á sama tímabili.

Í samantekt turisti.is fyrir um ári kom fram að þegar sumardagskrá flugfélaganna hófst í lok mars í fyrra var boðið upp á áætlunarflug frá Íslandi til 64 flugvalla í 59 borgum og var þá leiguflug á vegum ferðaskrifstofa til sólarstranda ótalið.

Tölfræði Ferðamálastofu sýnir enn fremur að fjöldamet voru slegin í öllum mánuðum ársins 2015 á Keflavíkurflugvelli. Aukning milli ára fór yfir 30 prósent fyrstu átta mánuði ársins en hlutfallslega var hún mest milli ára í október 49,3 prósent, september 39,4 prósent og maí 36,4 prósent. Þá liggur fyrir að janúarmet ársins 2015 hefur verið slegið myndarlega og enn svo tugprósentum skiptir – flugfarþegar í Keflavík í janúar voru rúmlega 290.000 eða um 60.000 fleiri en 2015.

svavar@frettabladid.is

Tekist á um niðurfellingu skulda vændiskvenna

DANMÖRK Hægrimenn á danska þinginu eru mótfallnir tillögu jafnaðarmanna um að vændiskonur eigi að fá skuldir sínar til ríkisins felldar niður ákveði þær að hætta að selja sig.

Karen Ellemann, félagsmála- og innanríkisráðherra, spyr hvort það sama eigi þá að gilda um þá sem glíma við vímuefnanotkun, heimilislausa eða aðra. Hún segir að skuldir séu sjaldan eina ástæða vændis. Sumar konurnar fjármagni misnotkun sína með vændi. Aðrar hafi misst trúna á að þær geti fengið annað starf.

Könnun frá 2014 leiddi í ljós að af 42 vændiskonum sem voru spurðar skulduðu 32 opinber gjöld.

– ibs

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.
BMW X5
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure

BMW X5.
VERÐ FRÁ 9.990.000 KR.
BMW X5 xDrive25d
Dísilvél, 231 hestöfl, tog 500Nm
Sjálfskipting og xDrive fjórhjóladrif
Hröðun 0-100 km/klst. 7,7 sek.
Eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*
CO_2 útblástur 146–148 g/km
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
ENNEMM / SÍA / NM71931
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X5
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
BL

40 ára afmælisráðstefna Iðjuþjálfafélags Íslands
4. mars 2016 - Hótel Örk, Hveragerði
„Allt er fertugum fært“
- Þverfagleg ráðstefna -

8:30 - 9:15 **Skráning og afhending ráðstefnugagna**

9:15 - 9:30 **Setning**, *Ósk Sigurðardóttir formaður IÞÍ*

Þverfagleg samvinna

9:30 - 9:50 **Þverfagleg samvinna í starfsendurhæfingu**
- Sveindís Jóhannsdóttir, MA-gráða í félagsráðgjöf. Fjölskylduráðgjafi hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

9:50 - 10:10 **Að vinna í teymi**
- Halldóra Sif Gylfadóttir sérfræðingur í taugasjúkraþjálfun á Reykjalundi.

10:10- 10:40 **Hlé - Kynningarbásar birgja**

10:40 - 11:00 **Teymisvinna - áskoranir og ávinningur**
- Elfa Björt Hreinsdóttir, sálfræðingur hjá Björt ráðgjöf.

11:00 - 11:20 **Snemmtæk íhlutun og teymisvinna**
- Guðný Stefánsdóttir, þroskaþjálfi með MA gráðu í menntunarfræði. Sviðsstjóri fræðslu- og kynningarsviðs á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

11:20 - 11:40 **Vinnuvistfræði alls staðar**
- Oddrún Lilja Birgisdóttir, iðjuþjálfi og formaður Vinnuvistfræðifélagsins(Vinnís).

11:40 – 12:50 **Hádegisverður - Kynningarbásar birgja**

Velferðartækni og „hverdagsrehabilitering”

Haldið í samvinnu við Velferðarráðuneytið

12:50 **Opnun** – Eygló Harðardóttir velferðarráðherra

13:00 -14:00 **Reablement- the Norwegian way**
- Hanne Tuntland, Associate Professor at Bergen University College

14:00 - 15:00 **Implementing occupation-focused health promotion in a municipality context - a strategy to promote healthy ageing**
- Magnus Zingmark, head of research and development focusing on active and healthy ageing in the municipality of Östersund, Sweden

15:00 -15:30 **Hlé - Kynningarbásar birgja**

15:30 – 16:30 **Velfærdsteknologi in Denmark - experiences and strategies**
- Åse Brandt, PhD, OT (Reg.) Associate Professor at the University of Southern Denmark.

16:30 – 17:30 ***Móttaka í tilefni af 40 ára afmæli IÞÍ - í boði fyrir alla viðstadda að loknum erindum***

Frekari upplýsingar um ráðstefnu og skráningu má finna á heimasíðu IÞÍ (www.ii.is). Lokadagur skráningar er **2. mars** 2016.

Bein slóð: http://www.ii.is/felagid/radstefna-2016/

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Bankarnir sæta enn rannsókn

Samkeppniseftirlitið hefur ekki tekið ákvörðun um framhald rannsóknar á meintri misnotkun á markaðsráðandi stöðu bankanna. Rannsóknin frestaðist vegna annarrar rannsóknar á greiðslukortamarkaði.

SAMKEPPNISMÁL Rannsókn Samkeppniseftirlitsins (SE) á meintri misnotkun á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu stóru viðskiptabankanna þriggja er ennþá ólokið. Rannsóknin hófst vegna kvartana árið 2010. Kvartanirnar vörðuðu skilmála íbúðalána bankans, sem samkvæmt kvörtununum hindra einstaklinga í því að færa viðskipti sín til annarra banka og hamla þannig samkeppni.

Vakin er athygli á rannsókninni í ársreikningi Arion banka fyrir árið 2015. „Umfang rannsóknarinnar og útkoma málsins er enn óviss, sem og hver áhrifin á samstæðuna verða. Komi til þess að niðurstaða SE verði á þann veg að samstæðan hafi brotið samkeppnislög gæti það haft í för með sér sekt,“ segir í ársreikningnum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að rannsóknin sé enn í gangi. „Málinu var forgangsraðað aftur fyrir rannsókn á greiðslukortamarkaðnum sem lauk á síðasta ári með sekt á fyrirtækin. Þetta mál beið á meðan og við erum að taka ákvörðun um framhald málsins,“ segir Páll Gunnar.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, Fjármálaþjónusta á krossgötum, er fjallað lítillega um rannsóknina. Í skýrslunni segir jafnframt að halda þurfi áfram að draga úr aðgangshindrunum á fjármálamarkaði með því að beita samkeppnislögum af festu.

Í þeirri sömu skýrslu segir að rekstrarkostnaður bankanna á föstu verði hafi aukist verulega á hverju ári frá hruni. Rekstur 14 lánastofnana árið 2011 hafi kostaði 30% meira á föstu verði en rekstur 32 lánastofnana fyrir áratug. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur þetta til kynna að samkeppnisaðhaldi í bankaþjónustu sé áfátt því samkeppni hvetji fyrirtæki til hagræðingar.

> **Málinu var forgangsraðað aftur fyrir rannsókn á greiðslukortamarkaðnum sem lauk á síðasta ári með sekt á fyrirtækin. Þetta mál beið á meðan og við erum að taka ákvörðun um framhald málsins.**
>
> Páll Gunnar Pálsson

„Viðskiptavinir bankanna greiða rekstrarkostnaðinn dýru verði með óhagstæðum viðskiptakjörum. Mikill vaxtamunur í alþjóðlegu samhengi leggst þungt á heimili og fyrirtæki og dregur úr samkeppnishæfni hagkerfisins,“ segir í skýrslunni. Sá vandi sem endurspeglast í háum rekstrarkostnaði bankanna og þar með háum vaxtakostnaði heimila og fyrirtækja sé mikill og ekki auðleystur.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær var afkoma bankanna þriggja þó mjög góð á síðasta ári. Samanlagður hagnaður eftir skatta nam 106,8 milljörðum króna.

Arion banki hagnaðist mest eða um tæpa fimmtíu milljarða króna. Afkoman markast mjög af óreglulegum liðum, einkum eignasölu í fimm félögum.

Minna munaði milli bankanna í hagnaði af reglulegri starfsemi. Þar hagnaðist Arion banki um 16,8 milljarða, en Íslandsbanki um 16,2 milljarða króna.

jonhakon@frettabladid.is

HVATNINGAR
VERÐLAUN
VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi sem styrki stoðir mannlífs á Íslandi.

Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2016. Verðlaunin eru þrjár milljónir króna.

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu. Hvatningarverðlaunin verða afhent á Rannsóknaþingi Rannís í vor.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 1. apríl 2016.

Tilnefningum ásamt ítarlegum upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið rannis@rannis.is

Nánar á www.rannis.is

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís

Bryndís Loftsdóttir, formaður Félags íslenskra bókaútgefanda, undirbýr árvissan markað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þriðja árið í Laugardalnum

VIÐSKIPTI Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda var opnaður í gær. Markaðurinn er haldinn undir stóru stúkunni við Laugardalsvöll og verður opinn til 13. mars.

Um sjö þúsund titlar eru á markaðnum að sögn Bryndísar Loftsdóttur, bókaunnanda og umsjónarmanns bókamarkaðarins. „Við erum að stækka barnabókadeildina um þriðjung sökum velgengni og áhuga. Nú er líka sérstök áhersla lögð á skáldverk í kiljum. Auk þess eru alls kyns aðrar bækur og einnig úrval hljóðbóka,“ segir Bryndís.

Bryddað hefur verið upp á þeirri nýjung að markaðurinn er opinn á kvöldin til klukkan níu.

„Þetta er þriðja árið sem við erum hér og okkur þykir vænt um að íslenska karlalandsliðinu í fótbolta hefur gengið mjög vel eftir að við fórum að vera hérna. Við lítum á okkur sem eins konar lukkudýr,“ segir Bryndís. **– þea**

Change is Good

Glæsilegur Hyundai Tucson

Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur, bensín eða dísil.



ENNEMM / SÍA / NM73305

KAUPAUKI

Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með nýjum Tucson.
Aukahlutapakki að verðmæti 400.000 kr.

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Fallist hefur verið á 2 vikna vopnahlé

Uppreisnarhópar í Sýrlandi og stjórnarher Assads heita því að virða vopnahlé, sem hefjast á í dag. Árásir stóðu fram á síðustu stundu.

SÝRLAND Tveggja vikna vopnahlé á að hefjast í Sýrlandi í dag, samkvæmt hugmyndum sem Rússland og Bandaríkin kynntu í byrjun vikunnar.

Bæði stjórnarher Bashars al Assad forseta landsins og nærri hundrað hópar uppreisnarmanna hafa fallist á vopnahléið. Samkomulagið nær þó ekki til hryðjuverkasamtaka á borð við Íslamska ríkið (DAISH) og al Nusra-fylkinguna, sem hafa stóra hluta landsins á sínu valdi.

Uppreisnarmenn tóku fram, þegar þeir gáfu samþykki sitt í gær, að hvorki stjórnarherinn né bandamenn hans mættu gera árásir undir því yfirskini að verið væri að berjast gegn hryðjuverkasamtökum.

Allt eftirlit með vopnahléinu verður flóknara vegna þess að al Nusra-samtökin, sem tengjast al Kaída, hafa átt í margvíslegu samstarfi við aðra hópa uppreisnarmanna, sem þykja hófsamari og eru með í vopnahléinu.

Ekki síst þykir hætta á því að rússneski herinn, sem hefur stutt stjórn Assads með loftárásum á uppreisnarmenn, haldi áfram árásum sínum og geri þá ekki frekar en hingað til alltaf skýran greinarmun á því hvort sprengjurnar lendi á DAISH-liðum eða uppreisnarhópum, sem ekki hafa verið flokkaðir sem hryðjuverkasamtök.

Átökum og loftárásum var haldið áfram af fullum krafti í Sýrlandi í gær, daginn áður en vopnahléið átti að hefjast. Meðal annars gerðu Rússar óvenju harðar loftárásir á svæði uppreisnarmanna austan við höfuðborgina Damaskus og víðar. Stjórnarherinn gerði einnig harðar loftárásir.

> Það er eins og þeir vilji beygja uppreisnarmenn á þessum svæðum eða skora einhver stig áður en vopnahléið hefst.
>
> Rami Abdel Rahman, yfirmaður mannréttindasamtakanna SOHR

„Það er eins og þeir vilji beygja uppreisnarmenn á þessum svæðum eða skora einhver stig áður en vopnahléið hefst," hafði franska fréttastofan AFP eftir Rami Abdel Rahman, sem er yfirmaður mannréttindasamtakanna SOHR sem hafa fylgst grannt með átökunum í Sýrlandi. Samtökin hafa aðsetur í Bretlandi en skammstöfunin stendur fyrir The Syrian Observatory for Human Rights, eða Sýrlenska mannréttindaeftirlitið.

Bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Vladimír Pútín forseti Rússlands fögnuðu því að stjórn Sýrlands og stjórnarandstæðingar skyldu hafa fallist á að hætta að berjast.

Pútín tók þó fram að rússneski herinn myndi halda áfram að gera árásir á hryðjuverkamenn. Og Obama sagði augljóst að bardagar í Sýrlandi myndu halda áfram, enda væru hryðjuverksamtökin ekki aðilar að samkomulaginu.

gudsteinn@frettabladid.is

Fimm ár frá upphafi átakanna



ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR

LAGERSALA LÍN DESIGN

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMDU OG TAKTU ÞÁTT Í LUKKULEIK,
ALLT AÐ 50.000 KR VINNINGUR.

BARNAFÖT
FRÁ
250 KR.

BARNA
RÚMFÖT
FRÁ
3.590 KR.

VISKASTYKKI
FRÁ
490 KR.

SVUNTUR
FRÁ
490 KR.

DÚKAR
FRÁ
2.990 KR.

GJAFAVÖRUR
FRÁ
290 KR.

OFNHANSKAR
FRÁ
390 KR.

HÓTEL
RÚMFÖT
FRÁ
5.990 KR.

Laugavegi 178 Laugardag 11-17 Sunnudag 11-17

Glerártorgi Laugardag 10-17 Sunnudag 13-17

Lín DESIGN

Vertu eins og heima hjá þér

NORDIC
Vandað borðstofuborð frá Skovby.
Eik og hvít borðplata.
Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.
199.990 kr. ~~229.990 kr.~~

MADISON
Borðstofustóll. Eik með gráu eða dökkgráu áklæði.
29.990 kr. ~~44.990 kr.~~

TIANA
Borðstofustóll. Svartur.
7.990 kr. ~~13.990 kr.~~

WILMA
Borðstofustóll. Slitsterkt grátt áklæði og viðarfætur.
9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

ANDREW
Borðstofustóll. Bundið leður. Svart, hvítt eða brúnt
14.990 kr. ~~19.990 kr.~~



MARTE
Borðstofuborð, eik/hvítt.
Stærð: 100 x 190/280 H: 74 cm
174.990 kr. ~~249.990 kr.~~

CARINA
Borðstofuborð, króm/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm
109.990 kr. ~~129.990 kr.~~

DELTA
Borðstofuborð, eik/hvítt.
Stærð: Þverm: 100cm H: 74 cm
29.990 kr. ~~49.990 kr.~~

CORPUS
Borðstofustóll. Svart PU-leður og viðarfætur
17.990 kr. ~~29.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

STÓLADAGAR

Allir* borðstofu- og eldhússtólar á tilboði

Gildir ekki af Skovby borðstofustólum

1 SEATTLE
Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur
með krómlöppum.

5.990 kr.
~~8.990 kr.~~

2 EIFFEL
Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur
með svörtum löppum.

8.990 kr.
~~11.990 kr.~~

3 EIFFEL
Borðstofustóll. Svartur,
grár, rauður, turkis og
hvítur með krómlöppum.

9.990 kr.
~~13.990 kr.~~

4 PARIS
Borðstofustóll. Svartur,
grár, hvítur, rauður og
orange með sterk-
byggðum viðarlöppum.

9.990 kr.
~~14.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Sjálfshól

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Forsvarsmenn RÚV hafa keppst um að hrósa sér og RÚV fyrir dagskrárgerðina um síðustu helgi, aldrei eða sjaldan hafi fleiri sameinast fyrir framan ríkisskjáinn.

Útvarpsstjórinn skrifaði: Þetta er annað kvöldið í röð þar sem RÚV sameinar stóran hluta þjóðarinnar við skjáinn og við bíðum niðurstöðu kvöldsins í ofvæni. Þáttarstjórnandi á RÚV lét þau orð falla, að tveir stórir sjónvarpsatburðir um þessa helgi sýni hversu ríkisútvarpið eigi stóran sess í lífi þjóðarinnar.

Þetta er hraustlega mælt.

Ríkissjónvarpið fær söngvakeppnina, fín skemmtun, sem var annar þessara dagskrárliða, á silfurfati. Samtök evrópskra ríkissjónvarpstöðva stýra Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Ríkissjónvarpið býr til undankeppni eftir strangri forskrift og sjónvarpar svo þáttunum þegar út í sjálfa keppnina er komið.

Hinn þátturinn var Ófærð Baltasars Kormáks. Ríkissjónvarpið kom ekki nálægt gerð Ófærðar. Þessi frábæra þáttaröð er sköpunarverk sjálfstætt starfandi listamanna úti í bæ, sem margir hverjir hafa fengið sína eldskírn úti á markaðnum. RÚV bauð svo betur í sýningarréttinn en einkareknu stöðvarnar, þegar þáttaröðin kom á markað. Það er galdurinn sem sjálfshólið byggist á.

Það er mikil einföldun að tala um „þörf þjóðar til að njóta sameiginlegrar menningarupplifunar“ í þessu samhengi. Fyrirtæki sem fær fjóra milljarða króna frá skattborgurum um hver áramót og tvo til viðbótar í auglýsingatekjur á ári hefur mikið forskot í ójöfnum leik.

Ríkisfyrirtækið nýtir þetta forskot til yfirboða á markaði. Síðan hæla stjórnendurnir sjálfum sér, eigna sér heiðurinn af verkum annarra og reyna að slá ryki í augu fólks. Sjálfshólið er í aðra röndina broslegt, en í hina alvarlegt því tilgangurinn er að seilast í meira skattfé – skekkja samkeppnina enn meira. Forsvarsmenn RÚV telja sig aldrei fá nóg.

Í löndunum í kringum okkur, í Bretlandi og á Norðurlöndum, eru ríkisfjölmiðlar ekki á auglýsingamarkaði. Á því eru fáar undantekningar, sem lúta sérstökum reglum. Hér heima er RÚV risi á auglýsingamarkaði og þrengir þannig kosti einkarekinna fjölmiðla. Það getur ekki verið hlutverk hins opinbera að gera einkareknum keppinautum, sem ekki hafa aðgang að opinberu fé, erfitt fyrir.

Ríkisútvarpinu er ekki ætlað að vera í samkeppni. Samkeppni við ríkisrisa verður aldrei heilbrigð nema settar séu skýrar reglur. RÚV er ætlað afmarkað hlutverk í almannaþágu – hlutverk sem deila má um hvort það sinni.

Ef rétt er á málum haldið á ríkisútvarp rétt á sér. RÚV byggist á sögu og hefðum. En ríkisútvarp á að skapa sér sérstöðu, ekki seilast inn á þann vettvang sem einkastöðvar sinna vel, oft betur en ríkisútvarp. Það á til dæmis við um flestar vinsælar íþróttir. Það á ekki að stunda yfirboð á markaði fyrir afþreyingu og ekki að standa í auglýsingasölu.

Í þessari skoðun felst vilji til að breyta Ríkisútvarpinu, ekki leggja það niður.

Síðan hæla stjórnendurnir sjálfum sér, eigna sér heiðurinn af verkum annarra og reyna að slá ryki í augu fólks.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Raunveruleikinn er ekki raunverulegur

Hvers vegna fórstu í sokka í morgun? Hvers vegna settir þú mjólk út í kaffið þitt? Hvers vegna fórstu í vinnuna? – Til að verða ekki kalt á tánum? Til að hemja beiskt bragðið? Til að hafa efni á að vera til? Rangt.

Stundum líður mér eins og raunveruleikinn sé ekki raunverulegur. Eins og hlutirnir séu ekki eins og þeir virðast heldur einhvern veginn allt öðruvísi. Fréttir vikunnar staðfesta að sú er og raunin.

Ein stór lygi

Við erum föst í sýndarveröld. Við fæðingu er okkur stungið í samband við tálmynd og eftir það fljótum við sofandi að feigðarósi um ylvolga sjálfsblekkingu í anda kvikmyndarinnar Matrix.

Kæri lesandi. Ég býð þér tvo kosti; bláa pillu og rauða pillu – að hætta lestrinum hér og nú eða að lesa lengra. Ef þú velur bláu pilluna muntu einfaldlega halda áfram að trúa því sem þú vilt trúa. En ef þú gleypir rauðu pilluna heldur för þín um Undraland áfram þar sem ég leiði þig í sannleikann um hversu ægidjúp kanínuholan er.

Í myndinni Matrix segir frá tölvuþrjótinum Neo sem kemst á snoðir um að veröldin eins og við þekkjum hana, eins og við skynjum hana, er ein stór lygi. Neo stendur frammi fyrir vali. Hann getur gleypt bláa pillu og haldið áfram makindalegri tilveru sem byggð er blekkingu. Eða hann getur tekið rauðu pilluna og komist að óþægilegum sannleikanum.

Neo velur þá rauðu og kemst að því að mannskepnan hefur verið hneppt í ánauð. Vélar hafa tekið yfir heiminn og stunda manneldi. Maðurinn er ræktaður til að framleiða rafmagn fyrir vélarnar. Hver líkami flýtur í fósturstellingunni inni í einhvers konar líknarbelg þar sem hann hírist nakinn, hárlaus og umlukinn vökva alla ævi í ræktunarstöðvum sem líkjast helst kjúklingabúum. Heilinn er hins vegar tengdur með snúru inn í hinn svokallaða Matrix-heim, Draumaheiminn, einhvers konar sýndarveröld sem er ekkert annað en tölvuforrit. Manneskjurnar eru lífræn batterí sem eru aðeins til til að viðhalda vélunum.

Söguþráður Matrix kann að hljóma ótrúlegur. Hann er þó furðu nálægt því að fanga hinn raunverulega raunveruleika.

Tilgangurinn með tilvist okkar

Fréttir vikunnar sýna að við erum ekkert annað en valdalaus tannhjól í mismunandi kerfum:

- Nýir búvörusamningar sem kosta munu skattgreiðendur tugi ef ekki hundruð milljarða næstu tíu árin staðfesta að tilgangur landbúnaðarkerfisins er ekki að þjónusta neytendur heldur öfugt. Við borðum til að viðhalda landbúnaðarkerfinu.
- Hótanir forsætisráðherra í garð Háskóla Íslands í kjölfar þess að Háskólaráð ákvað að flytja íþróttakennaraskólann frá Laugarvatni til Reykjavíkur staðfestir að háskóli landsmanna er ekki rekinn til að mennta fólk sem best og með sem hagkvæmustum hætti heldur til að viðhalda mannlífi á afskekktum stöðum. Við hugsum til að tryggja byggð á Laugarvatni.
- Hörð andstaða Samtaka atvinnulífsins við frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um styttingu vinnuvikunnar úr 40 klukkustundum í 35 staðfestir að okkur er ekki ætlað að vinna til að lifa, við lifum til að vinna.
- Þrjár fyrirsagnir á forsíðu Vísis í einni og sömu klósettferðinni segja allt sem segja þarf: „HB Grandi hagnaðist um 6,5 milljarða“ – „Hagnaður Arion 49 milljarðar í fyrra“ – „Stjórn VÍS vill greiða eigendum 5 milljarða í arð“.

Landbúnaðarkerfið, byggðakerfið, fiskveiðistjórnunarkerfið, bankakerfið, tryggingakerfið, hið kapítalíska kerfi ... Við lifum í þeirri trú að þessi kerfi séu til fyrir okkur. Því er hins vegar öfugt farið. Okkur er ekki ætlað að klæðast sokkum til að halda á okkur hita heldur til að viðhalda markaðskerfinu. Við setjum ekki mjólk út í kaffi af því að án hennar er það biturt heldur til að tryggja að í afdal geti bóndi mjólkað belju með eins óhagkvæmum hætti og mögulegt er. Við vinnum ekki til að auka eigin hag og hamingju heldur til að auka hagvöxt.

Kæri lesandi, þú hefðir átt að velja bláu pilluna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG ÁBYRGÐARSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

CITROËN

FÁÐU ÞÉR RÁÐLAGÐAN DAGSKAMMT AF C3

CITROËN C3 SEDUCTION

VERÐ FRÁ

2.390.000 KR.

ÞÚ FÆRÐ GLÆSILEGAN KAUPAUKA AÐ VERÐMÆTI

200.000 KR.

- Nokian vetrardekk og sumardekk í skottið
- Nálægðarskynjarar að aftan
- Bakkmyndavél
- 7" snertiskjár
- Bluetooth
- USB og AUX tengi



INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

Ef Citroën C3 væri vítamín væri ráðlagður dagskammtur einfaldlega að njóta hans sem mest. Þægindi á borð við 7" snertiskjá, sérstaklega mjúk fjöðrun, framúrskarandi hljóðeinangrun, bakkmyndavél og Bluetooth gera aksturinn afslappaðan og ánægjulegan.

Það sem meira er, C3 er búinn nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða PureTech bensínvélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C3 er augnayndi hvar sem á hann er litið. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Allir sáttir – en um hvað?

Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Á síðustu áratugum hafa orðið stórstígar framfarir í aðkomu náttúruverndarsjónarmiða að skipulagi og framkvæmdum. Sjálft skipulagsferlið, aðkoma og umsagnarréttur almennings hefur batnað m.a. með tilkomu sjálfstæðra úrskurðarnefnda. Rammaáætlun er dæmi um ferli, þar sem þegar á áætlunarstigi er reynt að greina meginþætti í áhrifum skipulags og framkvæmda og veita almennan aðgang að og möguleika til umsagnar. Eftir rammaáætlun tekur síðan við umhverfismat framkvæmda og ákvörðun um að fá að reisa og reka virkjun er háð mörgum leyfum svo sem framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins, starfsleyfi heilbrigðisnefndar og virkjunarleyfi Orkustofnunar svo dæmi séu tekin.

Stjórnsýsla sem bregst við erfiðum málum með því að kippa þeim út úr hinu eðlilega stjórnsýslulega ferli og stinga þeim niður í skúffu er ekki vanda sínum vaxin. Hlutverk verkefnisstjórnar rammaáætlunar er að stjórna ferli þar sem allir virkjanakostir eru greindir af faghópum og flokkaðir í tillögu, sem síðan er kynnt í umsagnarferli þar sem allir hafa aðkomu. Ráðherra leggur síðan þingsályktunartillögu fyrir alþingi til umfjöllunar og ákvörðunar. Með því að hafna því að taka virkjanakost til meðferðar er verkefnisstjórnin að koma í veg fyrir faglega umfjöllun faghópa, aðkomu fólks og fyrirtækja að umsagnarferlinu og síðast en ekki síst alþingis Íslendinga. Slíkt valdarán fámennrar klíku þekkist sem betur fer ekki í okkar heimshluta og engar líkur á að löggjafinn hafi haft slíkt í huga þegar lög um rammaáætlun voru sett.

Það var frá upphafi veikleiki í starfi verkefnisstjórnarinnar, að staða hennar og ábyrgð innan stjórnsýslunnar var ekki vel skilgreind. Orkustofnun hefur frá upphafi gert athugasemdir við vinnulag verkefnisstjórnar.

Fyrstu tillögur að starfsreglum verkefnisstjórnarinnar voru mjög í rétta átt en voru ekki nægilega skýrar til þess að taka af öll tvímæli í þeim atriðum, sem ágreiningur var um. Þær bárust ekki Orkustofnun til umsagnar og því hafði stofnunin ekki möguleika á að koma með sínar athugsemdir áður en þær voru gefnar út.

Án afskipta Orkustofnunar

Í grein Snorra Baldurssonar í Fréttablaðinu 23. febrúar hafnar hann því að þau drög að reglum sem nú liggja fyrir séu „samkvæmt bókstaf og anda rammaáætlunarlaga“. Hann vitnar réttilega í athugasemdir með frumvarpinu, þar sem segir, að þau útiloki ekki að virkjanakostir í verndar- og nýtingarflokki geti flust í aðra flokka, en hans eigin ályktun þar virðist samt vera að það eigi að vera útilokað. Hann ætlar það vald sem Orkustofnun sé falið að skikka verk-

Í raun snýst málið um að menn geti haft gerólík sjónarmið en geti verið sammála um að halda lögin, viðhafa góða stjórnsýsluhætti og vinna af heilindum að upplýstum ákvörðunum í opnu og lýðræðislegu ferli.

efnisstjórnina til þess að endurmeta svæði sem ber að friðlýsa að lögum. Orkustofnun skikkar ekki verkefnisstjórnina til eins eða neins. Það er einfaldlega samkvæmt lögunum hlutverk verkefnisstjórnar að fjalla um þau verkefni sem til hennar berast með faglegum hætti og skila tillögum áfram til ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála. Umfjöllun og niðurstaða verkefnisstjórnarinnar er algjörlega án afskipta Orkustofnunar. Ef verkefnisstjórn ákveður að stinga málum niður í skúffu og útiloka þau frá áframhaldandi umfjöllun til þess bærra aðila er hún hins vegar að taka sér vald sem ekki verður séð að hafi stoð í lögunum.

Lögin gera í ákvæði um verndarflokk greinarmun á virkjunarkostum sem ekki er rétt að ráðast í og landsvæðum sem ástæða er talin til þess að friðlýsa. Að mati Orkustofnunar er því í mörgum tilfellum nauðsynlegt að endurvinna matið út frá nákvæmari skilgreiningu á svæðismörkum. Ef virkjanakostur sem slíkur er settur í verndarflokk án þess að tilgreina sérstaklega það svæði sem nýtur verndar hlýtur það að skoðast sem ábending um að mögulega geti aðrar útfærslur virkjunar komið til greina.

Annars hittir Snorri Baldursson naglann á höfuðið í sinni grein þegar hann talar annars vegar um sátt Landsvirkjunar og hins vegar um sátt Landverndar. Í raun snýst málið um að menn geti haft gerólík sjónarmið en geti verið sammála um að halda lögin, viðhafa góða stjórnsýsluhætti og vinna af heilindum að upplýstum ákvörðunum í opnu og lýðræðislegu ferli.

101 Popúlismi Fréttablaðsins

Haraldur Einarsson
þingmaður Framsóknar og íþróttamaður

Laugarvatn hefur verið byggt upp sem menntaþorp, þekkingarsamfélag. Því miður virðast margir ekki bera nokkra virðingu fyrir því.

Leiðari Fréttablaðsins 25. febrúar undirstrikar þekkingarleysi á málefnum Laugarvatns og að höfundur hefur einungis kynnt sér 101-hlið málsins. Háskóli Íslands er sjálfstæð stofnun en er ekki hafin yfir gagnrýni. Sérstaklega ekki af hálfu þeirra sem veittu Háskólanum 12,5 milljarða króna í síðustu fjárlögum. Þingmenn Suðurkjördæmis, sem og margir aðrir þingmenn, vilja bjóða upp á nám á Laugarvatni eins og hefur reyndar verið boðið upp á síðastliðin 84 ár. Gagnrýni á ákvörðun Háskólans er því ekki einhver popúlismi. Þetta snýst um mikið áfall fyrir litla byggð úti á landi, sem er samofin háskólasamfélaginu og byggir að stórum hluta sína starfsemi í kringum Háskólann og fékk engan fyrirvara. Námið á Laugarvatni er hluti af merkri menntasögu landsins. Laugarvatn hefur verið byggt upp sem menntaþorp, þekkingarsamfélag. Því miður virðast margir ekki bera nokkra virðingu fyrir því. Ákvörðunin um að loka á þessa merku sögu er áfall, ekki bara fyrir Laugarvatn heldur fyrir landið allt.

Nemendur, núverandi og fyrrverandi, vilja halda náminu á Laugarvatni. Stjórnendur vilja breyta náminu til að tryggja aukinn áhuga sem og að aðlaga námið að breyttum áherslum samfélagsins. Háskólinn hefur ekki sinnt viðhaldi á fasteignum skólans á Laugarvatni undanfarin ár. Ekkert samtal var við fjárveitingavaldið til að koma til móts við Laugarvatn. Reiknireglan fyrir Laugarvatn miðast við að námið sé í Reykjavík. Allt þetta er gagnrýnivert en ekki popúlismi. Sérstaklega í ljósi þess að mikill stuðningur er við háskólanám í háskólaþorpinu Laugarvatni.

Fækkun nemenda hefur verið töluverð frá árinu 2010, eða frá því að námið var lengt úr þremur árum í fimm. Fækkunin hefur þó ekki verið meiri í íþróttanámi en öðru kennaranámi. Aðrar kennaragreinar hafa komið verr út en íþróttakennaranám, þrátt fyrir að vera kenndar í höfuðborginni. Háskólinn hefur ekki gert greiningu á þessari fækkun hjá menntavísindasviði. Ljóst er því að fækkunin hefur ekkert með staðsetninguna að gera heldur kerfisbreytingar á kennaranámi almennt.

Málamyndagjörningur

Markmiðið var aldrei af hálfu Háskólans að halda náminu á Laugarvatni. Annars hefði verið ráðist í breytingar og eflingu á náminu á Laugarvatni líkt og gert var við leikskólakennaranám þegar skráning þar var hvað verst. Það var mikill áhugi heimamanna og velunnara námsins að fara í öfluga kynningu á náminu. Auðvitað hefði átt að vera í gangi alvöru samtal við Alþingi, Bláskógabyggð og háskólafélag Suðurlands, en ekki byrjað á því daginn eftir að ákvörðun Háskólaráðs var frestað, þó það hafi bara verið málamyndagjörningur.

Það er alfarið rangt hjá leiðarahöfundi að það sé einungis hægt að stunda íþróttakennaranám á Laugarvatni. Höfundur ætti að athuga heimasíðu Háskóla Reykjavíkur og endurskrifa greinina. Núna hins vegar verður ekki hægt að stunda íþróttakennaranám á landsbyggðinni. Einnig fer leiðarahöfundur ranglega með gæði náms á Laugarvatni, þar ætti hún að tala við rektor sjálfan enda námið mjög gott og mikil ánægja með það.

Ég fullyrði að nánast allir á Alþingi vilji stuðla að námi úti á landi samhliða uppbyggingu náms í höfuðborginni. Það virðist hins vegar ekki vera hægt í samstarfi við Háskóla Íslands. Háskólinn hefur rofið sátt um að Háskólinn eigi að vera Háskóli allra landsmanna.

Fréttamenn eiga að vera gagnrýnir á ákvarðanir og upplýsandi, ekki gagnrýnir á einstaka stjórnmálaflokka og taka afstöðu með eða á móti ákvörðunum. Það taldi ég vera markmiðið eða er markmiðið 101 Popúlismi?

ÚRVAL ÚTSÝN

FJÖLSKYLDAN FÆR ALLT AÐ 100.000 KR LÆKKUN!

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 5 STJÖRNU BAOBAB RESORT Á KANARÍ. FJÖLSKYLDUHERBERGI MEÐ HÁLFU FÆÐI 109.900 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 3 BÖRN Í JÚLÍ. VERÐ ÁÐUR 129.900 KR. Á MANN.

LÆKKUM SÓLARPAKKA UM ALLT AÐ 20.000 KRÓNUR Á MANN Á BROTTFÖRUM Í JÚNÍ, JÚLÍ& ÁGÚST. BÓKAÐU SÓLRÍKT SUMARFRÍ TIL MALLORCA, KANARÍ, ALMERÍA, TENERIFE, ALBÍR OG BENIDORM Á FRÁBÆRU VERÐI. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI YKKUR Í HLÍÐASMÁRA 19.

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 27. FEB. KL. 11-16

BÓKANLEGT DAGANA 25. FEBRÚAR – 3. MARS BOTTFARIR Í ALLT SUMAR, FLEIRI VERÐDÆMI Á UU.IS

AQUALAND
ÞEIR SEM BÓKA Á SOL ALCUDIA CENTER FRÁ FÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

MALLORCA

Sol Alcudia
SOL ALCUDIA CENTER ★★★
Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Strönd 150 m

31. maí – 7. júní. 2016
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 85.400 kr.

LÆKKAÐ VERÐ **73.500 KR.***
VERÐ ÁÐUR 83.500 kr.

KANARÍ

Enska ströndin
BARBACAN SOL ★★★★
Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Strönd 1,5 km

6. – 13. júlí. 2016
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 109.500 kr.

LÆKKAÐ VERÐ **69.900 KR.***
VERÐ ÁÐUR 89.900 kr.

ALMERÍA

Roquetas de Mar
ARENA CENTER ★★★★
Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Strönd 300 m

2.–9. júní. 2016
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 76.900 kr.

LÆKKAÐ VERÐ **59.900 KR.***
VERÐ ÁÐUR 69.900 kr.

*Afsl. Gildir aðeins með nýjum bókunum.

12.–24. MAÍ 2016

GRÍSKU EYJARNAR **RÓM & AÞENA**

Einstök ferð þar sem siglt verður með Royal Princess sem er fimm stjörnu lúxus skip. Fararstjóri: Hjálmar Jónsson.

VERÐ FRÁ **499.900 KR.**
á mann í innri klefa.

NÁNAR Á UU.IS

4.–8. MAÍ 2016 UPPSTIGNINGARDAGUR

UNGVERJALAND **BÚDAPEST**

Helgarferð til Budapest er tilvalin til að njóta lífsins, borða góðan mat og versla hagstætt. Íslenskur fararstjóri.

VERÐ FRÁ **99.800 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði.

NÁNAR Á UU.IS

10.–17. MAÍ 2016

HJÓLAFERÐ Á **MALLORCA**

Það er magnað að upplifa Mallorca á þessum árstíma því eyjan er undirlögð af hjólreiðafólki. Fararstjórar: María Ögn og Kolbrún Dröfn.

VERÐ FRÁ **219.900 KR.**
á mann í tvíbýli.

NÁNAR Á UU.IS

BROTTFARIR MARS & APRÍL 2016

SPÁNN **PLANTIO GOLF**

Vinsælasti golfstaður Úrvals Útsýnar. Ótakmarkað golf, lúxus íbúðir, allt innifalið, matur & drykkir. Reyndir íslenskir fararsjórar.

VERÐ FRÁ **214.500 KR.**
á mann í tvíbýli ALLT INNIFALIÐ.

NÁNAR Á UU.IS

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

Ómar Ingi magnaður í Valssigri í Höllinni

Tíu marka maður Ómar Ingi Magnússon fór fyrir sóknarleik Vals sem lagði Hauka að velli, 24-22, í undanúrslitum Coca-Cola bikars karla í Laugardalshöllinni í gær. Ómar Ingi skoraði tíu af 24 mörkum Vals í leiknum. Ekki síður mikilvægur var markvörðurinn Hlynur Morthens sem varði átján skot í leiknum, þar af á mörgum mikilvægum augnablikum á lokakafla leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kjörið sigur fyrir fótboltann

Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, var létt þegar ljóst varð að Svisslendingurinn Gianni Infantino hafði betur gegn Sjeik Salman í forsetakjöri Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, í gær.

FÓTBOLTI Svisslendingurinn Gianni Infantino var í gær kjörinn nýr forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, eftir að hafa fengið meirihluta atkvæða í annarri umferð kjörsins. Infantino var með nauma forystu á Sjeik Salman, forseta Knattspyrnusambands Asíu, eftir fyrstu umferðina.

Infantino tekur við starfinu af Sepp Blatter, öðrum Svisslendingi, sem sagði af sér í skugga þeirra spillingarmála sem gegnsýrt hafa alþjóðaknattspyrnuhreyfinguna síðastliðin ár. Blatter hafði gegnt embætti sínu frá 1998 en hefur verið dæmdur í sex ára bann frá afskiptum frá knattspyrnu.

Infantino hefði líklega aldrei boðið sig fram ef Michel Platini, forseti Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, hefði ekki hlotið sama dóm og Blatter. Infantino var framkvæmdastjóri UEFA og því hægri hönd Platini þar.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, lýsti yfir stuðningi við Infantino í samtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði og var augljóslega létt þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

„Þetta var sigur fyrir fótboltann," sagði hann. „Sá maður er vandfundinn sem er betur inni í öllum þeim málum sem snerta fótboltann og hann getur strax byrjað að láta til sín taka. Hann þekkir leiðina áfram."

> Ég fyllist mikilli von og er viss um að FIFA komist fljótt aftur í réttan farveg.
>
> Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

Fyrr um daginn voru róttækar umbætur samþykktar á þinginu sem eiga að miða að því að endurreisa traust gagnvart FIFA eftir þá erfiðleika sem dunið hafa á sambandinu síðustu ár vegna víðtækra spillingarmála fyrirmanna í knattspyrnuheiminum.

„Að þessar breytingar hafi verið samþykktar var ekki síður mikilvægt en kjör Infantino. Hann er svo rétti maðurinn til að hrinda þeim í framkvæmd og koma FIFA í réttan farveg á ný."

Geir segir að Infantino sé rétti maðurinn til að vera í forgrunni fyrir knattspyrnuhreyfinguna. „Hann er mikill tungumálamaður, getur talað við alla og kemur afar vel fram. Það fer mjög gott orð af honum eftir störf hans hjá UEFA. Hann er mjög þægilegur í viðmóti, er ekki uppskrúfaður og þekktur sem heiðarlegur og ábyggilegur. Hann er sannur fulltrúi fótboltans."

Meðal þess sem ný lög kveða á um er að nýtt svokallað FIFA-ráð mun koma í stað framkvæmdastjórnar sambandsins og að forseti geti ekki setið lengur í embætti en í þrjú kjörtímabil. En Geir telur að Infantino sé hárrétti maðurinn til að koma breytingunum sem voru samþykktar í gær í framkvæmd. „Ég fyllist mikilli von og er viss um að FIFA komist fljótt aftur í réttan farveg."

eirikur@frettabladid.is

Rauði krossinn

Aðalfundur

Rauða krossins í Mosfellsbæ verður haldinn mánudaginn 14. mars kl. 18:00 í húsnæði deildarinnar að Þverholti 7, Mosfellsbæ

Dagskrá fundarins er hefðbundinn samkvæmt 20.gr. laga Rauða krossins á Íslandi og er hún eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla um starf deildarinnar.
3. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.
5. Innsendar tillögur.
6. Kosning deildarstjórnar.
7. Kosning skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning. Kosningarétt hafa þeir sem greiddu félagsgjaldið fyrir 1. janúar 2016.

Stjórnin

Nýjast

Coca-Cola bikar karla

Valur - Haukar 24-22

Markahæstir: Ómar Ingi Magnússon 10/2 (15/2), Guðmundur Hólmar Helgason 4 (11), Elvar Friðriksson 3 (6) – Adam Haukur Baumruk 6 (13), Janus Daði Smárason 6/1 (19/3), Tjörvi Þorgeirsson 3 (5).

Stjarnan - Grótta 25-28

Markahæstir: Ari Magnús Þorgeirsson 6 (12), Starri Friðriksson 5 (8/1) – Finnur Ingi Stefánsson 6/1 (7/1), Daði Laxdal Gautason 6 (9), Aron Dagur Pálsson 5 (6), Viggó Kristjánsson 5 (7).

Grótta var með yfirhöndina lengst af gegn Stjörnunni, topplið 1. deildar karla, og sigldi sigrinum í höfn með góðri frammistöðu í síðari hálfleik. Grótta á því lið í báðum bikarúrslitaleikjum dagsins.

Domino's-deild karla

Keflavík - Tindastóll 82-86

Stigahæstir: Jerome Hill 20/12 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 15/5 fráköst, Guðmundur Jónsson 14, Valur Orri Valsson 11/5 fráköst/5 stoðsendingar – Darrel Keith Lewis 22/8 fráköst, Myron Dempsey 19/13 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 18, Pétur Rúnar Birgisson 12/5 stoðsendingar.

Tindastóll gerði góða ferð til Keflavíkur en var þó nærri því að glutra niður nærri 30 stiga forystu í síðari hálfleik. Stólarnir byrjuðu frábærlega en hleyptu Keflvíkingum aftur inn í leikinn um miðjan þriðja leikhluta. Tindastóll komst í 22 stig með sigrinum og er í 5.-7. sæti ásamt Njarðvík og Þór. Tap Keflavíkur þýðir einnig að það er nú nánast formsatriði fyrir KR að tryggja sér deildarmeistaratitilinn.

Haukar - Þór Þ. 86-62

Stigahæstir: Brandon Mobley 32/9 fráköst, Kári Jónsson 19/5 fráköst/5 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 12/8 fráköst, Haukur Óskarsson 10/7 fráköst/5 stoðsendingar/6 stolnir – Ragnar Ágúst Nathanaelsson 17/12 fráköst/3 varin skot, Vance Michael Hall 12/6 fráköst, Þorsteinn Már Ragnarsson 10/5 fráköst.

Haukar komust upp í fjórða sætið á kostnað Þórs eftir sigur í leik liðanna á Ásvöllum. Þetta var fimmti sigur Hauka í röð sem með þessu áframhaldi tryggja sér heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Efri hluti		Neðri hluti	
KR	32	Njarðvík	22
Keflavík	26	Snæfell	16
Stjarnan	26	Grindavík	16
Haukar	24	ÍR	10
Þór Þorl.	22	FSu	6
Tindastóll	22	Höttur	6

Í dag

12.35	West Ham - Sunderl.	Sport2
14.30	Wolfsburg - Bayern	Sport6
14.50	Southamp. - Chelsea	Sport2
14.55	Real Madrid - Atlético	Sport
16.10	Flensb. - Veszprém	Sport4
17.20	WBA - C. Palace	Sport2
18.00	Honda Classic	Golfstöðin
21.00	UFC: Silva vs Bisping	Sport
13.30	Stjarnan - Grótta	Höllin
16.00	Valur- Grótta	Höllin

Á morgun

13.50	Man. Utd. - Arsenal	Sport2
13.50	Tottenham - Swansea	Sport3
13.55	Udinese - Verona	Sport
14.30	Augsburg - Mönch.gl.	Sport4
16.15	Liverpool - Man. City	Sport/2
15.50	Chelsea - Man. City	Sport
18.00	Honda Classic	Golfstöðin
18.25	Löwen - Kolding	Sport4
19.25	Barcelona - Sevilla	Sport
14.00	FH - Þór	Akraneshöllin
19.15	Hamar - Snæfell	Hveragerði
19.15	Valur - Keflavík	Valshöllin

VEITINGASTAÐIR ICELANDAIR HÓTELA ERU FREMSTIR
MEÐAL JAFNINGJA Á FOOD AND FUN Í ÁR

Food & Fun

2.-6. mars

Renee Fagerhøi

Jacob Holmström

Jesse Miller

Renee Fagerhøi frá Kalas og Canasta í Þrándheimi verður á Satt. Renee er stjörnukokkur úr Norway's Top Chef og sameinar gamlar hefðir við nútímalega nálgun og hráefni úr nærumhverfi undir nettum japönskum áhrifum.

Jacob Holmström af Michelin veitingastaðnum Gastrologik í Stokkhólmi heimsækir VOX. Gastrologik er nýnorrænn veitingastaður þar sem unnið er náið með bændum og leitin að úrvalshráefni úr náttúrunni skiptir jafnmiklu máli og töfrarnir í eldhúsinu.

Jesse Miller frá Bar Pilar í Washington verður á Slippbarnum með matseðil sem er í senn einfaldur og ævintýralegur. Þar sem Slippbarinn er Slippbarinn kemur Jesse með fylgilið með sér, tvo kokteilbarþjóna og plötusnúð.

satt

Lystauki
Stökk grísaeyru
Grásleppuhrogn og skyr

Fyrsti réttur
Marinn humartartar, brúnað smjör og miso-gljái, með hafþyrnisberjum, sölva- og beltisþaradufti, steiktu brauði og vatnakarsa

Annar réttur
Hey reyktur skötuselur í sveppa-dashi með sýrðum sveppum, ostru- og steinseljukremi og grænu blaðgrænmeti

Aðalréttur
Lambahryggvöðvi og blóðmör með káli í ýmsum útgáfum, hnúðkáli, steiktu byggi og lambasoðgljáa

Eftirréttur
Mjúkur súkkulaðibúðingur og gerís með rúg- og maltkexi og bláberjum

Verð 8.500 á mann
eða 13.800 með sérvöldum vínum

Borðapantanir í síma: 444 4050
eða satt@sattrestaurant.is

VOX RESTAURANT

Dashi
Bleikja, þang, hrogn, broddur

Harpa og spekk
Íslensk hörpuskel og léttreykt grísaspekk í skelfisksoði

Kartöflur og egg
Gerjaðar kartöflur, kornhænuegg, brúnað smjör, lagarsíldarhrogn

Lamb
Lambabógur og -hjarta á seljurótarblaði, piparrót, laukur

Grasker og hafþyrniber

Skyr, mjólk og sýrður rjómi

Verð 8.500 kr. á mann
eða 17.900 með sérvöldum vínum

Borðapantanir í síma: 444 5050
www.vox@vox.is

SLIPPBARINN

Lystauki
Rófu-burrata, engifer-hunang, dill

Fjölskylduplattar
Hörpuskelja-ceviche, kókosvatn, óþroskað mangó, kóríander, dashi-flögur

Reykt foie gras frauð, 18 tíma ristað brauð, krækiberja- og portvínshlaup, radísur, steiktur skalottlaukur

Beltisþaraleginn þorskur, piparrótar-gremolada, reykt soja og roðflögur

Aðalréttur
Brasserað lamb, þeytt epla- og beinmergssmjör, mysunæpa, sýrð epli, fennel-kimchi

Eftirréttur
Dökk súkkulaðiterrína, chilli- og kaffikrem, glóðaðir sykurpúðar, beikonsulta, pekanhnetukex

Verð 8.500 kr. á mann

Borðapantanir í síma: 560 8080
eða slippbarinn@icehotels.is

PANTIÐ BORÐ STRAX. SÍÐAST KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU.

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
27. FEBRÚAR 2016 LAUGARDAGUR

Á heimsdeginum eru ýmsar smiðjur í boði þar sem meðal annars verður hægt að gera víkingabúninga, sverð og skartgripi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Víkingaþema á heimsdeginum

Fjölbreytt dagskrá er í boði í menningarhúsum Borgarbókasafnsins í dag. Þemað er víkingar og geta börnin sótt skemmtilegar smiðjur þar sem meðal annars verður hægt að búa til búninga, skartgripi og vopn í anda víkinga.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

„Við viljum bjóða alla velkomna á bókasafnið," segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu. Í dag verður Heimsdagurinn haldinn hátíðlegur í menningarhúsum Borgarbókasafnsins í Gerðubergi, Spönginni, Kringlunni og Sólheimum.

Heimsdagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2005 og frá upphafi hefur hann snúist um að kynnast mismunandi menningarheimum. " Mikil áhersla er lögð á að þýða dagskrána á mörg tungumál og að börn af öllum þjóðernum geti tekið þátt og fái að kynnast því sem Borgarbókasafnið hefur upp á að bjóða," segir Hólmfríður.

> VIÐ VILJUM BJÓÐA ALLA VELKOMNA Á BÓKASAFNIÐ.

Í ár er víkingaþema en í fyrra voru skuggalegri verur á sveimi eins og vampírur og furðugæludýr. Börnin geta komið og lært um víkinga en einnig fengið að klæðast sem slíkir.

Sextán smiðjur verða í boði, dreifðar á söfnin fjögur og fjölmargt skemmtilegt á dagskrá fyrir alla aldurshópa. „Það verður hægt að búa til búninga, sverð, hjálma, fá bardagagreiðslur og búa til víkingavinabönd," segir Hólmfríður. Skuggasmiðju, rúnaritun og skartgripagerð í anda víkinga verður einnig í boði. Krakkarnir geta síðan fengið ljósmyndir af sér í víkingabúningunum. Heimsdagurinn hefst klukkan 13 og stendur til 16. Nánari upplýsingar um dagskrá á hverju safni er að finna inn á borgarbokasafn.is.

Hvað á að gera um helgina?

FARÐU

á tónleika með hljómsveitinni FM Belfast á laugardag bjórhátíðinni sem haldin er á Kexi hosteli. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.

Áslaug Guðrúnardóttir, kynningarstjóri

SKÍÐAR Á AKUREYRI

„Ég er svo heppin að fá að verja helginni á Akureyri á skíðum með fjölskyldunni minni og átta öðrum frábærum fjölskyldum. Fyrst ég verð fyrir norðan ætla ég að nota tækifærið og hengja upp glæný og gullfalleg plaköt til þess að minna Norðlendinga á einstaka Kjarvalssýningu á Kjarvalsstöðum."

HORFÐU

á bíómyndir. Stockfish Film Festival er í gangi fram á sunnudag í Bíó Paradís og á hátíðinni er sýndar mikið af frábærum kvikmyndum.

Sólmundur Hólm, útvarpsmaður og eftirherma

SKÍÐI OG GAMLIR BRANDARAR

„Í dag verð ég í útvarpinu á Rás 2 eins og vanalega með þáttinn minn Svart og sykurlaust. Um kvöldið er ég að veislustýra á árshátíð Þjóðminjasafnsins þar sem ég verð með gamla brandara í takt við muni safnsins. Á sunnudaginn kemst ég vonandi á skíði."

LESTU

bókina Undirgefni eftir franska rithöfundinn Michel Houllebecq. Bókin fékk fimm stjörnur í Fréttablaðinu í vikunni.

Rúnar Freyr Gíslason, leikari

VEISLUSTJÓRN OG AFSLÖPPUN

„Við Logi Bergmann verðum með Bakaríið á laugardagsmorgun og erum svo veislustjórar hjá Marel um kvöldið. Sunnudagurinn verður svo afslappelsi með fjölskyldunni."

HLUSTAÐU

á hljómsveitina Muse sem boðað hefur komu sína til landsins næsta sumar.

Fiskislóð 10
625 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á vinsælu svæði nálægt höfninni. Nýr sérinngangur á austurhlið væntanlegur. Möguleiki á að innrétta eftir þörfum leigutaka.

Lágmúli 9, 395 m²
6. hæð í lyftuhúsi

Til leigu bjart og fallegt skrifstofuhúsnæði á 6. hæð með sérlega fallegu útsýni. Hæðin hefur nýlega verið endurnýjuð.

Hátún 2b
365 m² á 2. hæð

Vandaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika

Höfðabakki 9
416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði í glæsilegri byggingu á 5. hæð. Möguleiki á að innrétta og endurnýja eftir þörfum leigutaka.

TIL LEIGU

Allar nánari upplýsingar, myndir og teikningar, má nálgast á **www.reitir.is** og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **28. febrúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1.998 kr. kg

Kjarnafæði Lambakótilettur
Í raspi, frosnar

Ali

ÓDÝR OG GÓÐ HELGARSTEIK

598 kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur

ROÐ- OG BEINHREINSAÐIR

998 kr. kg

Norðanfiskur Þorskbitar
Roð- og beinlausir, frosnir

NÝTT VISA KORTATÍMABIL

2.098 kr. kg

Bónus 100% Kjúklingabringur
Ferskar, ekkert viðbætt vatn

1.898 kr. kg

Kjörfugl Kjúklingabringur
Ferskar

698 kr. kg

Kjörfugl Kjúklingur
Ferskur, heill

298 kr. 1 kg

Bónus Tröllahafrar
1 kg

498 kr. 3x250 ml

Hámark Próteindrykkur
3x250 ml

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

2.998 kr. kg

Íslandslamb Lambaprime
Ferskt

3.898 kr. kg

Íslandslamb Lambafillet
Ferskt

1.479 kr. 500 g

Bláber, fersk, 500 g

698 kr. 400 g

Calinda Jarðarber,
Spánn, fersk, 400 g

LÍFRÆNAR GULRÆTUR

459 kr. 800 g

Gulrætur, lífrænar
Danmörk, 800 g

398 kr. 4 stk.

Pink Lady Epli
700 g, 4 stk. í pakka

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Ágústa segist alltaf hafa laðast að fólki sem er aðeins á jaðrinum. Sjálf er hún líka óhrædd við að fara óhefðbundnar leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leitaði uppi kannabisræktanir

Ágústa Eva segir frá vöktunum með fíkniefnadeild lögreglunnar. Hún segir samkeppnina í leikhúsunum mikla og að stundum verði baknag. Hún ræðir breytingar á einkalífi sínu og af hverju hún sagði upp í Þjóðleikhúsinu.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Ég trúi svo mikið á genamengið okkar. Að fólk lifi í manni, foreldrar manns og fólkið sem maður hittir, en líka fólkið sem maður hittir ekki. Ég finn svo sterkt fyrir þessu. Sama hvað samfélagið er að segja þér að þú eigir að vera að gera eða hvað þér á að finnast, þá veistu alltaf hvað er best fyrir þig, í hjartanu," segir Ágústa Eva Erlendsdóttir, leik- og söngkona og dómari í Ísland Got Talent.

Sýningum er nú lokið á Línu Langsokk, þar sem Ágústa lék titilhlutverkið. Hún er búin að lofa sér í fjórar bíómyndir á næsta ári og í næstu viku hefjast beinar útsendingar frá hæfileikakeppninni Ísland Got Talent, en Ágústa er líkt og flestir vita einn dómaranna í þáttunum. Þrátt fyrir að hafa ýmislegt á prjónunum kallar Ágústa tímann núna lognið á undan storminum. „Ég er að reyna að búa mér til smá speis. Fara í smá frí, því ég hef ekki gert það í mörg ár. Svo fer allt á fullt aftur í vor og ég vil vera í stuði þá."

Rammpólitískur bardagamaður

Ágústa, sem ólst upp í Hveragerði, segist frá unga aldri hafa laðast að fólki með sterkan persónuleika, fólki sem var aðeins öðruvísi en aðrir. „Ég fíla fólk sem er ekki eins og allir hinir. Ef við umgöngumst bara fólk sem er sammála okkur, þá lærir maður aldrei neitt. Ég dýrka fólk sem er ekki alveg samfélagslega samþykkt – segir hluti sem það á ekki að segja eða klæðir sig eins og það á ekki að klæða sig. Ég hef alltaf laðast að fólki sem er aðeins á jaðrinum."

> ÞEIR VISSU NÁTTÚRULEGA EKKI AÐ ÉG VÆRI ÞARNA Á VAKT MEÐ FÍKNÓ, ÞANNIG AÐ ÉG LÉT LÖGREGLUMENNINA HANDTAKA MIG ÚTI Á MIÐJU GÓLFI EINS OG VÆRI VERIÐ AÐ BÖSTA MIG FYRIR ÞESSA RÆKTUN.

Sjálf er Ágústa Eva sennilega aðeins á jaðrinum, hefur allavega gert marga þá hluti sem aðra dreymir um að gera. Hún hefur tekið þátt í Eurovision, leikið í dansleikjum og gangster-bíómyndum, barnaefni og komið fram á tónleikum með sumum þekktustu tónlistarmönnum landsins. Hún er rammpólitískur bardagaíþróttamaður í Mjölni sem segist ekki fylgjast með fréttum.

„Ólafur Ragnar Grímsson er til dæmis einn af þessum sterku karakterum. Það sýndi sig þegar hann neitaði að skrifa undir Icesave. Ég mætti til þess að mótmæla að við skrifuðum undir samninginn alla daga, í geðveikt miklum kulda. Ég fíla svona. Fíla svona lið sem er óhrætt við að taka ákvarðanir og fylgja sannfæringu sinni. Ég er samt ekki framsóknarmaður, eins og einhver fréttamaður skrifaði um mig um daginn. Ég fylgist ekki mikið með fréttum."

Sniffaði eftir kannabis

Skemmtilegast og áhugaverðast af öllu finnst Ágústu Evu að villa á sér heimildir, eins og hún kallar það.

„Mér fannst geðveikt gaman til dæmis í undirbúningi fyrir tökur á Borgríki. Þá fékk ég að fara á vaktir með fíkniefnadeild lögreglunnar. Ég lifði mig svo mikið inn í það og það var svo gaman. Á þessum tíma var líka hrina af kannabisræktunarböstum, og við vorum að leita og sniffa eftir kannabis úti á götu. Í eitt skiptið komu nokkrir kvikmynda-

gerðarmenn sem voru að taka upp innslag úr einu böstinu fyrir sjónvarpið. Ég þekkti þá alla og hafði unnið með þeim. Þeir vissu náttúrulega ekki að ég væri þarna á vakt með fíknó, þannig að ég lét lögreglumennina handtaka mig úti á miðju gólfi eins og væri verið að bösta mig fyrir þessa ræktun," segir Ágústa og hlær. „Gaukur Úlfarsson vinur minn, sem gerði með mér Silvíu Nótt, var þarna að taka upp, hann fölnaði allur og hristist þegar hann sá mig í járnum inni á miðju gólfi."

Ágústu fannst svo gaman með fíknó að hún íhugaði alvarlega að skipta um starfsferil. „En þá hefði ég ekki getað verið „undercover" vegna þess að ég þekkist, væntanlega," segir Ágústa og hlær.

Fílaði aldrei Eurovision

Silvía Nótt er annað dæmi. Ágústa segist hafa klúðrað því hlutverki að lokum. „En okkur tókst samt að halda henni fjári lengi. Okkur tókst að gera marga ofsalega reiða og jafnvel ringlaða. Ég neita ekki að við sem að þessu stóðum fengum hressilegt kikk út úr því, óvænt kikk. Silvía Nótt var eitt það skemmtilegasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur, algjör rússíbanareið sem endaði með menningarlegu stórslysi fyrir framan alla Evrópu."

Ágústa hlær þegar hún rifjar upp þennan tíma. „Það er fátt verra fyrir íslenska egóið en að tapa í Eurovision. Það er raunar frekar skrýtið að horfa upp á þessi tapsærindi á hverju ári. Það er eiginlega pínlegt."

Fílaðir þú aldrei Eurovision? „Nei. Við Gaukur fíluðum aldrei Eurovision og aldeilis ekki lögin eða þessa menningu. Okkur fannst komið gott af þessu rugli öllu í kringum þessa keppni, þannig að við hleyptum skaðræðistrippinu okkar, Silvíu, inn í hið helga gerði Eurovision og svo iðuðum við í skinninu yfir því hvað myndi gerast. Og svo varð þetta bara gríðskur harmleikur í beinni útsendingu. Fólk gapti alveg yfir Silvíu." Ágústa hlær. Segist vera stolt af litla listaverkinu sem er Silvía Nótt. „Við munum alltaf vera stolt af Silvíu Nótt. Við munum alltaf hugsa til hennar með gleði í hjarta.

Það er náttúrulega þannig með Íslendinga að alltaf einu sinni á ári fyllumst við einhverri svona lúmskri von um að vinna þessa hræðilegu keppni. Hvað er að okkur?" Ágústa hlær.

„En það er þetta með að leika eitthvert hlutverk sem mér fannst svo gaman við Silvíu. Villa á sér heimildir. Þar kem ég líka aðeins inn á þetta með genin. Langafi minn, Jakob, ég finn svo fyrir honum þó við höfum aldrei hist. Hann var svona „double agent". Var í hvítliðahreyfingu á Íslandi og gekk til liðs við nasista í Danmörku. Eftir stríðið var hann svo verðlaunaður í Danmörku, fyrir að hafa verið uppljóstrari um nasistana. Þá var hann allan tímann að segja til þeirra sem hann var mjög náinn og bjargaði þannig fjölda mannslífa."

Sumir heilsa manni ekki

Hún segist engin plön hafa um hvaða stefnu hún ætli að taka í lífinu, önnur en þau að njóta lífsins og fylgja sannfæringunni. Hún hafði aldrei neinar áætlanir um að feta þann veg sem hún hefur gert, fór ekki í leiklistarskóla og sóttist aldrei beint eftir því að verða leikkona. „Og ég verð alveg vör við það að ég er ekki mjög vinsæl meðal sumra í leikhúsbransanum. Samkeppnin er hörð, plássin eru fá og það kemur einhver manneskja sem hefur aldrei beint sóst eftir hlutverkum eða því að leika og fær hlutverk. Ég hef verið kölluð amatör og skemmtikraftur. Sumir heilsa manni ekki. Það er baknag í leikhúsbransanum stundum."

> ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR AÐ ÉG MYNDI FÁ MÉR AÐRA VINNU, FARA FREKAR AÐ VINNA Í BÚÐ EÐA SJOPPU. ALLAVEGA FREKAR EN AÐ HALDA ÞARNA ÁFRAM.

Rugl í Þjóðleikhúsinu

Ágústa Eva var um skamma hríð fastur starfsmaður í Þjóðleikhúsinu. „Það gekk ekki upp. Ég sagði upp. Ég var búin að vera að leika í mörgum sýningum og hafði mikið að gera. Samkvæmt lögum eiga starfsmenn Þjóðleikhússins rétt á einum frídegi í viku, en leikhúsið má kaupa þann dag af þér.

Fjórðu vikuna í röð sem átti að kaupa minn frídag, þá neitaði ég. Þá hótaði framkvæmdastjórinn á þeim tíma, sem nú hefur tekið við starfi þjóðleikhússtjóra, að beita mig neyðarlögum. Það er eitthvert úrræði sem er til í lögum til þess að fá slökkviliðsmenn til að vinna ef það kviknar í Þjóðarbókhlöðunni eða eitthvað álíka. Þetta var rosalega skrýtin upplifun. Ég vil bara vinna við það sem gerir mig hamingjusama og ég var það ekki á þessum tíma. Ég var farin að slasa mig á æfingum, sýna nefbrotin og svona. Þetta var bara orðið algjört rugl."

Af hverju er hún að hringja núna?

Hún ákvað að taka sér frí frá leikhúsinu. „Ég hugsaði með mér að ég myndi fá mér aðra vinnu, fara frekar að vinna í búð eða sjoppu. Allavega frekar en að halda þarna áfram. Þetta var ekki það sem ég vildi gera í lífinu, Þjóðleikhúsið var ekki vinnustaður fyrir mig. En þá hringdi Ágústa Skúladóttir í mig og bað mig að leika Línu Langsokk. Ég hugsaði með mér, oooh, af hverju er hún að hringja núna, þegar ég er búin að ákveða að hætta? En eftir einhverjar þrjár vikur, sem ég hugsaði mig um, þá sagðist ég að sjálfsögðu vilja leika Línu. Geggjað hlutverk og það er ógeðslega gaman að vinna í Borgarleikhúsinu. Þar er algjörlega frábært fólk. Ísland Got Talent er líka ótrúlega skemmtilegt verkefni."

Heilindi og ráðvendni verndi mig því að á þig vona ég...

www.versdagsins.is

Ágústa hætti nýverið með barnsföður sínum. Hún segir þau hafa lært helling hvort af öðru og haldi nú áfram að læra sitt í hvoru lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÉG VERÐ ALVEG VÖR VIÐ ÞAÐ AÐ ÉG ER EKKI MJÖG VINSÆL MEÐAL SUMRA Í LEIKHÚSBRANSANUM. SAMKEPPNIN ER HÖRÐ, PLÁSSIN ERU FÁ OG ÞAÐ KEMUR EINHVER MANNESKJA SEM HEFUR ALDREI BEINT SÓST EFTIR HLUTVERKUM EÐA ÞVÍ AÐ LEIKA OG FÆR HLUTVERK. ÉG HEF VERIÐ KÖLLUÐ AMATÖR OG SKEMMTIKRAFTUR. SUMIR HEILSA MANNI EKKI. ÞAÐ ER BAKNAG Í LEIKHÚSBRANSANUM STUNDUM.

Tryllt að berjast fyrir sínu

Ágústa situr í sæti dómara í hæfileikakeppninni. Ásamt Ágústu eru í dómnefnd Dr. Gunni, Jakob Frímann Magnússon og Marta María Jónasdóttir, á Smartlandi. „Já, þetta er skemmtilegt fólk. Við erum ekkert alltaf sammála og við höfum öll ólík sjónarmið, en það gerir mig bara ennþá trylltari í að berjast fyrir mínu fólki. Við erum öll að verða góðir félagar. Gunni kom til dæmis mest á óvart, hann minnir mig á stóra bróður minn. Hann er mjög fyndinn og góður maður eins og bræður mínir eru báðir. En ég vissi ekki að hann væri svona fyndinn.“

Hún segist spennt fyrir beinu útsendingunum. „Já, sjúklega spennt og stressuð fyrir hönd keppendanna. Því ég veit að þau eru svo stressuð. Sumir karakterarnir sem eru að taka þarna þátt eru svo dásamlegir. Heimsklassafólk. Maður heldur svo mikið með þeim. Kannski er ég orðin svona ástfangin af þessu fólki en mér finnst ég aldrei hafa séð svona mikla talenta. Er með stjörnur í augunum og hlandið í buxunum og er þakklát fyrir að fá að vera hluti af þessu öllu og vera þarna fyrir þau. Þau eru svo einlæg og hæfileikarík.“

Lærði helling af sambandinu

Nýverið festi Ágústa Eva kaup á æskuheimili sínu í Hveragerði ásamt barnsföður sínum, Jóni Viðari, oft kenndum við Mjölni. Þau hafa nú slitið samvistum en Ágústa hyggst halda húsinu í Hveragerði. Þar líður henni eins og hún sé komin heim. „Við Jón Viðar vorum saman í sex ár. Við erum búin að læra helling hvort af öðru. Nú hins vegar höldum við áfram að læra og lifa sitt í hvoru lagi sem þarf ekkert að vera neikvætt. Ég er mjög sátt og lít björtum augum á framtíð okkar beggja og fjölskyldunnar okkar,“ segir Ágústa og heldur áfram.

„Þegar ég var nýflutt inn á æskuheimilið mitt aftur stóð ég út í garði og horfði upp í stjörnuhimininn og ég fékk þessa tilfinningu, eins og þegar maður var barn og heimurinn var svo stór og svo göldróttur, og maður er svo lítill í samanburðinum. Og ég fékk tilfinninguna sem því fylgir að vera komin heim. Mig langar að vera lítil í alheiminum og finna hvað hann er stórkostlegur í stað þess að vera alltaf að gera sig stórkostlegan. Ef maður sér hvað tilveran er stórkostleg, þá líður manni vel og þá er svo miklu auðveldara að vera til. Ég vil bara vera hamingjusöm og gera góða hluti með góðu fólki.“

Skrýtin og brengluð AA-samtök

Ágústa hefur gert margar tilraunir til þess að finna hamingjuna, eins og við flest. Eitt af því sem hún reyndi var að fara í AA-samtökin.

„Ég var engin rosaleg fyllibytta, en ég datt stundum í það á Ölstofunni um helgar. Ég var eitthvað svo uppfull af kvíða og mínum áföllum að ég var að nota áfengi til að deyfa það, eins og ég held að flestir geri. Ég trúi því að áfengi og vímuefni séu bara til að deyfa einhverjar tilfinningar sem eru erfiðar, út úr þeim tilfinningum er hægt að vinna með sannreyndum meðferðum á borð við EMDR og HAM og annað. Ég held að heilasjúkdómurinn alkóhólismi sé ekki til, heldur sé fíkn afleiðing af einhverju sem við verðum fyrir. Ég var í AA-samtökunum í nokkur ár, og fannst það meira að segja ógeðslega gaman. Ég talaði á fundum og allt. En svo bara rann upp fyrir mér að það er ekki minn staður að vera að segja að fólk sé með sjúkdóm og ætla að hjálpa því að losna við hann. Ég veit að AA er gott og vel meinandi í eðli sínu en þetta verður svo skrýtið og brenglað. Þetta gerir eflaust mörgum gott, en fyrir svo marga aðra virkar þetta alls ekki. Þetta gerði mér gott en á sama tíma þá hefti það mig. Það eru hugsanavillur í AA-samtökunum og maður verður að horfast í augu við það. Það að trúa á Guð eða alheimsorkuna eða hvað sem er, það er bara fallegt – en að vera að rugla því saman við áföll og kvíða er bara rugl. Því það er það sem áfengi og vímuefni eru, kvíðalyf. Þú fæðist ekki þannig að þú þurfir að drekka þig í hel. Það er eitthvað sem gerist á leiðinni.“

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2016

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2016. Verðlaun að upphæð 700 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit. Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Úlfhildur Dagsdóttir formaður og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir tilnefndar af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Bjarni Bjarnason tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2016. Utanáskrift:
Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2. hæð, 101 Reykjavík.

Ragnar Helgi Ólafsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2015. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða **fyrir 1. apríl 2016.** Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu.
Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

Silvía Nótt og Ísland Got Talent



Ágústa sló eftirminnilega í gegn í hlutverki Silvíu Nætur sem endaði á að fara í Eurovision fyrir Íslands hönd.

Ágústa kann vel við sig í hlutverki dómara í Ísland Got Talent. Hún segir Dr. Gunna minna sig á stóra bróður sinn.

Hér má sjá dómarateymið í þáttunum, Dr. Gunna Ágústu Evu, Mörtu Maríu og Jakob Frímann Magnússon.

HÚSASMIÐJAN

SPRENGI VIKA

Verkfæri og málning

20%
afsláttur
af ÖLLUM
rafmagnsverkfærum,
handverkfærum, loftverkfærum
verkfæratöskum, garðverkfærum,
stigum og tröppum

Ný og glæsileg DEWALT deild hefur opnað í Skútuvogi og Grafarholti

20%
afsláttur
af
DEWALT
verkfærum

25%
afsláttur
af ALLRI málningu

Blöndum alla liti

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki af "Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar„ eða öðrum tilboðum.

Byggjum á betra verði

www.husa.is

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



11. janúar 2002 voru Guantanamo-fangabúðirnar teknar í notkun og fyrstu fangarnir fluttir þangað.

29. júní 2006 kvað Hæstiréttur Bandaríkjanna upp úrskurð um að sérstakir herdómstólar, sem Bush-stjórnin hafði ætlað að láta dæma í málum Guantanamo-fanganna, stæðust ekki stjórnarskrá Bandaríkjanna.

22. janúar 2009 sagði Barack Obama, þá nýtekinn við embætti forseta, að Guantanamo-búðunum yrði lokað innan eins árs.

Eitt fyrsta verk Baracks Obama í embætti, fyrir meira en sjö árum, var að lýsa yfir því að hinum umdeildu fangabúðum í Guantanamo yrði lokað innan árs. Enn eru þar nærri hundrað fangar í haldi. NORDICPHOTOS/AFP

Mikið í húfi fyrir Obama

Guantanamo-búðunum verður vart lokað á því tæpa ári, sem **Barack Obama** á eftir af ferli sínum sem forseti Bandaríkjanna. Nú í vikunni sendi hann þinginu enn eina áætlunina um lokun þeirra, en fátt er þar nýtt og ágreiningurinn ekkert á förum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur boðað úrslitatilraun til þess að loka fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu. Hann á erfitt um vik, því enginn þingmeirihluti er fyrir því að loka fangabúðunum umdeildu.

Fyrir Obama er hins vegar mikið í húfi, því takist honum ekki að hrinda þessu í framkvæmd mun embættisferill hans til frambúðar markast mjög af þeim vanefndum.

Lokun fangabúðanna var nefnilega eitt af því sem hann hafði lagt hvað mesta áherslu á að gera þegar hann var fyrst kosinn í embætti, og eitt af því fyrsta sem hann tók ákvörðun um að gera eftir að hann var tekinn við embætti.

Meðbyr í upphafi

Til að byrja með virtist allt benda til þess að honum tækist að láta loka þeim. Hann var með nægan meirihluta á þingi til þess. Bæði George W. Bush, forveri hans í forsetaembættinu, og John McCain, sem keppti við hann fyrir hönd repúblikana í forsetakosningunum árið 2008, voru fylgjandi lokun fangabúðanna.

Þar að auki var Demókrataflokkurinn með meirihluta í báðum þingdeildum fyrstu tvö ár Obamas í embættinu.

Nokkrum mánuðum eftir embættistökuna, þann 25. maí árið 2009, hélt Obama ræðu þar sem hann lagði áherslu á nauðsyn þess að loka fangabúðunum.

Þar sagði hann, það sem hann hefur ítrekað endurtekið og endurtók enn á ný nú í vikunni, að Guantanamo-búðirnar tryggi engan veginn öryggi Bandaríkjanna: „Frekar en að auka öryggi okkar þá hafa Guantanamo-búðirnar grafið undan þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Þær eru heróp óvina okkar.“

Grefur undan stöðu Bandaríkjanna

Hann sagði tilveru þessara búða einnig veikja siðferðilega stöðu Bandaríkjanna í heiminum, því Bandaríkjastjórn sé farin að þurfa að verja ástand sem grafi beinlínis undan réttarríkinu.

Hann vildi láta alla lausa, sem óhætt ætti að vera að láta lausa, en flytja hina til Bandaríkjanna þar sem réttað yrði yfir þeim samkvæmt bandarískum lögum.

Stærsta vandann sagði hann þó snúa að þeim hópi fanga, sem þættu hættulegir Bandaríkjunum jafnvel þótt enga glæpi væri hægt að sanna á þá. Obama tók skýrt fram í þessari ræðu, að ekki stæði til að láta þessa fanga lausa. Hann ætlaði að vinna með þinginu að því að finna lausn á þessum vanda, en sú lausn fannst aldrei.

Andstaðan

Frá upphafi mætti hann harðri andstöðu á þingi við áform sín. Það voru ekki bara repúblikanar, sem voru á móti þessu, heldur margir úr röðum demókrata einnig.

Sú andstaða hefur bara magnast. Og þar getur Obama að nokkru sjálfum sér um kennt. Honum hefur ekki tekist að komast að neinni lausn á þeim vandamálum, sem helst flækja málin.

John McCain, sem frá upphafi hefur sagst vera fylgjandi því að búðunum verði lokað, segist ekki sjá að nýja áætlunin breyti neinu: „Það sem við fengum í dag er óljós listi yfir möguleika, ekki trúverðug áætlun um að loka Guantanamo, hvað þá nein skýr stefna varðandi það hvernig á að fara með hryðjuverkamenn sem handteknir verða í framtíðinni.“

Á meðan hírast fangarnir enn í Guantanamo. Hátt í hundrað manns eru þar enn þá. Sumir búnir að vera þar í fjórtán ár án þess að hafa hlotið dóm fyrir nokkurn skapaðan hlut.

Guantanamo-búðirnar hvíla eins og dökkur skuggi yfir ferli Baracks Obama Bandaríkjaforseta, sem nú á aðeins tæpt ár eftir í embættinu. NORDICPHOTOS/AFP

OKKUR BER SKYLDA TIL ÞESS AÐ REYNA.

Njóta ekki fullra mannréttinda

Meira að segja þeir sem hafa verið látnir lausir hafa sumir hverjir í raun ekki fengið fullt frelsi. Þetta á til dæmis við um Úígúrana fjóra, sem á endanum voru sendir til Bermúdaeyja.

Úígúrar eru minnihlutahópur múslima í Xinjang-héraði norðvestan til í Kína, þar sem þeir hafa áratugum saman búið við yfirgang kínverskra stjórnvalda.

Tuttugu og tveir Úígúrar voru handteknir í Afganistan strax árið 2001 og fljótlega fluttir til Guantanamo.

Þegar fram liðu árin kom í ljós að engin ástæða var að hafa þá áfram í haldi í Guantanamo. Ekki þótti samt óhætt að senda þá til Kína, því þar hefði þeim væntanlega ekki verið tekið neitt sérstaklega vel.

Smám saman féllust nokkur ríki á að taka við þeim. Nokkrir fóru til Slóvakíu, nokkrir til Kanada, nokkrir til El Salvador.

Fjórir fóru svo til Bermúda-eyja, þar sem þeir una hag sínum vel en njóta þó ekki þeirra mannréttinda að mega ferðast til annarra landa. Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt þetta fyrirkomulag.

Þetta verður samt áfram eitt af þeim skilyrðum, sem Bandaríkjastjórn mun setja þeim ríkjum sem taka við föngum frá Guantanamo, að því er fram kemur í áætluninni sem kynnt var á þriðjudag: Sumum föngum þurfi til dæmis að neita um vegabréf, auk þess sem yfirvöld þurfi að fylgjast grannt með öllum ferðum þeirra innanlands.

Lagalegt tómarúm

Réttarhöld yfir nokkrum tugum fanga hafa litlu skilað. Í upphafi ætlaði Bush-stjórnin að láta sérstakar dómnefndir á vegum hersins sjá um að dæma í málum fanganna.

Hæstiréttur Bandaríkjanna komst að þeirri niðurstöðu að þessar nefndir standist ekki stjórnarskrá. Obama breytti þá fyrirkomulaginu, en enn þá eru það sérstakar dómnefndir á vegum hersins sem eiga að sjá um að dæma fangana.

Fangarnir voru upphaflega fluttir til Kúbu frekar en til Bandaríkjanna beinlínis til þess að þurfa ekki að veita þeim full réttindi fanga samkvæmt bandarískum lögum. Þar hefðu þeir verið dregnir annaðhvort fyrir venjulega dómstóla eða fyrir herdómstóla.



Obama hefur í raun ekki gert mikið til að fá þessu breytt, en biðlar nú til þingsins um að reyna að minnsta kosti að tala saman um þá áætlun, sem kynnt var í vikunni: „Okkur ber skylda til þess að reyna,“ sagði hann.

Enn sem fyrr vísar hann til þess að fangabúðirnar á Kúbu séu Bandaríkjunum í raun til skammar: „Það er litið á þær sem blett á almennt góðum árangri okkar við að halda uppi ströngustu kröfum réttarríkisins,“ sagði hann í vikunni.

AUKATÓNLEIKAR!
MIÐASALA HAFIN

....LIFUN

TRÚBROT

Öll vinsælustu lög hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verða flutt í Eldborgarsal Hörpu.

Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár.

„Ég fór á föstudaginn var og skemmti mér alveg hreint konunglega. Þetta var hverrar krónu virði og rúmlega það svo ekki sé meira sagt.“

„Frábærir tónleikar, mikill kraftur í hljómsveitinni og Gunnar og Shady flott. Eins og maðurinn sagði, hverrar krónu virði.“

„Mæli sterklega með þessum tónleikum, gæti vel hugsað mér að fara aftur.“

26. MARS / AUKATÓNLEIKAR

Miðasala hafin á tix.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

HARPA DÆGURFLUGAN

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Feðginin Sunna Valdís Sigurðardóttir og Sigurður Hólmar Jóhannesson takast á við erfið verkefni á hverjum degi með jákvæðu hugarfari. Sunna heldur upp á afmælin sín jafnvel þó hún viti að það geti reynst henni mjög erfitt. Það er bara alltaf svo gaman að eiga afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gladlynd stúlka sem má ekki hlæja

Á mánudag er alþjóðlegur dagur tileinkaður sérstökum sjúkdómum. Af því tilefni ræddi Fréttablaðið við föður **Sunnu Valdísar Sigurðardóttur** sem er sú eina á landinu með tauga-sjúkdóminn AHC. Hann segir samtökin Leiðarljós hafa hjálpað fjölskyldunni í gegnum kerfið.

Við köllum hana stundum bómullarhnoðra," segir Sigurður Hólmar Jóhannesson faðir Sunnu Valdísar, sem er tíu ára stúlka með afar sjaldgæfan sjúkdóm. Sjúkdómurinn heitir AHC og er í raun stökkbreyting í geni. Aðeins um 850 manns í heiminum hafa greinst með sjúkdóminn og þar af vita foreldrar Sunnu bara af þremur börnum með sömu stökkbreytingu og Sunna.

Sunna fær krampaköst og lömunarköst flesta daga ársins. Þá fær hún flogaköst um það bil einu sinni í mánuði. Þegar hún var yngri mátti stóla á að hún fengi krampa í einn eða tvo daga í röð en fengi svo frið fyrir köstunum í rúma viku. Árið 2015 fékk hún krampa 320 daga ársins.

Má ekki hlæja

Krömpunum svipar til þeirra sem íþróttafólk fær við ofreynslu. Þeir eru gríðarlega sársaukafullir og taka stundum yfir allan líkamann. Á sama tíma lamast Sunna sem veldur því að í verstu tilfellunum getur hún ekki kyngt eða nærst. Þess á milli, þegar hún er ekki með krampa, reynir Sunna að vera venjulegt barn.

„Það sem triggerar köstin er áreiti. Við erum til dæmis aldrei með útvarp eða sjónvarp í gangi hér heima. Tilfinningaviðbrögð virðast kalla fram köstin líka, eins og hlátur. Hún er alveg rosalega glaðlynd stelpa en má ekki hlæja. Ef hún fær hláturskast þá er alveg pottþétt að hún fær kast," segir Sigurður.

„Það er hrikalega sorglegt. Allt tilfinningalegt hefur áhrif líka, bæði reiði og sorg. Sólarljós og birta geta haft áhrif sem og hiti og kuldi. Við förum ekki í barnaafmæli og ekki í Kringluna eða eitthvað því við getum það bara ekki. Hún fer kannski í heimsókn til ömmu sinnar, en annars förum við lítið."

Köstin hægja á þroska

Sunna er greindarskert og með athyglisbrest. Hún hefur ekki fullan hreyfiþroska og ekki talþroska. Pabbi hennar segir að hún hafi þroska á við þriggja ára barn. „Við sjáum að ef hún fær nokkurra daga frí þá koma ný orð á hverjum degi og þroskinn tekur mikið stökk. En svo þegar hún fær köstin þá dregur aftur úr þroskanum."

Hann segir að markmiðið sé að finna lækningu, eða lyf, sem getur komið í veg fyrir köstin. „Ef við náum að stoppa köstin á hún góðan möguleika á góðu lífi. En eftir því sem hún eldist verður það erfiðara. Hún er orðin tíu ára í dag og það er ekki nema það finnist eitthvert lyf sem virkar að hún eigi einhvern séns. Við eigum í samskiptum við fjölskyldusamtök AHC-sjúklinga í útlöndum og erum smám saman að finna eitt púsl hér og annað þar en okkur vantar heildarmyndina. Í dag eru það eiginlega bara þessi fjölskyldusamtök sem styrkja rannsóknir á stökkbreytingunni því það eru svo fá tilfelli."

Illa gengur að fá sérfræðinga til að rannsaka stökkbreytinguna. „Lyfjafyrirtækin eru brútal og vilja bara fá hagnað. Þau sjá engan hagnað í því að þjónusta 850 manns."

Lömunin ógnvænleg

Stundum lamast Sunna án þess að því fylgi krampi. Lömunin getur verið staðbundin við ákveðna líkamshluta en hún getur líka tekið yfir allan líkamann. „Fyrsta kastið kom þegar hún var fimm mánaða gömul. Þá lá hún hreyfingarlaus í fanginu á okkur. Læknirinn hélt að hún hefði fengið flogakast og í kjölfarið var hún sett á flogaveikilyf."

Lyfin hjálpuðu ekkert og á endanum áttuðu foreldrar Sunnu og læknar sig á því að ekki væri um flogaveiki að ræða.

„Þegar hún lamast þá finnur hún ekki fyrir því. Stundum fer hún í svoleiðis lömunarköst sem vara kannski í margar vikur. Þá getur hún ekki hreyft sig neitt og getur kannski í mesta lagi blikkað augunum, en ekki kyngt eða neitt. Þá förum við með hana á spítala því það er hætta á að hún fari í öndunarstopp og hætta á að við getum ekki gefið henni að borða svo hún nærist ekki."

Sigurður segir að þegar lömunin varir svona lengi óttist hann og móðir Sunnu, Ragnheiður Erla Hjaltadóttur, stundum að tímabilið muni aldrei taka enda. „Hvert einasta kast sem hún fær getur verið síðasta kastið hennar. Það er fullt af tilfellum þar sem börn með AHC hafa lamast og aldrei komið út úr því aftur."

> STUNDUM FER HÚN Í SVOLEIÐIS LÖMUNARKÖST SEM VARA KANNSKI Í MARGAR VIKUR. ÞÁ GETUR HÚN EKKI HREYFT SIG NEITT OG GETUR KANNSKI MEST BLIKKAÐ AUGUNUM, EN EKKI KYNGT EÐA NEITT.



Þetta er kynningarmynd heimildarmyndar um AHC og Sunnu. Myndin heitir Mennskar tímasprengjur .

Heilbrigðiskerfið lélegt

„Ég get alveg hugsað mér önnur lönd sem væri betra að búa í en Ísland. Við heyrum það frá foreldrum barna sem búa annars staðar að þau fá miklu betri þjónustu. Við þurfum að keyra út um allan bæ til að sækja þjónustu fyrir Sunnu, til dæmis ef hún fer í talþjálfun eða sjúkraþjálfun. Í sumum fylkjum Bandaríkjanna kemur þjónustan heim til þín. Noregur, Svíþjóð og Danmörk eru öll betri þegar kemur að heilbrigðisþjónustu."

Hann segir að þau hjónin hafi margoft rætt að flytja til annarra landa þar sem betur væri hlúð að Sunnu. „Fjölskyldan heldur okkur hérna. En svo erum við engu betur sett með barn eins og hana í öðru landi ef stuðningsnetið er ekki til staðar. Það tók okkur tvö ár að búa til stuðningsnet utan um hana hér á landi."

Sigurður segir að læknar sem meðhöndla Sunnu séu farnir að viðurkenna að foreldrar hennar viti jafnan best hvernig eigi að meðhöndla hana. „Heilbrigðiskerfið á Íslandi er bara ekki gott og þú lærir það mjög fljótt. Íslenskir læknar hafa engan tíma til að verða sérfræðingar í sjaldgæfum sjúkdómum. Það getur verið erfitt fyrir læknana að viðurkenna að þeir séu ekki sérfræðingar. Stundum höfum við þurft að lenda í krísum til að þeir átti sig á því. Það hafa alveg komið upp tilvik þar sem læknar hafa næstum drepið hana með því að gefa henni lyf sem við höfum sagt að hún þoli ekki. En við reynum að hafa samskipti við læknana eins góð og mögulegt er. Við þurfum á þeim að halda."

Tími fjölskyldunnar dýrmætur

Með langveikt barn sem þolir illa áreiti getur reynst erfitt að halda uppi eðlilegu fjölskyldulífi. Hjónin eiga son sem er sextán ára gamall. „Við erum mikið að gera hlutina í sitthvoru lagi. Annað okkar er með Sunnu á meðan hitt sinnir syni okkar."

Stundum sé Sunnu þó leyft að koma með jafnvel þótt hún viti sjálf að það muni kalla fram köst. „Hún vill vera innan um fólk og gera allt sem önnur börn langar að gera. Hún veit að ef við höldum upp á afmælið hennar þá fær hún krampa allan daginn en hún lætur sig hafa það. Hún elskar líka að fara í skólann. Það er henni mjög mikilvægt."

Leiðarljós léttir undir með foreldrum.

Leiðarljós er stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérstaka og alvarlega sjúkdóma. Safnað var fyrir miðstöðinni með átakinu Á allra vörum árið 2012 en í lok síðasta árs veitti ríkið fjármagn svo hægt væri að halda verkefninu áfram.

„Starfsmenn Leiðarljóss hafa gert stórkostlega hluti fyrir veikustu börnin í landinu. Þær eru að taka af manni alls konar ómak sem maður þyrfti annars sjálfur að standa í," segir Sigurður.

Leiðarljós leitast við að leiða fólk í gegnum frumskóginn sem íslenskt velferðarkerfi á það til að vera. Markmiðið er að samhæfa þjónustuna og finna lausnir sem henta hverri fjölskyldu fyrir sig.

„Upplifunin eftir að Sunna greindist var að það væri vísvitandi verið að halda frá okkur upplýsingum um hennar réttindi. Oft var okkur ekki sagt frá úrræðum nema við vissum af þeim sjálf. Þar kom Leiðarljós sterkt inn. Konurnar sem starfa þar hafa sjálfar unnið í þessu kerfi jafnvel um áratuga skeið. Þær vita nákvæmlega hvað það er sem barnið og fjölskyldan þarf."

Sigurður segir að Leiðarljós létti líka álag á sjúkrahúsunum. „Áður fyrr vorum við kannski að fara í viðtöl hjá félagsráðgjafa á spítalanum en nú þurfum við þess ekki lengur."

Fjárfesting í ferðaþjónustu

27. febrúar 2016

KYNNINGARBLAÐ Iceland Travel | Edda heildverslun | Isavia | Kría Travel

Gríðarleg tækifæri í ferðaþjónustu

Iceland Tourism Investment Conference (ITICE) hefst á mánudaginn í Hörpu og stendur yfir í tvo daga. Alls munu 100 manns koma fram á ráðstefnuhluta ITICE, þar á meðal tuttugu erlendir sérfræðingar. Ferðaþjónustan er orðin stærsta atvinnugrein þjóðarinnar.

Mánudaginn 29. febrúar hefst Iceland Tourism Investment Conference (ITICE) sem haldin verður í Hörpu og stendur yfir í tvo daga. Meginþema viðburðarins er fjárfestingar og viðskipti í ferðaþjónustu en ferðaþjónustuaðilum, birgjum og öðrum sem tengjast ferðaþjónustu gefst m.a. kostur á að kynna þar og sýna fyrirtæki sín.

Segja má að ITICE sé samkoma þar sem nokkrir hlutir eru í gangi á sama tíma, t.d. ráðstefna, sýning, frumkvöðlakeppni og fleira. Að sögn Viktoríu Sveinsdóttur, forstjóra Reykjavik Conference sem heldur ITICE, stendur ferðaþjónusta á Íslandi frammi fyrir mörgum vaxtarmöguleikum, nýjum fjárfestingatækifærum og framþróun sem snertir marga fleti í íslensku atvinnulífi. „Segja má að fyrstu þrjár gullnu reglurnar í fjárfestingum í hótelum og almennt í ferðaþjónustu séu „location, location, location“, eins og sagt er á ensku. Nýju kvótakóngar Íslands eru þeir sem eiga hótel í 101 Reykjavík ásamt einstaka öðrum útvöldum stöðum. En það eru tækifæri út um allar trissur; í hótelum, afþreyingu, að gerast birgir ferðaþjónustufyrirtækja og í fluginu, bæði innanlands og alþjóðlegu, svo nokkur dæmi séu tekin.“

> **Athyglinni verður sérstaklega beint að fjárfestingum og fjárfestingartækifærum og uppbyggingu í ferðaþjónustunni og í tengdum atvinnugreinum en dagskráin er fjölbreytt og komið verður víða við.**
>
> *Viktoría Sveinsdóttir*

„Við munum fjalla um ýmislegt tengt rekstri ferðaþjónustufyrirtækja og tengdra birgja, markaðsmál, fjármögnun, nýsköpun, tækni og deilihagkerfið. Einnig munum við birta ný yfirlit og glænýjar rannsóknir af markaðnum og margt fleira áhugavert og skemmtilegt,“ segir Viktoría Sveinsdóttir, forstjóri Reykjavik Conference. MYND/VILHELM

Glæsileg og gagnleg

Hún segir gróskuna vera mikla en það sé hins vegar ljóst að ekki munu allir lifa af þegar um hægist. „Þeir sem eru best undirbúnir, best fjármagnaðir og vinsælastir munu helst lifa af. Það eru hins vegar gríðarleg tækifæri fyrir þau fyrirtæki sem nú þegar eru í rekstri og hafa kannski verið í mörg ár. Því er nauðsynlegt að sýna aga, taka allt í gegn og straumlínulaga og bæta rekstur, halda í við kostnað og svo framvegis. Það er ekki síður mikilvægt þegar allt gengur svona vel.“

Þetta er í fyrsta sinn sem ITICE er haldin og segir Viktoría að samkoman eigi eftir að vera bæði glæsileg og gagnleg og að allir, bæði innan ferðaþjónustunnar sem og í íslensku samfélagi geti verið stoltir af. „Alls munu um 100 manns koma fram á ráðstefnuhluta ITICE, þar á meðal tuttugu erlendir sérfræðingar. Við munum fjalla um ýmislegt tengt rekstri ferðaþjónustufyrirtækja og tengdra birgja, markaðsmál, fjármögnun, nýsköpun, tækni og deilihagkerfið. Einnig munum við birta ný yfirlit og glænýjar rannsóknir af markaðnum og margt fleira áhugavert og skemmtilegt. Athyglinni verður sérstaklega beint að fjárfestingum og fjárfestingartækifærum og uppbyggingu í ferðaþjónustunni og í tengdum atvinnugreinum en dagskráin er fjölbreytt og komið verður víða við.“

Skylda að afla þekkingar

Undanfarið hafa heyrst raddir sem vara við bólumyndun í greininni enda hefur hún vaxið afar hratt undanfarin ár. „Það er unglingabóla núna! Maður veit að það er bóla þegar fólk sem hefur litla reynslu í ákveðinni atvinnugrein getur bara hent í fjárfestingar í greininni og grætt peninga í hvelli. Það er svo annað mál hvort þetta verður að stórri bólu sem springur og skilur eftir sig ör á miðju enninu eða hvort bólan fari þegar ferðaþjónustan fullorðnast.“

Hún bendir á að það sé samfélagsleg skylda allra að afla sér þekkingar og starfa í þágu almannaheilla. „Það er ekki síst með það í huga sem við skipuleggjum ráðstefnuna, til að auka þekkingu. Ferðaþjónustan er orðin stærsta atvinnugreinin í landinu og það skiptir gríðarlega miklu máli hvernig hún þróast á næstu árum. Ég er ekki endilega viss um að hlutur ferðaþjónustunnar gagnvart öðrum greinum eigi að verða mikið stærri en hann er enda ekki gott að hafa of einsleitt efnahagskerfi.“

Það er heldur ekki sérislenskt mál að það sé bóla í fjárfestingu í ferðaþjónustu að sögn Viktoríu. „Það sjáum við alls staðar. Ferðaþjónustan er grein sem er ofsalega gaman að vinna í og öllum finnst þeir hafa smá vit á. Flestir fara í frí, kaupa sér gistingu, mat á veitingastað og svo framvegis. Það er líka miklu meira gaman að eiga hótel en fasteign sem notuð er sem skrifstofa, vöruskemma eða verksmiðja. Þess vegna verður alltaf smá bóla í ferðaþjónustunni.“

VAKINN – SKÝRT MERKI UM FAGMENNSKU

Við verðum á Iceland Tourism Investment í Hörpu.
Kíktu til okkar á bás 118.

FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

VAKINN Quality – CERTIFIED TRAVEL SERVICE – VIÐURKENND FERÐAÞJÓNUSTA
VAKINN Quality – GOLD-CLASS ENVIRONMENTAL – UMHVERFISFLOKKUR
VAKINN Quality – ★★★★ HOTEL

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Gæði, öryggi og umhverfisvitund í íslenskri ferðaþjónustu **www.vakinn.is**

Dæmi um verkefni sem aldrei hefði orðið nema með tilkomu erlendrar fjárfestingar er hótelið við hlið Hörpu. MYND/ANTON BRINK

Tími kominn fyrir erlenda fjárfestingu

Þórður H. Hilmarsson telur að með tilkomu Stjórnstöðvar ferðamála hafi opnast meiri möguleiki á því að laða til Íslands erlenda fjárfesta.

„Fyrir nokkrum árum skoðuðum við innviði ferðaþjónustunnar á Íslandi og mátum það svo að enn væri of snemmt að fara af stað í að laða erlenda fjárfesta í þennan geira. Með tilkomu Stjórnstöðvar ferðamála, sem iðnaðarráðherra setti á laggirnar seint á síðasta ári, tel ég að komið sé tækifæri til að bjóða erlendum fjárfestum að borðinu. Stjórnstöðinni er ætlað að stuðla að úrbótum sem þörf er á á næstu árum sökum hins mikla vaxtar sem orðið hefur í greininni og gera hana þar með aðlaðandi fyrir erlenda fjárfestingu jafnt sem innlenda," segir Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingarsviðs Íslandsstofu, sem tekur þátt í umræðum á ITICE-ráðstefnunni í næstu viku.

„Hlutverk fjárfestingarsviðs Íslandsstofu er að laða til landsins erlenda fjárfestingu sem talin er æskileg fyrir land og þjóð. Við eigum að endurskoða stefnu stjórnvalda á hverjum tíma í þessum efnum og nú liggur fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnumótun í nýfjárfestingum þar sem m.a. kemur fram að leggja skuli áherslu á fjárfestingu sem stuðlar að nýrri tækni og nýrri þekkingu ásamt verðmætari störfum. Gangi

„Hlutverk fjárfestingarsviðs Íslandsstofu er að laða erlenda ferðamenn til landsins.

Þórður H. Hilmarsson

áætlanir Stjórnstöðvar ferðamála eftir verður umhverfið að mínu mati orðið verulega aðlaðandi fyrir erlenda fjárfestingu í ferðaþjónustunni innan tíðar," segir hann.

En hvaða verkefni eru það sem fjárfestar gætu haft áhuga á? „Það er almennt viðurkennt að bein erlend fjárfesting skapar ekki eingöngu grundvöll að fjármögnun einstakra verkefna heldur stuðlar hún líka í mörgum tilfellum að yfirfærslu nýrrar þekkingar, og gerir verkefni almennt möguleg sem ella hefðu ekki orðið að veruleika. Ég nefni sem dæmi fimm stjörnu hótel við hlið Hörpu. Það verkefni hefði líklega ekki orðið til nema með tilkomu erlendra fjárfesta sem gjörþekkja til reksturs slíkra verkefna, geta metið áhættu af verkefninu og hafa aðgang að erlendum mörkuðum til að tryggja viðskiptin."

Þórður segir hlutverk Íslandsstofu vera m.a. að koma á samstarfi erlendra og innlendra fjárfesta þar sem það á við, en í ferðaþjónustunni eru flest verkefnin sprottin af innlendu frumkvæði. „Okkar hlutverk er því ekki eingöngu að finna fjárfesta sem vilja fjárfesta í eigin nafni og byggja upp fyrir eigið fjármagn, heldur ekki síður að finna erlenda samstarfsaðila sem hefðu áhuga á að eiga samstarf við innlenda fjárfesta um verkefnin. Og ef tekið er mið af þeim vexti sem verið hefur undanfarin ár verður mikil þörf fyrir uppbyggingu, ekki aðeins ný hótel heldur einnig hvað varðar innviði, nýja áfangastaði og stóraukna fjárfestingu í afþreyingarþjónustu af ýmsu tagi, jafnt innan sem utan höfuðborgarsvæðisins."

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

HARPA

Rökstólar og ræðupúlt

Fjölbreytt aðstaða fyrir litla og stóra fundi

Fyrirspurnir um ráðstefnur og fundi: **radstefnur@harpa.is** eða **528 5060**

Kaldalón
fundarsalur

Sætafjöldi
195 sæti (leikhúsuppröðun)
Fastar sætaraðir með áföstum borðum sem leggja má niður

Tækjabúnaður sem fylgir
Myndvarpi, sýningartjald, hljóðbúnaður fyrir talað mál, kastari á púlt/svið, hljóðnemi í púlti og tölva fyrir kynningar.

Ríma
fundarsalur A/B

Sætafjöldi
130/66 sæti (leikhúsuppröðun)
100/50 sæti (skólastofuuppröðun)
72/32 sæti (kabarett)
90/40 sæti (hringborð)
144/72 manns (móttaka)

Salnum er hægt að skipta upp í tvö minni fundarherbergi, herbergi A og herbergi B.

Tækjabúnaður sem fylgir
Myndvarpi, sýningartjald, hljóðbúnaður fyrir talað mál, hljóðnemi í púlti og tölva fyrir kynningar.

Stemma og Vísa
fundarherbergi

Sætafjöldi
20/44 sæti (leikhúsuppröðun)
12/28 sæti (skólastofuuppröðun)
16 sæti (fundarborð)

Herbergi 1+2 og 3+4 má sameina.

Tækjabúnaður sem fylgir
Myndvarpi, sýningartjald, flatskjár, hljóð fyrir tölvur, tölva fyrir kynningar, tússtafla og flettispjald.

Brandenburg

www.harpa.is/fundir

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000

Miðasala
528 5050

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur hjá Viðskiptaráði, telur að aðgangseyrir á vinsæla ferðamannastaði muni hvetja til uppbyggingar. MYND/ANTON BRINK

Aðgangseyrir hvetur til uppbyggingar

Viðskiptaráð starfar að hagsmunum allra þeirra sem stunda viðskipti. Ráðið hefur lagt mat á stöðu ferðaþjónustunnar og framtíðarhorfur hennar.

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, segir að hraður vöxtur ferðaþjónustunnar undanfarin ár hafi verið gott kreppumeðal. „Vöxturinn kom á besta tíma þegar mikill slaki var í efnahagslífinu. Með auknum fjölda ferðamanna sköpuðust mörg ný störf þegar við þurftum mest á þeim að halda. Hraður vöxtur greinarinnar hefur því haft afar jákvæð áhrif hingað til. Hins vegar mun frekari vöxtur skila okkur minni ávinningi ef ekkert verður að gert," segir Björn Brynjúlfur og bætir við að þenslutímabil sé nú gengið í garð.

> **Lykilverkefni stjórnvalda er því að styðja við framleiðnivöxt í greininni.**
>
> *Björn Brynjúlfur Björnsson*

„Framleiðni er lægri í ferðaþjónustu en hjá atvinnulífinu í heild. Ef greinin heldur áfram að vaxa án þess að það breytist munum við ekki njóta ávinningsins í formi bættra lífskjara. Lykilverkefni stjórnvalda er því að styðja við framleiðnivöxt í greininni," segir Björn. „Það verður gert með því að horfa í meiri mæli á verðmæti hvers ferðamanns heldur en fjölda þeirra. Þar skiptir máli að stýra ferðamannastraumnum og auka tekjur af hverjum ferðamanni með fjárfestingu í tekjuskapandi verkefnum. Viðskiptaráð hefur talað fyrir því að tekin verði upp aðgangsgjöld á vinsælustu áfangastöðunum. Það dregur úr átroðningi, dreifir álagi á fleiri ferðamannastaði, eykur tekjur á hvern ferðamann og skapar hvata til að fjárfesta og byggja upp," segir Björn Brynjúlfur.

Hann nefnir Bláa lónið sem dæmi. „Þar er rukkaður aðgangseyrir sem skilar sér í hvata til uppbyggingar. Núna er þar í gangi uppbyggingarverkefni fyrir um sex milljarða króna. Til samanburðar nam fjárfesting ríkissjóðs í ferðaþjónustu í heild sinni 25 milljónum króna árið 2014 samkvæmt Hagstofunni. Þetta er stærsta ástæða þess að fjárfesting í greininni er lág. Á meðan við rukkum ekki ferðamenn fyrir aðgang að vinsælustu ferðamannastöðunum fáum við ekki tekjur sem nýtast til að byggja þá upp. Við njótum því ekki ávinnings af náttúruauðlindum okkar," útskýrir Björn Brynjúlfur.

„Þessi tillaga hefur verið umdeild og margir óttast að aðgangseyrir dragi úr aðgengi að þessum áfangastöðum. Við teljum þó heppilegast fyrir íslenska náttúru, íbúa landsins sem og ferðamenn að það verði gert. Þannig komum við í veg fyrir átroðning, njótum arðs af auðlindum okkar og bætum upplifun þeirra ferðamanna sem heimsækja landið."

Ráðstefnur af öllum stærðum og gerðum

Iceland Travel Ráðstefnur hafa til margra ára skipulagt fundi, ráðstefnur og alls kyns viðburði. Allt frá litlum innlendum fyrirtækjafundum upp í tvö þúsund manna alþjóðaráðstefnur. Í ljósi stærðar á markaði hefur fyrirtækið ákveðið forskot hvað varðar framboð og þjónustu.

„Það má segja að við eigum afar breiðan hóp viðskiptavina. Þeir eru einmitt það sem gerir starf okkar svo skemmtilegt, það er fjölbreytileiki þeirra sem njóta aðstoðar okkar við að skipuleggja sinn viðburð," segir Helga Lára Guðmundsdóttir, deildarstjóri Iceland Travel Ráðstefna.

„Í ljósi stærðar okkar á markaði höfum við einnig ákveðið forskot hvað varðar vöruframboð og þjónustu," segir Helga Lára. Iceland Travel samanstendur af 160 starfsmönnum og mun sú tala hækka enn frekar í sumar. „Það má því segja að í fyrirtækinu sé gríðarleg þekking og reynsla sem nýtist okkur vel í skipulagi og utanumhaldi verkefna ráðstefnudeildarinnar."

Undanfarið ár hafa Iceland Travel Ráðstefnur starfað að undirbúningi ráðstefnu ITICE sem er í eigu Viktoríu Sveinsdóttur og segir Helga að það hafi verið ákaflega spennandi og lærdómsríkt.

„Þetta er fyrsta ráðstefna sinnar tegundar sem haldin er á Íslandi. Það má segja að hún komi á hárréttum tíma þar sem mikill vöxtur er í ferðageiranum hvert sem litið er, í fjárfestingum, hótelbyggingum, stærri flugvélaflota og [illegible] afþreyingu," segir Helga.

Fengnir hafa verið framámenn úr öllum þessum geirum viðskiptalífsins til að vera með framsögu og sitja fyrir svörum. Einnig munu þekktir erlendir fyrirlesarar innan ferðageirans stíga á svið.

> **Fjöldi ráðstefna á Íslandi hefur aukist mikið.**
>
> *Helga Lára Guðmundsdóttir*

„Fjöldi ráðstefna á Íslandi hefur aukist til muna undanfarin ár og margt breyst í skipulagi þeirra. Hefðbundnar ráðstefnur eru á undanhaldi og nýjar spennandi ráðstefnur líta dagsins ljós í kringum málefni sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu," segir Helga Lára og bendir á að þetta kalli á aukna tækni en henni hafi fleygt mjög mikið fram í kringum allt ráðstefnuhald.

„Við horfum björtum augum til framtíðar og erum þegar farin að skipuleggja verkefni 2020," segir Helga Lára glaðlega.

Iceland Travel Ráðstefnur hafa til margra ára skipulagt fundi, ráðstefnur og alls kyns viðburði af öllum stærðum og gerðum.

Iceland Travel
Þjónað þér síðan 1937

Listin að koma fram við fólk eins og fólk

Hafðu samband við fólkið okkar og við hjálpum þér að skipuleggja ráðstefnu eða fund, hvataferð eða viðburð. Það er ekkert mál.

conferences@icelandtravel.is

Viltu skara fram úr með okkur?

Framúrskarandi fyrirtæki

Fyrir skömmu bað stórt alþjóðlegt fyrirtæki okkur um að skipuleggja ráðstefnu fyrir gesti hvaðanæva að úr heiminum.

Viðskiptavinurinn hafði mestar áhyggjur af því að fólk myndi ekki vita nægilega mikið um Ísland til þess að njóta alls þess sem fylgir því að mæta á ráðstefnu hér á landi. Til þess að leysa það útbjuggum við yfirgripsmikinn upplýsingapakka fyrir alla gestina sem innihélt allt milli himins og jarðar svo að segja: gengi gjaldmiðla, bestu leigubílaþjónusturnar og bestu sundlaugarnar voru til að mynda á blaði. Allt var þetta gert svo gestirnir gætu dregið andann léttar og notið sín til fulls.

Seinna fengum við þær fréttir að ráðstefnan hefði slegið í gegn, ekki síst vegna þess að gestum fannst vel hugsað um þeirra þarfir. Svona eins og þeir væru fólk, en ekki bara nöfn á blaði.

www.conferences.is

mice.icelandtravel.is

Ekki lengur bara stuttar vertíðir

Vinsældir fjallaskíðaferða hér á landi hafa aukist mikið að undanförnu og segir Ívar Finnbogason fjallaleiðsögumaður gjörbyltingu hafa orðið á ferðaþjónustunni. Hann segir vandamálin aukast með vaxandi fjölda fólks og að eitthvað þurfi að gera í málunum.

Ívari Finnbogasyni, fjallaleiðsögumanni og gæðastjóra hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, þykir skemmtilegast að vinna við fjallaskíðaferðir sem hann segir vera gríðarlega vinsælar þessi dægrin. Gjörbylting hefur orðið á rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu með mikilli fjölgun ferðamanna undanfarin ár að sögn Ívars. „Sem dæmi get ég nefnt að fyrsta sumarið mitt hjá Fjallaleiðsögumönnum sem var sumarið 2002 þá vorum við þrír leiðsögumenn í Skaftafelli. Þetta var þægileg vinna og við vorum ekkert að ofreyna okkur. Í dag um mitt sumar eru líklega um þrjátíu leiðsögumenn þar. Í desember þegar minnst er á venjulegum degi eru samt um sjö leiðsögumenn bara frá okkur úti í jöklagöngum og öðrum verkefnum. Þetta er orðið heilsársstarf sem fólk getur unnið við og séð fyrir sér að halda því áfram í framtíðinni. Það er ekki einungis verið að dekka þriggja mánaða vertíð."

Þekking heimamanna mikilvæg

Stærsti þátturinn í starfi Íslenskra fjallaleiðsögumanna eru fjallaskíðaferðir en að sögn Ívars er skíðaferðamennska almennt stærsti þátturinn í starfi leiðsögumanna á heimsvísu. „Þær ferðir sem við erum að keyra í fjallaskíðunum eru ekki einhverjar jaðarferðir. Það koma auðvitað hópar sem eru sterkari, en almennt er þetta bara gert til að njóta. Það sem við leiðsögumenn erum að vinna við er að velja réttu brekkurnar og lágmarka hættuna," útskýrir Ívar.

Hann bætir við að fólk þurfi að kunna að skíða til að fara á fjallaskíði og þurfi að vera í góðu formi. „Ágæt lýsing á okkar kúnnahópi er fólk sem er vel á sig komið og virkt, virkara en þeir sem koma til dæmis á sumrin. Þetta er vel skíðandi fólk en það er ekki eitthvað sérstaklega áhættusækið. Reynslumikið útivistarfólk sem er yfirleitt með fullan skilning á því sem það er að gera en það kemur til okkar af því að það er ekki alveg öruggt með snjóflóðahættu og fleira. Svo veit það að þekking heimamanna skiptir mestu máli upp á að finna bestu brekkuna og besta snjóinn."

Skíðað á heimsmælikvarða

Spurður að því hver sé eftirlætisstaður hans á Íslandi segir Ívar Skaftafell vera hans stað. „Ég hef þannig séð búið óbeint stóran hluta ævi minnar í Skaftafelli þannig að það er alltaf minn staður. En á skíðunum tel ég það til mannréttinda að fá að vera í nokkrar vikur á Tröllaskaga á hverju vori, það er einfaldlega á heimsmælikvarða," segir hann og brosir.

Allir stökkva á tækifærin

Ívar, eins og margir sem starfa við ferðaþjónustu, hefur áhyggjur af framtíðinni í bransanum.

Ívar Finnbogason fjallaleiðsögumaður á góðri stund. MYND ÚR EINKASAFNI

Skíðað í Eyjafirðinum. MYND/JAN ZELINA



Á fjallinu Arnfinni á Tröllaskaga. MYND/JAN ZELINA

„Ferðaþjónustuna sem er fjöregg þjóðarinnar er hægt að eyðileggja með því að setja upp gjaldskýli, loka svæðum eða ætla sér að rukka inn á þau. Það verður eitthvað að gerast í þessum málum, það er svo mikið af túristum og svo margt sem vantar. Það þarf að byggja upp innviðina og það þarf að huga að öryggis- og þjálfunarmálum. Það eru ekki til neinir staðlar varðandi neitt af þessu. Til dæmis getur hver sem er, sem er með hreint sakavottorð, stofnað fyrirtæki og farið að leiðsegja fólki á Tröllaskaganum, án þess að hafa nokkuð fyrir sér í því. Þó það sé ekki mikið um þetta er þetta samt áhyggjuefni."

Ívar segir þetta sýna sig helst í því sem hann kallar jöklatúrisma. „Í gamla daga voru bara sérvitringar eins og ég í þessu sem voru tilbúnir að sofa í tjaldi í Skaftafelli heilt sumar. Núna er þetta bara orðið að bisness og fólk sér tækifæri í þessu. Alls kyns aðilar stökkva því á þetta án þess að hafa kannski hugsað um hvað gæti gerst og hvernig gæti þurft að bregðast við. Daginn sem eitthvað gerist munu þessir aðilar ekki geta brugðist við og þá verður það svartur blettur á alla. Og miðað við fjölda ferðamanna þá mun eitthvað gerast á endanum en „þetta-reddast-viðhorf" Íslendinga gerir það að verkum að líklega verður ekkert gert í málunum fyrr en of seint," segir Ívar með áhyggjutóni.

Mæta sívaxandi fjölgun farþega

Mikil fjölgun ferðamanna kallar á stækkun og breytingar á Keflavíkurflugvelli. Fram undan eru stækkanir á suðurbyggingunni til bæði vesturs og norðurs, farangursflokkunarsalur verður stækkaður ásamt komusal. Auk þess standa yfir afkastaaukandi breytingar sem munu bæta þjónustu við farþega, t.d. aukið vægi rafrænnar innritunar, notkun fleiri sjálfvirkra véla fyrir innritun auk sjálfvirkni í öryggisleit.

Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Keflavíkurflugvelli með það í huga að bæta þjónustu við sívaxandi fjölgun farþega sem koma til landsins og við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila. Helstu ástæður framkvæmdanna má að sjálfsögðu rekja til þess gríðarlega mikla vaxtar sem orðið hefur í ferðaþjónustunni hér undanfarin ár og gert greinina að stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar að sögn Guðna Sigurðssonar, upplýsingafulltrúa Isavia. „Þetta eru mjög jákvæðar fréttir en við þurfum öll að vinna saman að því að styrkja innviðina og halda vel á spöðunum til þess að taka sem best á móti auknum fjölda ferðamanna."

Meðal framkvæmda sem nú standa yfir á Keflavíkurflugvelli til þess að mæta þessari þróun er stækkun suðurbyggingar til vesturs, stækkun á farangursflokkunarsal og stækkun á komusal. „Fyrsta skóflustungan að stækkun suðurbyggingarinnar var tekin í júní árið 2014. Um er að ræða 5.000 fermetra byggingu sem bætir við sex nýjum rútuhliðum og svokallaðri þriðju landa leit, sem er vopnaleit fyrir farþega sem koma frá löndum þar sem er ekki samningur um vopnaleit og þurfa því að fara í gegnum leit við lendingu. Að auki stækkar almennt svæði fyrir skiptifarþega í suðurbyggingu."

Stækkunin mun gjörbreyta aðstöðu fyrir skiptifarþega að sögn Guðna. „Skiptifarþegar eru nú 30% farþega um flugvöllinn. Stækkunin mun bæta við farþegarýmið, bæta öryggisleit fyrir þá farþega sem þurfa að undirgangast leit við komu til landsins vegna alþjóðareglna og stækka salernisaðstöðu og veitingasvæði."

Guðnl Sigurðsson er upplýsingafulltrúa Isavia. MYND/ISAVIA

Suðurbyggingin mun stækka til bæði til vesturs og norðurs. Hluta framkvæmdanna lýkur í sumar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Margföld afköst

Auk þess mun farangursflokkunarsalur stækka um 3.000 fermetra sem hjálpar m.a. til að taka á móti breiðþotum sem nota farangursgáma. Fyrsti áfangi verður tekinn í notkun í sumar að sögn Guðna og salurinn verður fullkláraður um næstu áramót.

„Að lokum má nefna stækkun á komusal en hann var stækkaður um 800 fermetra á síðasta ári og verður stækkaður um aðra 800 fermetra í ár. Töskufæriband var lengt og svæðið stækkað bæði innan við og utan við tollgæsluna. Við vonumst til að framkvæmdum verði lokið í ágúst."

Allt í allt verður flugstöðin því um 9.000 fermetrum stærri í byrjun sumars 2016 en hún var í byrjun sumars 2015.

> **„Þetta eru mjög jákvæðar fréttir en við þurfum öll að vinna saman að því að styrkja innviðina og halda vel á spöðunum til þess að taka sem best á móti auknum fjölda ferðamanna.**
>
> *Guðni Sigurðsson*

Auk fyrrnefndrar stækkunar suðurbyggingar til vesturs eru einnig hafnar framkvæmdir við stækkun sömu byggingar til norðurs. „Um er að ræða 7.000 fermetra byggingu á þremur hæðum. Stækkun á landamærasal mun tvöfalda afköst yfir landamærin til að mæta fjölgun farþega á síðustu árum, sérstaklega skiptifarþega, og aukinni umferð frá Norður-Ameríku og Bretlandi. Auk þess mun verslunar- og veitingasvæði á fyrstu hæð verða mun stærra með biðsvæði fyrir rúmlega 1.000 farþega til viðbótar við núverandi rými. Stækkunin verður tekin í notkun árið 2017."

Auk fyrrgreindra framkvæmda standa einnig yfir afkastaaukandi breytingar að sögn Guðna. „Við erum að auka vægi rafrænnar innritunar, taka í notkun fleiri sjálfvirkar vélar fyrir innritun farangurs, auka sjálfvirkni í öryggisleit og fjölga bæði starfsfólki og hliðum. Við stefnum að því að taka í notkun sjálfvirk landamærahlið í vegabréfaskoðun, og sjálfvirk tæki, sem skanna brottfararspjald þegar farþegar ganga um borð í flug, er eitthvað sem við munum kynna í náinni framtíð."

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
27. FEBRÚAR 2016 LAUGARDAGUR

GEGN BÓLGUM Í LÍKAMANUM

Vistor kynnir Benecta og Benecta Sport, ný íslensk fæðubótarefni unnin úr rækjuskel, sem stuðla að úrvinnslu á bólgum í líkamanum og verndun vefja í stoðkerfi. Benecta-fæðubótarefnin eru framleidd af líftæknifyrirtækinu Genís hf.

„Hér er um algjöra nýjung að ræða og vörur með mikla sérstöðu þar sem þær hjálpa til við bólguúrvinnslu og styðja við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum," segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor. „Benecta og Benecta Sport eru ný fæðubótarefni, samsett úr kítínfásykrum sem unnar eru úr rækjuskel. Þau hafa þann eiginleika að bindast próteinum sem aukast í bólgu og hvetja til bólguúrvinnslu og verndunar vefja í stoðkerfi."



Benecta Sport er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Benecta og Benecta Sport eru byggð á íslensku hugviti og framleidd hér á landi af líftæknifyrirtækinu Genís hf. á Siglufirði. Genís hf. byggir á sérhæfðri þekkingu tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum úr rækjuskel.

„Hér er um algjöra nýjung að ræða og vörur með mikla sérstöðu.
Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor.

BENECTA HJÁLPAR LÍKAMANUM AÐ VINNA ÚR BÓLGUM



Bólga er náttúrulegur og nauðsynlegur fylgikvilli vefjaskaða. Þegar bólgan hefur unnið sína vinnu tekur við annað ferli sem er kallað bólguúrvinnsla (Resolution). Þetta ferli stýrir hjöðnun bólgu og styður við vefjanýmyndun.

BENECTA

Benecta hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum og styður við uppbyggingu vefja. Með daglegri inntöku má draga úr bólgum og óþægindum. Jafnframt stuðlar Benecta að endurnýjun vefja (s.s. brjósks, sina og beina) og hjálpar þannig til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi. Sykrungarnir bindast bólgupróteinum í líkamanum og vinna þannig gegn ákveðnum bólguhvetjandi ferlum. Með því má draga úr óþægindum og auka úthald og orku.

BENECTA SPORT

Benecta Sport er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar. Jafnframt styður Benecta Sport við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og flýtir fyrir endurheimt eftir æfingar. Benecta-sykrungarnir bindast bólgupróteinum sem myndast við vöðvaáreynslu og stuðla að viðgerð og endurheimt í vöðvum og gera þá hæfari í næstu átök. Með inntöku Benecta Sport 30 mínútum fyrir æfingar má hámarka nýtingu á ferlum sem fara í gang vegna álags og flýta fyrir árangri. Benecta Sport hjálpar vöðvum að nýta fitusýrur í stað glúkósa við æfingar. Það dregur úr mjólkursýrumyndun og kemur í veg fyrir að gengið sé of hratt á glýkógenbirgðir vöðvanna.

SÖLUSTAÐIR Benecta fæðubótarefnin fást í apótekum og í Heilsuhúsinu.

Baldvin Jónsson er fluttur heim eftir tíu ára starf í Bandaríkjunum við að markaðssetja íslensk matvæli. MYND/ANTON BRINK

MÖRG SPENNANDI VERKEFNI HÉR HEIMA

Baldvin Jónsson er fluttur heim eftir að hafa kynnt íslensk matvæli fyrir Bandaríkjamönnum í tíu ár. Hann segir að þetta hafi verið mjög skemmtilegur tími og margt hafi áunnist á þessum árum.

Baldvin segir að þetta hafi verið reynslumikill tími. „Starfið var bæði kröfuhart og spennandi á stóru markaðssvæði. Okkur tókst að koma fjórtán íslenskum matvælategundum á sælkeramarkað í Ameríku sem var mikill metnaður. Starfið veitti mér mikla ánægju auk reynslu og þekkingar," segir hann.

Baldvin og kona hans, Margrét Björnsdóttir, fluttu til Washington þegar hann tók við starfinu á sínum tíma. Þegar hann er spurður hvernig þau hafi kunnað við sig í henni stóru Ameríku, svarar hann: „Þetta er einstakt land. Washington er mjög alþjóðleg menningarborg, þar sem eru meðal annars 180 sendiráð, alþjóðabankinn og alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Til dæmis bjó einn af aðalstarfsmönnum Hvíta hússins í sama húsi og við. Maður kynntist mörgum og þetta var náið umhverfi, kannski svolítið íslenskt," útskýrir hann. „Það er auðvelt að eignast vini í Washington og sú vinátta mun haldast áfram þótt við séum aftur flutt í Garðabæinn."

EINS OG ROLL ROYCE

Baldvin segist ekki hafa sagt skilið við verkefnið. „Menn halda áfram að leita til mín að utan og svo tengist ég Food and Fun-verkefninu sem varð til í gegnum starf mitt í Bandaríkjunum. Ég á mér líka draum um að fá íslensk fyrirtæki til að vinna meira saman. Einstaklingshyggjan er rík í þjóðarsálinni. Við skynjum ekki alltaf að það er betra að eiga tuttugu prósent af einhverju en hundrað prósent í engu. Getum við ekki öll unnið undir einu merki?" spyr Baldvin og bætir við að hægt sé að selja íslenskar afurðir á grundvelli gæða, hreinleika og trúverðugleika. Að Ísland verði eins og Rolls Royce matvælaiðnaðarins. „Það er að minnsta kosti það sem ég hef verið að vinna að," bætir hann við.

Baldvin er einn stofnenda Food and Fun. Hann kom þessari hugmynd sinni á framfæra við Icelandair eftir að áras var gerð á Tvíburaturnana í New York og ferðamönnum til Íslands fækkaði. „Við buðum fyrst matreiðslumönnum í Bandaríkjunum að koma hingað til að elda á veitingahúsum og síðan hefur hátíðin þróast og stækkað. Matur skiptir máli í ferðaþjónustunni og mér sýnist áhrifa gæta frá þeim 300 kokkum sem hafa komið á Food and Fun á íslenskum veitingastöðum. Út frá hátíðinni hafa skapast tengslanet og íslenskir matreiðslumenn hafa fengið tækifæri til að heimsækja veitingastaði í öðrum löndum."

SKYRIÐ VAR ÁSKORUN

Þegar hann er spurður hvar honum hafi tekist best upp í starfi sínu, svarar Baldvin: „Skyrið var mesta áskorunin því fáir hér heima höfðu trú á að það myndi seljast í Ameríku. Menn í mjólkuriðnaðinum og bændur sögðu að skyr til útflutnings væri prívat gæluverkefni mitt. Þegar skyrið var komið á flug vildu menn koma smjörinu á bandarískan markað sem gekk sömuleiðis vel. Þá komu ostarnir og því næst suðusúkkulaði í gömlu bökunarpappírsumbúðunum. Við byrjuðum á einni tegund en nú eru þær orðnar þrettán. Lambakjötið var líka stór áskorun, að koma því fersku á markað með flugi. Fyrst var kjötið selt í fimm búðum en fljótlega voru þær orðnar 200. Einnig settum við á markað ferska bleikju. Í fyrstu seldum við 4-500 tonn í Bandaríkjunum en núna er salan nálægt 4.000 tonnum. Þetta eru því orðin mikil og góð viðskipti. Ferska varan skilar miklu meiri tekjum og mun meiri árangri en fryst vara. Við erum þrjósk þjóð og þetta verkefni tekur langan tíma. Minnimáttarkenndin er bæði styrkleiki okkar og veikleiki. Veikleikinn er að við náum aldrei saman en styrkleikinn að við högum okkur eins og þriggja milljón manna þjóð."

MIKIÐ MARKAÐSSTARF

Hingað til lands hafa komið á annað hundruð manns frá bandarískum verslanakeðjum til að kynna sér íslenskar afurðir á vegum Baldvins. Þeir hafa farið í sjóferðir, í réttarferðir og smalað á fjöllum með bændum. „Eftir að hafa meðal annars drukkið íslenskan bjór og brennivín, borðað kjötsúpu, sofið á ferðaþjónustubæ, prófað íslenska hestinn og farið í slátturhús voru þeir krýndir „I'ambassador of Iceland"," segir Baldvin og segir að þetta hafi haft mikla þýðingu í markaðssetningu íslenskra matvæla í Bandaríkjunum.

> Við skynjum ekki alltaf að það er betra að eiga tuttugu prósent af einhverju en hundrað prósent í engu. Getum við ekki öll unnið undir einu merki?

GOTT AÐ BÚA Á ÍSLANDI

Baldvin starfaði sem auglýsingastjóri Morgunblaðsins í 24 ár. Hann segir að markaðsvinnan í Ameríku sé í sjálfu sér ekkert ólík því starfi. „Viðskipti snúast um mannleg samskipti. Afi minn kenndi mér í æsku að viðskiptavinur væri töfraorð í íslenskri tungu þar sem þú getur myndað viðskipti á grundvelli vináttu og vináttu á grundvelli viðskipta sem byggist á trausti, trúnaði og tryggð. Ég kalla það að tengja fólk sem á samleið og leiða fólk saman sem getur átt samstarf."

Baldvin segist ekkert vera að setjast í helgan stein. Hans bíði mörg spennandi verkefni hér heima. „Það er miklu betra að búa á Íslandi en við gerum okkur grein fyrir. Þetta samfélag er gríðarlega spennandi. Margt hefur breyst undanfarin ár og ég dáist að öllu þessu sprengmenntaða unga fólki sem er miklu nægjusamara en mín kynslóð. Því miður hefur verið alið á vantrausti og tortryggni eftir hrun. Þjóðin fékk þungt högg sem er auðvitað ástæðan fyrir þessari neikvæðni. Best væri ef við gætum lifað í samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri og frelsi. Fólk þarf samt að bera ábyrgð og umgangast aðra með fullri virðingu. Það eru mörg vannýtt tækifæri hér á landi, til dæmis í sjálfbærni Íslands. Við þurfum að vernda þetta góða samfélag," segir Baldvin Jónsson. **elin@365.is**


50% AF
SOKKUM OG
NÆRBUXUM
EF KEYPTAR ERU BUXUR
LEVI´S BUXUR FRÁ KR. 12.990
Tilboð gildir til 6. mars, eða þar til birgðir endast
LIVE IN Levi's®
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi

HRIFINN AF HROSSI OG HARÐFISKI

Gleðin yfir útkomu myndarinnar „Fyrir framan annað fólk“ er allsráðandi þessa dagana hjá Snorra Engilbertssyni leikara en hann fer með annað aðalhlutverkið í myndinni. Myndin kom í almennar sýningar í gær.

Líkur eru á að leikarinn Snorri Engilbertsson baki súrdeigsbrauð með kaffinu á sunnudaginn en annars verður helgin annasöm. Hann leyfir lesendum að skyggnast hér inn í helgarlíf sitt.

Hver er óskamorgunmaturinn um helgar? Klassískur ameríkur morgunmatur með ekta hlynsírópi (lesið innihaldslýsingar).

Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn? Sami og alla daga, hafrar, hnetur, kókosmjöl, döðlur, banani og vatn í blandara.

Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Ef ásetningurinn er að skemmta mér þá dansa ég.

Sefur þú út um helgar? Ef ég get, en með aldrinum hefur það orðið erfiðara og erfiðara.

Uppáhalds helgarmaturinn? Hrossakjöt-rare, salt og pipar.

Hvar er best að borða hann? Standandi fyrir framan eldavélina.

Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá? Á Húrra.

Hvernig er draumahelgin? Sumarbústaður með kærustunni.

Vakir þú frameftir? Yfirleitt endar það þannig, oft er ég að sýna fram á kvöld og það er erfitt að sofna eftir sýningar.

Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Ef ég á harðfisk þá fæ ég mér hann.

Ertu með nammidag? Ég reyni að forðast sykur en um helgar á ég það til að leyfa mér.

Hvaða nammi færðu þér? Lakkrís.

Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi? Ef ég er ekki að vinna reyni ég að komast út úr bænum.

Með hverjum er best að hanga um helgar? Kærustunni.

Hvað verður í sunnudagskaffinu? Ég er dottinn í súrdeigsgerð og mun líklega henda í eitt slíkt.

Stendur eitthvað sérstakt til um helgina? Myndin „Fyrir framan annað fólk“. fer í almennar sýningar um helgina og ég held að ég skelli mér í gervi og laumi mér á sýningu. Svo eru tvær sýningar á verkinu „Um það bil“ í Þjóðleikhúsinu, þar er ég með hlutverk. Svo langar mig að sjá „Hver er hræddur við Virginiu Wolf“ í Borgarleikhúsinu.

Draumahelginni myndi Snorri Engilbertsson leikari verja í sumarbústað með kærustunni. MYND/STEFÁN

BÆTT HEILSA MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland og inniheldur meðal annars sæbjúgu. Steinþóra Sigurðardóttir hefur góða reynslu af Amínó® Liðum og mælir hiklaust með blöndunni.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi. Rannsóknir hafa sýnt að fiskprótín eru einstaklega heilsusamleg og þá sérstaklega þegar búið er að vatnsrjúfa þau," segir dr. Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna.

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland.

BETRI LIÐHEILSA

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Amínó® Liðir innihelduur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). „Sæbjúgnaskrápurinn samanstendur að mestu leyti úr brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, vítamín D, vítamín C og mangan. D-vítamín stuðlar að frásogi kalks úr meltingarvegi, C-vítamín hvetur eðlilega myndum kollagens í brjóski og er mangan nauðsynlegt fyrir myndun á brjóski og liðvökva. Kollagen, chondroitin sulphate, vítamín D, vítamín C og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðheilsu."

Steinþóra þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf. MYND/ANTON BRINK

Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna. MYND/ANTON BRINK

GÓÐ REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og láta vel af. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri," segir Steinþóra.

Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni gengið upp og ofan að finna réttu lyfjablönduna. „Stundum hefur það gengið vel í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég hef alltaf verið á Plaquenil og tek ýmislegt annað með, stundum tvær tegundir í einu. Einnig hef ég stundum farið á stóra steraskammta þegar eitthvað hefur bjátað á í lífinu. Eftir að ég fór að taka Amínó Liði hef ég getað minnkað lyfjatöku, auðvitað með samþykki míns læknis. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó Liði. Vonandi heldur þetta áfram á sömu braut og vonandi verða Amínó Liðir hjálplegir öðrum sem eru í mínum sporum," segir Ida ánægð.

BIO-KULT STYRKIR BÆÐI ÓNÆMISKERFIÐ OG MELTINGUNA

Icecare kynnir Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa eru öflugar blöndur vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Mæðgurnar Íris Ásmundardóttir og Margrét Alice Birgisdóttir mæla heils hugar með hvoru tveggja.

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri staðsettur í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspestar sem ég má ekkert vera að að eyða tímanum í," segir Íris. Henni finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins."

Írisi finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. MYND/ANTON BRINK

MÆLIR MEÐ BIO-KULT ORIGINAL OG CANDÉA

Móðir Írisar, Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi, er sammála dóttur sinni um góð áhrif Bio-Kult. Hún mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar," segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli því heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel."

BIO-KULT FYRIR ALLA

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. S.662 9899/662 9099 rhsmidar@internet.is

Tek að mér minni verkefni og lagfæringar í íbúðum. S. 5540496

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

LEKUR ÞAKIÐ ?
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

KEYPT & SELT

Til sölu

LÆKKAÐ VERÐ.
Gámahús til flutnings einangrað, innréttað, rafm., hiti, ljós, allir gluggar opnanlegir. Bjart og hlýtt. Verð 1990þ. m/vsk. Uppl. 820-5181

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Hljóðfæri

Til sölu 4 frábær hljóðfæri ásamt 3víddar kvikmyndavél m/ 2 linsum og iPad m/ lyklaborði. Uppl. í s. 5658861/8937431

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

til sölu

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

ÞJÓNUSTA

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug

LÆRÐU FLUGVIRKJUN!
Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á Flugskóli.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Gott herbergi til leigu í Kópavogi. Uppl. í síma. 8997587.

Til leigu gott æfingarhúsnæði fyrir hljómsveit, laust nú þegar. S. 894 3755.

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Herbergi til leigu í Kóp. Salerni án sturtu. Þvottaaðstaða f.h. uppl. í s. 8633865

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óskað eftir herbergi í Hafnafirði. 55 ára maður í fastri vinnu óskar eftir herbergi frá 15.03. í minnst eitt ár. S.6979582

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Bílskúr

24 fm bílskúr til leigu við Háaleitisbraut. Uppl. í s. 894 8480

Húsnæði til sölu

113 FM EINBÝLISHÚS (3 SVEFNH.) VIÐ SJÁVARSÍÐUNA Á NORÐURLANDI TIL SÖLU/ LEIGU.
Stór sólpallur m. heitum potti, skjólveggir, gott pláss í risi, stór garður.

Nánari uppl. í s. 863 5455 og 560 4214 e. kl. 16

Sumarbústaðir

Til sölu sumarhús - ferðaþjónustuhús - gesthús - hóteleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.

ATVINNA

Atvinna í boði

NONNABITI
Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.
Umsóknir sendist á nonnabiti@nonnabiti.is

BAKARÍ / KAFFIHÚS
Starfskraftur óskast í bakarí í hlutastarf, seinnipart og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Óskar eftir duglegum starfsmönnum alla virka daga í Bakaríið Kornið Árbæ, Lækjargötu og Hafnarfjörð. Áhugasamir sendi umsókn á tölvupóstinn umsokn@kornid.is

CLEANING COMPANY
Cleaning company is looking for people to work in cleaning services, (bussines and residentials).

Required: professionalism, reliability and flexibility. English is mandatory.
Applications for job will be sent by e-mail hallo@stedum.is/cami@stedum.is up to date 10/03/2016.

VEITINGARHÚS/BAR
óskar eftir starfskrafti aðrahvora helgi við afgreiðslu á bar. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
Umsóknir sendist á tjonusta@365.is merkt "Bar"

SMIÐIR ÓSKAST
Traust smíðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir lærðum smiðum með reynslu. Fjölbreytt og skemmtileg vinna.
Nánari upplýsingar í síma: 859-5900 eða daniel@husihus.is

MÓTTAKA - NÆTURVÖRÐUR
Íbúðar hótel í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku. Vinsamlegast sendið umsóknir til jobs@apartmentk.is

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

58 ára einlægur karlmaður vill kynnast konu á svipuðum aldri sem nánum félaga til að fara út að borða með. Engin skyndikynni. Fullum trúnaði heitið og krafist. Uppl. 8561883.

skemmtanir

BÖRNIN FERÐAST FRÍTT OG FÁ ÍSLENSKAN BARNAKLÚBB

Fyrsta barn ferðast frítt á ákveðnum brottförum í sumar ef þú bókar fyrir 29. febrúar. Þar að auki halda Kapteinn Nemo og áhöfn hans sig á Pegasos hótelunum og sjá til þess að börnin geti leikið sér í barnaklúbbnum með íslenskum leiðbeinendum.

Barn t.o.m.15 ára

0,-

fyrir bókanir seinast 29.febrúar.



Pegasos Royal

Incekum - Tyrklandi

Glæsileg wipeout braut

Pegasos Royal er með sameiginlegt útisvæði með Pegasos Resort og Pegasos Club. Það þýðir að þú færð íþróttaaðstöðu, sundlaugar, bari og aðra afþreyingu þriggja hótela. Hótelin liggja við glæsilega sandströnd með ótrúlega skemmtilegri wipeout braut.

Lestu meira á **nazar.is/pegasosroyal**

Allt innifalið í viku frá 122 599,-
Barn t.o.m. 15 ára 0 kr

Pegasos Resort

Incekum - Tyrklandi

Mögulega besta strönd Tyrklands

Pegasos Resort deilir útisvæði með tveimur nágrannahótelum sínum og því færð þú aðgang að mjög stóru útisvæði með aðstöðu þriggja hótela. Hér færðu gyllta og barnvæna strönd, rennibrautir, íþróttasvæði, wipeout braut og margt fleira!

Lestu meira á **nazar.is/pegasosresort**

Allt innifalið í viku frá 122 599,-
Barn t.o.m. 15 ára 0 kr

Pegasos World

Side - Tyrklandi

10.000 m² vatnaparadís

Á hinu einstaka Pegasos World opnar sig heimur sem á engan sinn líkan. Stærsta sundlaug Miðjarðarhafsins, vatnsskemmtigarður sem gefur gott kítl í magann og fullkomin staðsetning við breiða og fallega strönd. Hér getur þú hallað þér aftur og notið þín!

Lestu meira á **nazar.is/pegasosworld**

Allt innifalið í viku frá 129 599,-
Barn t.o.m. 15 ára 0 kr

World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

nazar

Notaleg rúmföt, sem eru mjúk og þægileg, skipta höfuðmáli þegar við leggjumst til svefns, hvort sem við erum heima hjá okkur eða á hóteli. Vöruúrvalið hjá Eddu er mjög breitt.

Áratuga reynsla af sölu líns

Heildverslunin Edda var stofnuð árið 1932 og er því 84 ára gömul. Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi á gæðavörum fyrir hótel og gistiheimili, stofnanir og sérvöruverslanir. Mörg af stærstu hótelum landsins, jafnt sem minni, kaupa allt lín frá Eddu.

Vörur sem Heildverslunin Edda býður upp á eru meðal annars rúmföt, lök, hlífðardýnur, teppi, handklæði, baðmottur, inniskór, sloppar og starfsmannafatnaður. „Einnig bjóðum við upp á lífrænt lín fyrir þá sem það vilja. Eftirspurn eftir slíku líni hefur aukist mjög og tekur nú fjöldi hótela og gistihúsa lífrænt lín. Edda heildverslun vinnur með sterkum og traustum framleiðendum í lífrænni framleiðslu, sem gerir okkur kleift að bjóða úrvals lífrænt lín á samkeppnishæfu verði. Nú þegar hafa hótel og gistiheimili skipt alfarið yfir í lífrænt lín frá okkur," segir Borghildur Hauksdóttir, markaðsstjóri hjá Eddu.

Borghildur segir starfsfólk Eddu leggja upp með örugga og skjóta þjónustu. „Við eigum flestar okkar vörur til á lager árið um kring þannig að viðskiptavinir okkar geti gengið að þeim vísum. Beri svo við að varan sé ekki til á lager er venjulega hægt að panta hana með litlum fyrirvara."

Helga Ragnarsdóttir, innkaupa- og sölustjóri Eddu, og Borghildur Hauksdóttir markaðsstjóri.

Falleg baðherbergi státa alla jafna af fallegum handklæðum og baðvörum sem gefa herberginu hlýlegan blæ.

Mjúkur sloppur til að smeygja sér í eftir heita sturtu gefur notalega upplifun og er góð byrjun á deginum.

Ráðgjöf um val á rúmfatnaði

Borghildur segir að rúmföt fyrir hótel þurfi ekki bara að vera mjúk og þægileg heldur þurfi þau að vera slitsterk, þola mikla meðhöndlun og háan þvottahita. „Notaleg rúmföt, sem eru mjúk og þægileg, skipta höfuðmáli þegar við leggjumst til svefns, hvort sem við erum heima hjá okkur eða á hóteli. En öfugt við heimilið þarf hótelið að huga að þáttum sem snerta rekstur hótelsins, bæði hvað varðar endurnýjun á rúmfatnaði, þvottakostnað og hversu mikinn tíma starfsfólkið tekur í að skipta um á hverju rúmi. Því henta ólíkar gerðir rúmfata mismunandi hótelum með tilliti til fjölda herbergja, þvottafyrirkomulags og auðvitað þess stjörnuflokks sem þau tilheyra. Vöruúrvalið okkar er mjög breitt og við getum útvegað hvort sem er straufrí rúmföt, hálfstraufrí, bómull, bómullarblöndur eða lífrænt lín, allt eftir því hvað hentar viðkomandi rekstri." Hún bætir brosandi við að þetta sé auðvitað oft barningur á milli þess að velja ódýrt sem þurfi mögulega að endurnýja oftar eða fara í meiri gæði, sem kosta meira í byrjun en endist lengur.

> **Edda Heildverslun vinnur með sterkum og traustum framleiðendum í lífrænni framleiðslu, sem gerir okkur kleift að bjóða úrvals lífrænt lín á samkeppnishæfu verði.**
> *Borghildur Hauksdóttir markaðsstjóri*

Kósí sængur og mjúkir koddar

Sængur og kodda sem henta vel inn á hótelherbergið má einnig fá hjá Eddu. „Það er komin mikil og góð reynsla á hótelsængurnar okkar og bestu meðmælin með þeim eru sennilega þau að gestir af hótelum sem hafa sængurnar hringja stundum og biðja um að fá þær keyptar. Nýlega fengum við nýja gerð af sæng, dúntrefjasæng sem líkir mjög eftir dúnsængum. Þær virðast vera að koma mjög vel út en mörg hótel eru rög við að vera með ekta dúnsængur þar sem erfiðara er að þrífa þær og dúnofnæmi algengt. En við getum að sjálfsögðu útvegað allar stærðir og gerðir af dúnsængum sé þess óskað."

Skilaboð um lúxus

Auk vara í svefnherbergin má fá fallegar baðherbergisvörur hjá heildversluninni. Að sögn Borghildar eiga þau fjölbreytt úrval af góðum og vönduðum handklæðum. Yfir tuttugu liti á lager og nokkra gæðaflokka, klassísk hótelhandklæði, lúxushandklæði og venjuleg heimilishandklæði í öllum stærðum. „Falleg baðherbergi státa alla jafna af fallegum handklæðum og baðvörum sem gefa herberginu hlýlegan blæ. Mjúkt handklæði, sloppur og inniskór til að smeygja sér í eftir heita sturtu gefa notalega upplifun og eru góð byrjun á deginum," segir hún og bætir við að baðsloppar og inniskór séu viðbót inn á hótelbaðherbergið sem gesturinn taki svo sannarlega eftir. „Þessi litlu atriði senda skilaboð um lúxus og gera upplifun gestsins af dvölinni ánægjulegri. Við eigum fallega baðsloppa úr frotté á lager og getum sérpantað vöffflusloppa úr lífrænu líni með litlum fyrirvara."

Dúkar og einkennisfatnaður

Ekki má gleyma líni fyrir veitingasalinn og býður Edda upp á bæði fallega borðdúka og tauservíettur. „Dúkar og servíettur eru falleg viðbót þegar veitingasalurinn á að vera í sínu fínasta pússi. Hvort sem valinn er hinn klassíski bómullardúkur eða straufrír pólýesterdúkur. Dúkar eru oft góð lausn inn á veitingahús þar sem kliður er mikill en þar dempa þeir hávaða verulega. Edda er einnig með starfsmannafatnað fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins og við sérhæfum okkur meðal annars í fatnaði fyrir hótel og veitingahús. Þar eigum við allan fatnað fyrir starfsfólk í móttöku, vikapilta, þernur og auðvitað hótelstjórann sjálfan," útskýrir Borghildur.

Edda heildverslun
Höfðabakka 9
S: 525-8210
www.eddaehf.is
eddaehf@eddahef.is
https://www.facebook.com/edda.heildverslun/

Fjárfestingar í ferðaþjónustu

Alhliða verkfræðiráðgjöf fyrir fagaðila í ferðaþjónustu

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 422 8000

Montréal
Toronto
Boston
Washington, D.C.
San Francisco
Los Angeles

WOWAIR.IS

ÞÚ FERÐ LENGRA MEÐ WOW

WOW air

Gott að taka daginn snemma

Góður undirbúningur og haldgóðar upplýsingar eiga þátt í því að tryggja hagstætt og ánægjulegt frí en flestir kappkosta að fá sem mest út úr langþráðu fríi og lenda í sem minnstum ógöngum. Hér eru nokkur ferðaráð til að hafa á bak við eyrað.

1. Leitaðu að flugi í miðri viku

Mestar líkur eru á því að fá hagstætt flug á þriðjudegi að sögn Rowan Kelleher, ritstjóra ferðasíðunnar minetime.com. Flugfélög setja gjarnan flugsæti á útsölu á mánudögum. Á þriðjudögum hafa mörg önnur fylgt því fordæmi í von um að lokka til sín upplýsta farþega sem eru sífellt að bera saman verð.

2. Skoðaðu hótel í viðskiptahverfum

Í mörgum stórborgum eru viðskiptahverfi og þar er gjarnan að finna hótel sem sérhæfa sig í að sinna þörfum fólks í viðskiptaerindum. Þau eru yfirleitt mikið bókuð á virkum dögum en lausari þegar líður undir lok vinnuvikunnar og um helgar. Þá er oft hægt að fá hagstæð kjör. Ef þú ert á leið í helgarferð er ráð að skoða hótel í slíkum hverfum.

3. Gerðu fjölnota pökkunarlista

Mælt er með því að gera nokkra fjölnota pökkunarlista en þannig má komast hjá því að þurfa að finna upp hjólið í hvert sinn sem látið er ofan í tösku. Það er sniðugt að gera einn fyrir helgarferð og annan fyrir sólarlandafrí svo dæmi sé nefnt. Gott er að fara yfir listann að fríi loknu og taka út það sem ekki var notað og bæta við því sem hugsanlega vantaði. Góður listi sparar tíma og heilabrot þegar fram líða stundir.

4. Pakkaðu niður stórum klút

Það er ótrúlegt hvað klútur getur komið að miklu gagni á ferðalögum. Það má nota hann til að binda um höfuðið til að verjast sólinni, vefja um sig miðjan á ströndinni, nota til að þurrka sér ef þörf krefur og jafnvel hnýta saman í poka ef annað er ekki við höndina. Hann getur líka komið í staðinn fyrir strandhandklæði ef það gleymist og margt fleira.

5. Síðustu töskur inn koma fyrstar út

Þó að það borgi sig að tékka inn tímanlega er staðreyndin sú að töskurnar sem fara síðast inn í vél koma yfirleitt fyrst á færibandið. Það getur verið gott að hafa það í huga ef þér liggur á við komuna.

6. Nýttu símann til fulls

Sendu þér einn póst með öllum bókunarstaðfestingum fyrir flug, hótel, bílaleigubíla og annað í þeim dúr. Skannaðu inn passann þinn og sendu líka. Það getur komið sér vel ef passinn týnist. Þá er afar gagnlegt að læra vel á GPS og Google Maps til að vísa þér veginn. Náðu þér sömuleiðis í öll möguleg veður-

, frétta- og ferðaöpp. Taktu myndir af öllu sem þú gætir hugsanlega verið gerð/gerður ábyrgur fyrir eins og dældir í bílaleigubíl eða skemmdir á hótelherbergi og mundu að það er yfirleitt hagstæðara að senda sms en að hringja.

7. Taktu daginn snemma

Prófaðu að vakna um leið og sólin kemur upp og koma þér út í daginn. Það er allt annað að ganga um götur bæja og borga áður en þær fyllast af fólki og gaman að sjá staðinn vakna til lífsins. Oft má ná fallegum myndum í ljósaskiptunum og meiri líkur eru á að rekast á innfædda.

8. Ekki fara í skemmtigarða á háannatíma

Það flaska margir á því að fara í Disney-land, Tívolí og aðra skemmtigarða á háannatíma og þurfa að standa í röð með óþreyjufull börn tímunum saman og komast aðeins í örfá tæki. Ráð við því er að hafa samband við viðkomandi skemmtigarð og spyrja hvaða daga er mest að gera og reyna að haga fríinu eftir því. Oft er líka sniðugt að taka daginn snemma og vera þannig á undan mestu örtröðinni.

9. Fylgdu í fótspor ferðabloggara

Ef þú ert í ævintýraleit en átt erfitt með að ákveða áfangastaði og ferðatilhögun er ráð að hengja sig á einhvern ferðabloggarann og fylgja ferðum hans. Það er jafnvel hægt að senda honum línu og spyrja hann nánar út í tiltekna staði. Ef þú ert þegar ákveðinn í hvert þú ætlar að fara getur verið sniðugt að finna bloggara sem hefur bloggað um staðinn og kanna hverju hann mælir með.

Frábært land heim að sækja

Litháen er spennandi áfangastaður fyrir Íslendinga en nú gefst landsmönnum kostur á að ferðast þangað með **Kríu Travel**. Landið býður upp á fjölbreytta náttúru, ríka sögu, gómsæta matarhefð og vingjarnlega íbúa auk þess sem auðvelt er að ferðast þar með börn.

Ferðaskrifstofan JS Kría Travel er ungt fyrirtæki sem þjónustar bæði erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands og Íslendinga sem vilja kynnast nýjum og spennandi áfangastöðum erlendis. Eigandi og framkvæmdastóri ferðaskrifstofunnar er Jurgita Statkevicius en sjálf var hún búin að starfa í ferðabransanum í mörg ár þegar hún fór út í eigin rekstur.

„Ég var búin að starfa í greininni í sex ár. Sjálf tala ég fimm tungumál, er menntaður leiðsögumaður og margir í kringum mig hvöttu mig til að stofna ferðaskrifstofu. Þannig að ég hugsaði með mér, hvers vegna ekki? Ég byrjaði smátt en á svipuðum tíma naut Ísland sívaxandi vinsælda í Litháen en þar ég fædd og uppalin. Hingað til hef ég helst þjónað ferðamönnum frá Litháen og rússneskumælandi ferðalöngum. Nú stefni ég hins vegar að því að kynna ættland mitt, Litháen, fyrir Íslendingum.“

Í júlí mun Kría Travel bjóða upp á hópferð til Litháen fyrir Íslendinga í beinu flugi með WOW air en landið hefur upp á mjög

„Litháen býður upp á fallegar strandir og fagurgræna skóga, gamla kastala og merkilega sögu,“ segir Jurgita Statkevicius hjá Kríu Travel. MYND/ANTON BRINK

margt að bjóða að sögn Jurgitu. „Litháen býður upp á strandir og fagurgræna skóga, gamla kastala og merkilega sögu. Þar er einnig góður matur og gott úrval afþreyingar er víða í boði fyrir börn og unglinga. Landið er því spennandi valkostur í sumar.“ Nánari upplýsingar má finna á kriatravel.com.

Litháen er ríkt af sögu og fallegum byggingum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við ferðuðumst til Litháens síðasta sumar með JS Kríu Travel og var ferðin full af ánægjulegum upplifunum. Fararstjórinn, Jurgita, var afar fróð um landið enda fædd og uppalin í Litháen. Landið kom verulega á óvart, það er afar fallegt og fjölbreytt. Við sáum fallegar borgir og lítil þorp, fornsögulega staði og stórkostlega strandbæi. Sumar ferðir festast meira í minni en aðrar og þessi ferð mun lifa í okkar minni sem ein af þeim minnisstæðu.“

Sigurður Rúnar Sæmundsson og Nanna Hákonardóttir

„Fjölskyldan fór til Litháens sumarið 2012. Í ferðinni voru m.a. skoðaðir kastalar og glæsilegar verslunarmiðstöðvar, við fórum í frábæra innanhúss vatnaskemmtigarða og klifurleiksvæði í fallegum skógi. Það var mjög þægilegt að ferðast með börnin okkar sem þá voru tveggja og níu ára. Við munum heimsækja Litháen fljótlega aftur enda frábært og áhugavert land til að sækja heim. Við mælum svo sannarlega með ferð til Litháens fyrir alla.“

Berglind Helgadóttir og Benony Benonysson

„Okkur hafði lengi langað til að kynnast Litháen og fögnuðum því þegar okkur bauðst að fara vikuferð með Kríu Travel. Það var áhugavert að heyra frásagnir þeirra frá tímanum á meðan járntjaldið var og hét. Þau kynntu okkur fyrir gómsætum matarréttum og matarvenjum þjóðar og saman náðu þau að gera ferðina hreint ógleymanlega. Litháen er gott land heim að sækja, er grænt, fallegt og hefur mjög margt að bjóða ferðamönnum. Við eigum klárlega eftir að heimsækja landið á ný. Takk fyrir okkur.“

Arnaldur Valgarðsson og Arndís Jónsdóttir

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ **SPORTPAKKANUM** Í SÍMA **1817** EÐA Á **365.IS**



RISAHELGI Í BOLTANUM

SPORT

*Það verður nóg um að vera á fótboltavöllum Evrópu um helgina og við sýnum að sjálfsögðu allt það markverðasta í beinni. Á laugardag fá **Los Blancos** granna sína og erkifjendur í **Atlético Madrid** í heimsókn og getur allt gerst í þessum hörkuleik. Á sunnudag eru svo þrír þrusuflottir leikir á dagskrá. **Rauðu djöflarnir** fá **Skytturnar** frá London í heimsókn og síðar um daginn dregur til tíðinda á Wembley þegar **Liverpool** keppir við **Manchester City** í **úrslitaleik Enska deildabikarsins.** Kvöldleikurinn er svo ekki af verri endanum, því þá tekur **Juventus** á móti **Inter Milan** í toppslag á Ítalíu.*

Ekki missa af þessari boltaveislu um helgina.

Hugrás

Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands skrifar um dægurlag á nýrri plötu eftir Bubba Morthens og söguna sem liggur að baki textanum.

Í grein Steinunnar J. Kristjánsdóttur kemur fram að Þórdís Halldórsdóttir frá Sólheimum í Skagafirði var fyrsta konan sem var drekkt á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Öll þessi andlit í Drekkingarhyl

Við bakkann ég sat um sólarlagsbil
Ég sá öll þessi andlit í Drekkingarhyl
Ég sá öll þessi andlit, þrútin og blá
Iðan bar þau til mín og síðan frá

Enn á ný slær Bubbi Morthens í gegn með dægurlagi um réttindabaráttu þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Að þessu sinni er það ásamt Spaðadrottningunum með laginu „18 konur“ af samnefndri plötu. Þar gerir hann að yrkisefni konurnar sem drekkt var í Drekkingarhyl á Þingvöllum eftir að dauðarefsingar vegna hjúskaparbrota voru leiddar í lög með Stóradómi á Alþingi árið 1564.

Agnes og Friðrik

Margir aðdáendur Bubba muna eflaust einnig vel eftir því þegar hann fjallaði í öðru dægurlagi um örlög Agnesar og Friðriks en þau voru tekin af lífi síðust Íslendinga við Vatnsdalshóla í Austur-Húnavatnssýslu árið 1830. Sakamál fyrri alda verðskulda svo sannarlega athygli, ekki síst vegna þess að sum þeirra kunna nefnilega enn að vera óleyst, eru svonefnd „cold cases“, þrátt fyrir að dómar hafi verið kveðnir upp eins og gert var í einu þekktasta afbrotamáli síðari ára, Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Dæmi eru um að hæpnar játningar hafi ráðið úrslitum þegar konum var drekkt fyrir hjúskaparbrot fyrr á tíð og oftar en ekki var ástin talin kveikjan að baki þeim. En var það endilega svo? Þannig kveður Bubbi:

Konur sem kunnu að elska heitt
Trúðu að hann og hún yrðu eitt
Hann kunni að spinna kaldan vef
Hún spurði aldrei, ástin, hvað ef

Stóridómur

Kristin kirkja hefur raunar allt frá upphafi reynt að koma böndum á hjúskap fólks en með henni komu til sögunnar ítarlegar reglugerðir um skírlífi, einkvæni milli karls og konu, og bann við barneignum ógiftra eða skyldra einstaklinga. Á kaþólskum tíma var það fyrst og fremst Guð sem ákvarðaði refsingar fyrir brot á reglugerðum kirkjunnar og voru þau einkum afplánuð í hreinsunareldinum – eftir dauðann. Lifði miðaldafólk þannig í stöðugum ótta við það hversu kvalafullur hann yrði, ef ske kynni að drýgðar syndir væru ekki fyrirgefnar.

Þegar kaþólsk trú var bönnuð við siðaskiptin færðist þetta refsivald frá hreinsunareldi Guðs í hendur manna, í anda kenninga Lúthers. Voru það umboðsmenn konungs, sýslumennirnir, sem fengu það hlutverk að ákvarða refsingar og fylgja þeim eftir. Ári eftir að Stóridómur, sem kvað á um dauðarefsingar fyrir hjúskaparbrot, var leiddur í lög á Alþingi fór fyrsta aftakan fram hér á landi og síðan nánast ár hvert til ársins 1762. Dauðarefsingar tíðkuðust þó áfram fyrir önnur brot, allt til ársins 1830. Algengustu brotin á tímum Stóradóms voru barneignir ógifts, einkum ungs fólks, sem kann að hafa verið beitt óréttri án þess að ástin hafi komið þar við sögu.[1] Um það er lítið vitað. Bubbi heldur áfram:

Konum sem áttu sér enga vörn
Var drekkt fyrir það eitt að eignast börn
Ég starði ofan í ólguna og sá
Andlit kvennanna fljóta hjá
Ég nam í vindinum kvennanna vein
Kannski í dýpinu eru þeirra bein
Nafnið var Þórdís sem fyrst hér fór
í svelginn meðan ýlfraði prestanna kór

Þórdís

Fyrsta konan sem drekkt var á Þingvöllum var einmitt Þórdís Halldórsdóttir frá Sólheimum í Skagafirði. Hún var dæmd sek um að bera ljúgvitni um að hún væri ekki ófrísk og hafa svarið sig hreina mey. Þá neitaði hún að segja til föðurins en viðurkenndi að lokum að mágur hennar væri faðirinn, enda þótt það væri aldrei sannað. Játningar voru gjarnan kallaðar fram með pyntingartæki, eins konar fingraklemmu, eins og í tilfelli Þórdísar, en oft var húðstrýkingu beitt í sama skyni. Var Þórdís dæmd til drekkingar fyrir áðurnefndar sakir, þrátt fyrir mótmæli bræðra hennar og annarra ættingja. Dómnum var ekki framfylgt fyrr en að tíu árum liðnum.[2]

Systkinin Sunnefa og Jón

Saga Þórdísar er því miður ekki einsdæmi, því sömu sögu er að segja af mörgum öðrum konum sem stjakað var í grjótfylltum pokum ofan í ískaldan svelginn eftir að þær höfðu setið í varðhaldi svo árum skipti hjá sýslumönnum víða um land. Æði oft kom fyrir að þær kenndu föður sínum eða bræðrum börnin sem komu undir, án þess að fyrir því lægi nokkur sönnun. Nauðganir voru ekki taldar til málsbóta í Stóradómi, hafi þær eftir allt verið ástæða þungunarinnar.[3] Mál vinnukonunnar Sunnefu Jónsdóttur frá Geitavík í Borgarfirði eystra er eitt þeirra mála sem enn ríkir óvissa um þegar litið er til játningar í því. Árið 1739 ól hún – þá aðeins 16 ára gömul – barn sem hún í fyrstunni kenndi manni á næsta bæ, Erlendi. Þegar hann neitaði sök, talaði sóknarpresturinn um fyrir henni og fékk hana á endanum til að falla frá ásökunum sínum. Sór hún eftir fjögurra daga yfirheyrslur að barnið ætti fjórtán ára gamall bróðir hennar, Jón.[4]

Voru systkinin umsvifalaust flutt í gæsluvarðhald til Jens Wíum sýslumanns á Skriðuklaustri í Fljótsdal og voru þau dæmd samkvæmt Stóradómi til dauða á héraðsþingi á Bessastöðum í Fljótsdal ári síðar. Jón skyldi hálshöggvinn en Sunnefu drekkt, líkt og hefð var fyrir. Þegar Jens sýslumaður lést um þetta leyti tók Hans sonur hans við embættinu og rekstri þessa máls, rétt rúmlega tvítugur að aldri. Þá átti eftir að staðfesta dóminn yfir sakborningunum á lögréttu Alþingis syðra en gjörningurinn átti að fara fram í júlí 1741, að þeim viðstöddum. Sunnefa forfallaðist hins vegar og bar Hans við veikindum hennar, enda um langan veg að fara. Þegar hér var komið sögu hafði Hans raunar flutt Sunnefu á bæinn Egilsstaði innar í Fljótsdal þar sem hann bjó sjálfur fram að alþingisferðinni en bróðir hennar, Jón, orðið eftir á Skriðuklaustri.

En veikindi Sunnefu höfðu sínar skýringar; hún var ófrísk öðru sinni og ól barnið í desember sama ár og alþingisferðin var fyrirhuguð. Og þrátt fyrir að kornabarnið hafi verið skírt af presti og skráð í kirkjubækur, eins og lög gera ráð fyrir, þá yfirheyrði Hans Wíum Sunnefu ekki um faðernið fyrr en í lok aprílmánaðar. Uppi varð svo fótur og fit þegar Sunnefa greindi frá því að afkvæmið væri sýslumannsins sjálfs. Missti hann embætti sitt um skeið vegna málsins en við frekari yfirheyrslur játa loks þau systkin, Jón og Sunnefa, að hafa drýgt blóðskömm öðru sinni. Tvö vitni staðfestu að þegar Hans hefði þráspurt Sunnefu um faðernið og að lokum spurt hreint út hvort barnið ætti Jón bróðir hennar, hefði hún svarað: „Það verður svo að vera.“[5]

Voru dauðadómar yfir þeim Sunnefu og Jóni því orðnir tveir, fyrst samþykktir á tveimur héraðsþingum á Bessastöðum, en síðan átti að staðfesta þá báða á Alþingi sumarið 1742. Málið dróst hins vegar enn á langinn, einkum vegna þess að játningar systkinanna þóttu ekki nógu traustar og vilja margir meina að óvildarmenn sýslumanns hefðu viljað knésetja hann með því að efast um yfirheyrslur hans. Raunverulegar lyktir þessa máls eru raunar enn á huldu, enda þótt bundinn hafi verið endi á það með úrskurði um dauðadóm þeirra systkina í fjórða sinn á Alþingi hinn 19. júní árið 1759. Jón andaðist þremur vikum áður en aftaka hans átti að fara fram en þá hafði Sunnefa verið látin í nærri tvö ár. Hún lést sennilega vorið 1757, að sögn í varðhaldi á Eiðum.[6] Aðrar sögur segja að Hans Wíum hafi á endanum framfylgt dómnum og drekkt henni á aftökustað Múlaþings í Fljótsdal, drekkingarhylnum við Bessastaði, þar sem dómur var fyrst kveðinn upp í málinu á héraðsþingi hartnær tuttugu árum áður.

Beinin við Sunnefuhyl

Hylurinn í Bessastaðaárgili er gjarnan nefndur Sunnefuhylur, svo mikla athygli vakti framganga hennar í málinu. Vel varðveitt höfuðkúpa og fleiri bein fundust síðan í gjótu við hylinn árið 1981, líkt og greint er frá í Tímanum 16. júní sama ár. Haft var samband við þjóðminjavörð sem ákvað að taka beinin ekki til varðveislu. Skýringin var sú að beinin væru ekki nógu gömul fyrir safnið.[7] Í þessu óleysta máli – „cold case“ – voru sumsé hugsanlega til sönnunargögn, ólíkt því sem er í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Þar eru hvorki bein né morðvopn til staðar, aðeins játningar úr langvarandi yfirheyrslum. Þá er enn á huldu hvort bein þeirra kvenna sem drekkt var samkvæmt Stóradómi kunni að liggja í gjótum við hylina eða í dýpinu, eins og Bubbi spyr að í kvæði sínu. Svo mikið er víst að sakamenn þessa tíma áttu ekki rétt á greftrun í kirkjugarði, þrátt fyrir að hafa goldið fyrir breyskleika og yfirsjónir mannanna með lífi sínu. Enn eru þau utan garðs, Þórdís, Sunnefa og Jón.

SAGA ÞÓRDÍSAR ER ÞVÍ MIÐUR EKKI EINSDÆMI, ÞVÍ SÖMU SÖGU ER AÐ SEGJA AF MÖRGUM ÖÐRUM KONUM SEM STJAKAÐ VAR Í GRJÓTFYLLTUM POKUM OFAN Í ÍSKALDAN SVELGINN EFTIR AÐ ÞÆR HÖFÐU SETIÐ Í VARÐHALDI SVO ÁRUM SKIPTI.

Fræðandi samstarf

Fréttablaðið og Hugrás, vefrit hugvísindasviðs Háskóla Íslands, hafa tekið upp samstarf sem felst í því að Fréttablaðið birtir aðra hvora helgi grein á vegum Hugrásar eftir fræðimenn og -konur á ýmsum sviðum. Greinarnar birtast að sjálfsögðu einnig á vefnum hugras.is og á stundum í lengri og ítarlegri útgáfu. Samstarfið miðar að því að auka aðgengi almennings að fræðilegu en aðgengilegu lesefni lesendum til gagns og gamans.

Heimildarskrá greinarinnar er að finna í vefútgáfu hennar á visir.is og hugras.is

„Það jók sjálfstraust mitt að takast á við aðstæður sem gjarnan vekja kvíða og ótta. Ég fékk þjálfun í að nýta hæfileikana sem í mér búa. Með því að leysa krefjandi verkefni lærði ég jákvæðari leiðir í samskiptum við aðra. Námskeiðið gaf mér þor til að standa með mínum eigin skoðunum. Ég fékk nýja sýn á sjálfa mig. Í staðinn fyrir hindranir sé ég núna fleiri tækifæri í lífinu."

// Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, markaðsráðgjafi

ÍSLENSKA SIA.IS DAL 78736 02/16

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

Dale Carnegie námskeið

Á námskeiðinu færðu þjálfun í að nýta hæfileika þína til fulls og ná betri árangri í lífinu. Lærðu að vera öruggari í framkomu og betri í samskiptum við aðra. Finndu þinn innri leiðtoga og farðu út í lífið með meira sjálfstraust og jákvætt viðhorf. Skráðu þig núna!

// Ókeypis kynningartímar

Kynningartímar í Reykjavík, Ármúla 11, 3. hæð:

Fullorðnir	28. febrúar	kl. 16:00 til 17:00
Fullorðnir	6. mars	kl. 16:00 til 17:00
Ungt fólk, 10 til 15 ára	28. febrúar	kl. 15:00 til 16:00
Ungt fólk, 16 til 25 ára	28. febrúar	kl. 16:00 til 17:00
Ungt fólk, 10 til 15 ára	6. mars	kl. 15:00 til 16:00
Ungt fólk, 16 til 25 ára	6. mars	kl. 16:00 til 17:00

Upplýsingar um fleiri kynningartíma og skráning á **www.dale.is**

// Næstu námskeið

Dale Carnegie kvöldnámskeið ..... 9. mars
Dale Carnegie kvöldnámskeið .....6. apríl
Dale Carnegie á þremur dögum .....20. maí
Áhrifaríkar kynningar ..... 14. apríl
Samningatækni .....19. maí
Sölunámskeið .....6. apríl
Stjórnendaþjálfun .....11. maí
Árangursrík framsögn ..... 12. mars

// Námskeið Akureyri

Sölunámskeið .....2. apríl
Stjórnendaþjálfun ..... 19. apríl
Dale Carnegie kvöldnámskeið ..... 4. október

Nánari upplýsingar á **www.dale.is**

Skráning á dale.is Nánari upplýsingar í síma 555 7080

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

Ármúla 11, 108 Reykjavík ı Sími 555 7080 ı www.dale.is

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum. MYND/ERNIR

90% sýna batamerki eftir byltingarkennda meðferð

Vísindamenn hafa hervætt ónæmiskerfið í baráttunni við krabbamein og að því er virðist með talsverðum árangri. Beðið er endanlegra niðurstaðna en líklegt er að elsti bandamaður mannsins verði í framvarðarsveitinni í baráttunni við vissar tegundir krabbameins.

Krabbamein hefur fylgt mannkyninu frá upphafi vega. Í elstu læknahandbók veraldar, Edwin Smith-rollunni, sem talin er að hafi verið rituð um 1600 fyrir Krists burð í Egyptalandi, er að finna elstu rituðu heimildirnar um krabbamein. Þar fjalla læknar um réttu handtökin við brjóstnám eftir að æxli hefur myndast. „Það er engin meðferð til," ritar höfundurinn.

Á síðustu árum og áratugum hafa gríðarlegar framfarir átt sér stað í meðhöndlun krabbameina. Skurðaðgerðir eru orðnar mun þróaðri og miklar framfarir hafa orðið í lyfjameðferð. Komin eru fram krabbameinslyf sem beinast að ákveðnum ferlum í krabbameinsfrumum og eru þá oft markvissari en hefðbundin lyf. Svo eru dæmi þess að hægt sé að fá frumudrepandi lyf á annan hátt en um munn eða í æð, t.d. þegar frumudrepandi lyf eru gefin beint í kviðarhol sjúklinga í tengslum við skurðaðgerðir. Geislameðferðir, þar sem beitt er orkuríkum geislum til að eyða krabbameinsfrumum, eru líka orðin markvissari með nýrri tækni þar sem næst að beita geislunum aðallega á krabbameinsæxlin og hlífa þá frekar eðlilegum vef.

Aðferðum þar sem ónæmiskerfið er virkjað í meðhöndlun krabbameina er ört stækkandi svið innan krabbameinslækninga. Rannsóknir og tilraunir undanfarin ár hafa verið lofandi. Þó að margar slíkar meðferðir séu aðeins á tilraunastigi og ekki komnar í almenna notkun, þá boða þær vonandi breytta tíma í meðhöndlun krabbameina.

Ein aðferð ónæmismeðferðar við krabbameini tekur til þess þegar T-frumur, sem eru hluti af ónæmiskerfi líkamans, eru teknar úr líkama sjúklings og meðhöndlaðar á tilraunastofu þannig að þær eiga fyrst og fremst að ráðast á krabbameinsfrumur. Þeim er síðan dælt í sjúklinginn í þeirri von að sú hersveit herji á krabbameinið.

Meðferð í þessum anda var beitt í nýlegri rannsókn sem stýrt var af Fred Hutchinson-krabbameinsrannsóknarstöðinni í Seattle í Bandaríkjunum. Þá eru notaðir sérhæfðir viðtakar, svokallaðir CAR (e. chimeric antigen receptor) en með henni skeyta vísindamenn saman mótefni við T-frumuviðtaka og með genabreytingum er þeim bætt á yfirborð T-frumna. T-fruman er þá vopnuð og sérhæfð, eins konar leyniskytta ónæmiskerfisins, sem á að ráðast aðallega á krabbameinsfrumurnar.

Fred Hutchinson-rannsóknarstöðin hefur ekki birt endanlegar rannsóknarniðurstöður í ritrýndu tímariti en svo virðist sem afrakstur tilraunarinnar sé stórbrotinn. Tuttugu og níu einstaklingar tóku þátt í tilrauninni, allt krabbameinssjúklingar með langt gengið bráðahvítblæði í eitilfrumum. Niðurstöðurnar sem stjórnendur rannsóknarinnar kynntu eru á þann veg að 27 af þessum 29 einstaklingum sýndu batamerki eftir að hafa hlotið meðferðina.

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum, var í sérnámi við Fred Hutchinson-rannsóknarstöðina og vann þar sem krabbameinslæknir í nokkur ár. Þar stýrði hann svipuðum rannsóknum, þar sem frumum var breytt til að meðhöndla krabbameinssjúklinga. Þessar rannsóknir voru hluti í þróun þeirra rannsókna sem rannsóknarstöðin stendur nú fyrir.

„Það er mjög forvitnilegt að fylgjast með þessu og við fylgjumst spennt með." Hann bendir á að þó að aðferðin sé í eðli sínu svipuð og gerist í bólusetningum þá sé um að ræða mjög flókna aðferð í framkvæmd. „Það er erfiðara að virkja ónæmiskerfið gegn krabbameinum heldur en gegn sýkingum, vegna þess að krabbameinin eru komin frá okkur sjálfum, krabbameinsfrumur eru miklu líkari okkar eigin líkama en til dæmis veirusýktar frumur."



Eitlaæxli minnkar eftir CAR T-frumumeðferð. PET-greining sýnir stórt æxli í nýra minnka eftir meðferðina og hverfa. MYND/FRED HUTCHINSON RANNSÓKNARSTÖÐIN



Smásjármynd af T-frumu tekin með skimrafeindasjá. T-frumur eru launmorðingjar ónæmiskerfisins – hvít blóðfruma sem ræðst á sýktar frumur.

Aðferðinar eru þó ekki hættulausar og oft er þess konar tilraunameðferðum einungis ætlaðar þeim sem hafa litlu að tapa í baráttu sinni. Veruleg vandamál komu upp í rannsókninni. Tveir sjúklingar létust og sjö sjúklingar fengu bráðaviðbrögð og þurftu að þola miklar bólgur um allan líkamann. Læknar geta meðhöndlað hvítblæði með viðteknum aðferðum og því er óvíst hvort þessi nýja aðferð sé áhættunnar virði. Auk þess er óvíst hvort að hún virki gegn öðrum tegundum krabbameina.

„Þessi aðferð á einungis við um fáar tegundir krabbameina og þetta er jafnframt afar einstaklingsmiðuð aðferð," segir Gunnar og ítrekar um leið að í klínískum rannsóknum skoði vísindamenn hvort skaðsemin réttlæti hugsanlegan ávinning. Gunnar segir framfarir gerast í litlum skrefum. Hann bíður þess nú að sjá niðurstöðurnar birtar í viðurkenndum tímaritum. „Þetta er gríðarlega flókið í framkvæmd. Ég á ekki von á því að þetta verði tekið upp á Íslandi á næstu árum, við höfum einfaldlega ekki aðstöðu til þess. Þetta er enn þá á tilraunastigi og hvergi komið í almenna notkun."

Lækning við dreifðu krabbameini er flestum tilvikum enn þá fjarlægur draumur. Rannsóknarhópurinn í Seattle bendir hins vegar á að CAR T-frumu-aðferðin gæti orðið nýtt og afar skilvirkt vopn í vopnabúri lækna. „Það verður spennandi að fylgjast með þessu," segir Gunnar. „Vonandi verður hægt að beita aðferðum sem þessum í nánustu framtíð. [...] En þetta gerist í skrefum. Þetta er engin stórbylting sem mun skila sér í meðferð á morgun. Þannig að við verðum að bíða róleg og sjá hvernig niðurstöðurnar eru í raun og veru."

Jóhannes Árnason,
sérfræðingur í lýtalækningum

HEFUR OPNAÐ STOFU
Í KLÍNÍKINNI ÁRMÚLA 9

Sérgrein: almennar lýtalækningar,
fegrunaraðgerðir, fylliefni og botox

Tímapantanir í síma: 519 7000

KLÍNÍKIN
ÁRMÚLA

Klínikin Ármúla · Ármúla 9 · 108 Reykjavík · Iceland · www.klinikin.is

MADEIRA

Hotel Dorisol

Frá kr. 109.900 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
24. apríl í 10 nætur.

BENIDORM

Gemelos XX

Frá kr. 79.495 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 79.495 á m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.295 m.v. 2 fullorðnir í íbúð.
22. maí í 7 nætur.

SALOU

Hotel Jaime I

Frá kr. 74.795 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 74.795 á Jaime I m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.495 m.v. 2 fullorðnir í íbúð.
17. júní í 7 nætur.

ALBIR

Albir Playa

Frá kr. 89.520 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 89.520 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
19. júní í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA

Arena Center

Frá kr. 79.900 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherb. Kr. 99.900 á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherb.
2. júní í 11 nætur.

TENERIFE

Laguna Park

Frá kr. 69.900 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 69.900 á m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 87.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
24. ágúst í 7 nætur.

KRÍT

Pella Steve

Frá kr. 107.495 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 107.495 á m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
6. júní í 10 nætur.

MALLORCA

Apt. Portofino/Sorrento

Frá kr. 73.295 m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 73.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
14. júní í 7 nætur.

TORREMOLINOS Costa del Sol

Aguamarina

Frá kr. 89.900 m/bók.afsl
Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 114.095 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
19. maí í 10 nætur.

BENALMÁDENA Costa del Sol

Los Patos Park

Frá kr. 133.795 m/bók.afsl
m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 133.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjórbýli. Netverð á mann frá kr. 163.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 10 nætur.

FUENGIROLA Costa del Sol

Las Palmeras

Frá kr. 89.530 m/bók.afsl
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 89.530 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 104.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 10 nætur.

MARBELLA Costa del Sol

Pyr Marbella

Frá kr. 112.900 m/bók.afsl
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 112.930 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 139.465 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. júní í 10 nætur.

Heimsferðir kynna nýja bókunarsíðu. Veldu áfangastað, lengd og dagsetningu ferðar ásamt fjölda farþega í bókunarvélinni efst á síðunni og smelltu á Leita.

Heimsferðir | Frá ⟷ Til: KEF COSTA DE ALMERÍA | Lengd og dags.: 10-14 NÆT... 2 JÚN | Farþegar | Verð fá mann frá 99.900 kr. | LEITA

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM73932

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um mannfjandsamlegt kerfi.

Aðskilnaðarskilti á suður-afrískri strönd.

Hatur og skrifræði

Þann 10. mars árið 1966 var Sandra Laing, tíu ára skólastúlka í smábænum Piet Retief í Suður-Afríku, kölluð upp til skólastjórans. Á skrifstofu hans biðu tveir lögreglumenn sem fylgdu henni út af skólalóðinni. Skýringin var sú að skólanum höfðu borist kvartanir frá nokkrum foreldrum vegna Söndru litlu, sem væri dökk á hörund og mætti því ekki ganga í skóla sem ætlaður væri hvítum börnum í samræmi við aðskilnaðarstefnu stjórnvalda, Apartheid.

Sandra Laing var að sönnu dökk yfirlitum, en vandinn var að foreldrar hennar voru það ekki. Laing-hjónin voru þvert á móti hvítir Suður-Afríkubúar af hollenskum uppruna, sem átt höfðu hvíta foreldra, afa og ömmur. Ekki var vitað um neina svarta forfeður. Þeim brá því nokkuð við þegar dóttirin reyndist hafa dökkt litaraft og reyndu að halda henni sem mest í skugga frá sólinni fyrstu árin. Með tímanum varð dökkt yfirbragðið hins vegar sífellt meira áberandi og hrokkið hárið sömuleiðis.

Slúðrað var um að móðir Söndru hlyti að hafa haldið framhjá manni sínum, en blóðprufa þótti sanna faðernið með óyggjandi hætti. Niðurstaða vísindamanna var því sú að erfðaefni óþekkts svarts forföður hefði leynst í ættinni sem víkjandi gen, jafnvel í fjölmarga ættliði, en brotist svo fram með þessum kröftuga hætti. Fyrirbærið er velþekkt í erfðafræðinni og rannsóknir benda til að furðumikil blöndun hafi átt sér stað milli hvítra og svartra íbúa Suður-Afríku fyrst eftir að fyrrnefndi hópurinn lét á sér kræla á þeim slóðum.

Húðlitur fyrir dómi

Við tók flókinn málarekstur Laing-fjölskyldunnar sem rataði í tvígang alla leið upp í hæstarétt. Að lokum féllst rétturinn á að Sandra væri hvít í skilningi laganna og mætti búa í hverfi hvítra og sækja skóla þeirra. Þar með var þó ekki nema hálfur sigur unninn. Hver skólinn á fætur öðrum neitaði að innrita Söndru og foreldrar bönnuðu börnum sínum að umgangast hana. Hún var félagslega útskúfuð og umgekkst einna helst þeldökkt fólk sem gegndi þjónustustörfum í bænum.

Sandra Laing var aðeins eitt af ótal fórnarlömbum kynþáttastefnunnar í Suður-Afríku. Allt frá því að Evrópumenn tóku að hreiðra um sig í landinu, höfðu ýmsar reglur gilt sem settu skorður við samskiptum kynþáttanna og sem miðuðu að því að tryggja drottnunarstöðu hvítra. Það var þó fyrst eftir kosningar árið 1948 að grímulaus aðskilnaðarstefna varð hin opinbera stefna ríkisvaldsins.

Í kosningunum þetta ár komst Þjóðarflokkurinn til valda og átti eftir að halda um stjórnartaumana til ársins 1994 þegar allir íbúar landsins fengu loks kosningarétt. Þjóðarflokkurinn sótti í fyrstu fylgi sitt til efnaminni hvítra kjósenda, sem voru af hollensku bergi brotnir og töluðu hollenska blendingstungumálið Afrikaans.

Ótti við breytingar

Þessi hópur upplifði valdaleysi gagnvart gömlu enskumælandi yfirstéttinni og fannst stöðu sinni ógnað á uppgangsárum síðari heimsstyrjaldar þegar efnahagslíf Suður-Afríku blés út. Stríður straumur af svörtu verkafólki lá til borganna, sem höfðu engan veginn undan vextinum. Margir hvítu íbúanna töldu sig því ekki njóta ávaxtanna af hagvextinum á sama tíma og láglaunaðir blökkumenn veittu þeim samkeppni um störfin og þrengdu að borgunum með sístækkandi fátækrahverfum á jaðrinum.

Við þessu vildi Þjóðarflokkurinn bregðast með Apartheid-stefnu sinni. Markmiðið var að hindra að svartir íbúar landsins gætu keppt við hvíta um störf á ýmsum sviðum – þess í stað skyldu þeir gegna láglaunuðum verkamanna- og þjónustustörfum. Fjölda þeirra yrði jafnframt stillt í hóf í borgum landsins, þar sem þeir dveldust að jafnaði sem farandverkamenn, en fjölskyldur þeirra héldu til á fjarlægari svæðum. Réttlætingin fyrir þessu andstyggilega kerfi var sögð strangvísindaleg: að kynþáttum vegnaði best þegar þeir fengju að þróast án blöndunar og of mikilla samskipta við aðra. Þannig væri aðskilnaðurinn í raun hagsmunamál allra, ekki bara þeirra hvítu.

Apartheid var ætlað að ná til allra sviða þjóðfélagsins, allt frá því að skilyrða hvar einstakir hópar mættu búa og hvaða störfum þeir mættu sinna niður í smáatriði daglegs lífs, þar sem bekkir í almenningsgörðum voru sérmerktir kynþáttum. Allri opinberri þjónustu var skipt niður í undirflokka. Þannig voru aðrir sjúkrabílar ætlaðir hvítum en svörtum og voru mörg dæmi um að fólk af öllum kynþáttum lést meðan beðið var eftir „réttum“ sjúkrabíl.

> HJÓNABÖND MILLI KYNÞÁTTA VORU BÖNNUÐ, SEM OG ÁSTARSAMBÖND OG JAFNVEL KOSSAR.

Blýantsprófið

Hjónabönd milli kynþátta voru bönnuð, sem og ástarsambönd og jafnvel kossar. Framkvæmd þeirra laga fylgdi mikið og flókið siðgæðiseftirlit. Íþróttakeppnir milli hvítra og svartra voru ekki beinlínis bannaðar, en þó illa séðar. Svona mætti lengi telja.

Til að geta komið á aðskilnaði, þurfti fyrst að búa til flokkunarkerfi. Skilgreindir voru fjórir meginflokkar: hvítir, litaðir (eða blandaðir), fólk af asískum uppruna og svartir. Öllum landsmönnum bar að láta skrá sig og ganga með skilríki til að sýna fram á kynþátt sinn. Lágu refsingar við því að vera skilríkjalaus eða brjóta á annan hátt gegn reglunum, svo sem með því að vera á ferli í leyfisleysi í röngu hverfi.

Að skráningu lokinni komu vitaskuld í ljós ótal vandamál. Fjölskyldur sundruðust þar sem einstakir meðlimir voru flokkaðir með ólíkum hætti. Þótt undirstöður kynþáttaflokkunarkerfisins ættu að teljast vísindalegar, var framkvæmdin í meira lagi matskennd. Þannig gripu embættismenn oft til hins svokallaða „blýantsprófs“, sem fólst í því að blýanti var stungið í hár manneskjunnar sem meta átti og hún látin halla sér fram. Ef blýanturinn hélst í hárinu var viðkomandi talinn svartur, en félli hann til jarðar var talið líklegra að um kynblending væri að ræða.

Pólitískir hagsmunir stjórnvalda gátu kallað á tilslakanir í kerfinu. Réttindi fólks sem ættað var frá Asíu, einkum Indlandi, voru talsvert minni en hvítra Suður-Afríkubúa. Japönsk stjórnvöld voru hins vegar fremur vinveitt stjórnvöldum í Pretoríu. Eftir að samið var um stórfellda fjárfestingu nokkurra japanskra fyrirtækja í landinu snemma á sjöunda áratugnum, var því ákveðið að endurskilgreina meðlimi japanska þjóðarbrotsins í Suður-Afríku sem „heiðurs-hvíta“. Þar sem heimamönnum reyndist erfitt að greina á milli einstakra Austur-Asíuþjóða var fljótlega ákveðið að Kóreumenn og Kínverjar fengju sömu meðhöndlun.

Kærunefnd kynþáttamála

Skilvirk flokkunarkerfi kalla á mögguleika á endurskoðun og íbúar Suður-Afríku áttu kost á að reyna að kæra sig á milli flokka. Fyrir því gátu verið búsetu- og atvinnuhagsmunir eða um blönduð hjónabönd væri að ræða. Almennt séð var auðvelt að fá tilfærslu úr „æðri“ kynþætti yfir í „óæðri“ – svo sem úr því að vera hvítur yfir í að teljast blandaður eða úr blönduðum í svartan. Þegar flutningurinn var í hina áttina vandaðist málið.

Jafnvel þótt tækist að sannfæra endurskoðunarnefndina eða dómstóla, gat fólk ekki um frjálst höfuð strokið því alltaf var sú hætta fyrir hendi að málið væri endurskoðað. Enginn var óhultur fyrir njósnum samborgaranna. Þannig voru dæmi um að fólk lenti í lögregluyfirheyrslum og miklum vandræðum eftir að hafa sést á tali við fólk af öðrum kynþáttum, sem hnýsinn nágranni áleit skyldmenni í heimsókn. Fyrir vikið rofnuðu oft samskipti milli fjölskyldumeðlima sem flokkaðir höfðu verið í hverjir í sinn hópinn, þar sem fólk þorði ekki að heilsa á götu skyldmennum sem höfðu verið svo heppin að raðast í „æðri“ flokk, af ótta við að koma þeim í vandræði.

Sandra Laing er prýðilegt dæmi um flokkaflakkara af þessu tagi. Þrátt fyrir að foreldrar hennar hafi fengið dómstóla til að skilgreina hana sem hvíta, var samfélagið ekki til í að samþykkja hana sem slíka. Aðeins fjórtán ára gömul varð hún ástfangin af þeldökkum manni. Síðar stakk hún af með honum og stofnaði fjölskyldu. Til að þau mættu búa saman, varð hún að sækja um að fá sig endurskilgreinda sem litaða.

Í takti við annað í þessari ömurlegu sögu, varð þetta til þess að fjölskylda Söndru afneitaði henni. Þrátt fyrir að hafa reynt á eigin skinni fáránleika og ranglæti kynþáttafordóma, gátu foreldrarnir ekki umborið tilhugsunina um dóttir þeirra eignaðist börn með svörtum manni.

UMHVERFISVIÐURKENNING 2015
UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Kuðungurinn 2015

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2015.
Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eigi síðar en miðvikudaginn 23. mars nk. merktar „Kuðungurinn“ á netfangið postur@uar.is eða með pósti í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.uar.is/kudungurinn

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

TILBOÐ
PIZZUVEISLA!

Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4

BEN & JERRY'S TIL AÐ FULLKOMNA HELGINA

Ben & Jerry's Cookie Dough 100 ml

Ben & Jerry's Caramel Chew 500 ml

Ben & Jerry's Chocolate Fudge Brownie 465 ml

Ben & Jerry's Caramel Sutra 500 ml

Ben & Jerry's Winter Wonderland 500 ml

Ben & Jerry's Half Baked 100 ml

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

24

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. FEBRÚAR 2016 LAUGARDAGUR

†

Við þökkum innilega hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar

Ragnhildar Helgadóttur

fyrrverandi alþingismanns og ráðherra.

Þórunn Þórsdóttir
Kristín Þórsdóttir og Þórir Óskarsson
Inga Þórsdóttir og Stefán Einarsson
Helgi Þórsson og Guðrún Eyjólfsdóttir
barnabörn, makar þeirra og börn.

†

Okkar ástkæri

Haukur Guðjónsson

Garðatorgi 7, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Garðakirkju, þriðjudaginn 1. mars kl. 13.00.

Margrét Hauksdóttir **Haraldur Olgeirsson**
Sigurlaug Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

Lúthers Steinars Kristjánssonar

Jöldugróf 2.

Guð blessi ykkur öll.

Elín Ásta Káradóttir
Anna Dóra Lúthersdóttir **Hreinn Líndal Jóhannsson**
Torfi Lúthersson
Margrét Lára Lúthersdóttir
Kári Steinar Lúthersson **Berglind Dögg Jónsdóttir**
Sigurjón Lúthersson **Fjóla Steingrímsdóttir**
Hildur Helga Lúthersdóttir **Þórhallur Hákonarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Reynt að vanda til verka

Í Rótarýklúbbnum Borgir í Kópavogi hittast félagarnir vikulega klukkan 7.45 og hefja fundina á að syngja saman. Bjarnheiður Guðmundsdóttir, kennslustjóri við HÍ, er forseti.

Rótarýdagurinn er haldinn í dag, hann er tileinkaður fjölmenningu og þar leggja félagar í Rótarýklúbbnum Borgir í Kópavogi sitt af mörkum. Forseti hans er Bjarnheiður Guðmundsdóttir. „Við erum með átak í að styrkja nýbúa í bænum," segir hún. „Keyptum til dæmis bílstóla fyrir nýju flóttabörnin og í dag er að hefjast þriggja ára tilraunaverkefni sem felst í félagslegum stuðningi við þá nemendur í MK af erlendum uppruna, sem hans þurfa við."

Borgir er einn af þremur Rótarýklúbbum í Kópavogi. „Hér er morgunklúbbur, hádegisklúbbur og kvöldverðarklúbbur. Borgir er morgunklúbburinn sem þýðir að við hittumst fyrir vinnu einu sinni í viku," lýsir Bjarnheiður.

Hver nennir því? hrekkur upp úr blaðamanni. „Það hefur verið ágætis aðsókn. Við byrjum skipulegan fund kortér fyrir átta en erum yfirleitt komin um hálf átta til að eiga góða stund með vinum og félögum og svo erum við alltaf búin kortér fyrir níu, til að komast á vinnustað."

Um áttatíu manns eru í klúbbnum að sögn Bjarnheiðar og um sjötíu þeirra mættu á fundinn nú í vikunni – en hvað fer fram á þessum fundum? „Það er eins og Vigdís Finnbogadóttir sagði um sinn Rótarýklúbb: „Fundur er eins og fullorðinsfræðsla í háskóla." Við fáum fyrirlesara með margbreytileg efni. Síðast fengum við frábæran fyrirlestur um vinnudeilur hjá Magnúsi Péturssyni, fyrrverandi sáttasemjara.

En við byrjum fundina á því að syngja saman og sláum alltaf á létta strengi meðfram því að fjalla um alvarlegri mál eins og verkefni í vanþróuðum ríkjum og samfélagsþjónustu í nærumhverfinu. Það er reynt að vanda mjög til verka."

Bjarnheiður segir jöfn hlutföll milli karla og kvenna í klúbbnum. „Það er enginn forseti nema eitt ár í einu og reglan er sú að annað hvert ár er forsetinn kona og hitt árið karl. Þannig er með öll embætti innan klúbbsins, við leggjum mikið upp úr jafnrétti."

gun@frettabladid.is

Bjarnheiður, Lilja Ólafsdóttir, gjaldkeri klúbbsins, og Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi.

> **... sláum alltaf á létta strengi meðfram því að fjalla um alvarlegri mál eins og verkefni í vanþróuðum ríkjum og samfélagsþjónustu í nærumhverfinu.**

Mentorverkefnið í MK

Í Menntaskólanum í Kópavogi eru um 50 nemar af erlendum uppruna. Tilraunaverkefni skólans og Rótarýklúbbsins Borgir gengur út á að hverjum nemanda sem stendur höllum fæti félagslega sé valinn stuðningsnemandi, „mentor". Þeir hittast einu sinni til tvisvar í viku, ýmist innan eða utan skóla og Rótarý greiðir útlagðan kostnað svo sem fyrir bíómiða, strætó eða annað sem þarf.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðlaugar Kristjánsdóttur

frá Skaftárdal, Rauðalæk 33,

sem lést á hjúkrunardeild HSA Seyðisfirði þann 25. janúar. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar HSA Seyðisfirði fyrir umhyggju og umönnun.

Kristján Þór Sigurðsson **Sigrún Jónsdóttir**
Kristín Guðveig Sigurðardóttir **Cecil Haraldsson**
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir **Erlendur Bogason**
Þorsteinn Sigurðsson **Kristjana Bjarnadóttir**
Þorbjörg Sigurðadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður og ömmu,

Erlu Svanhvítar Guðmundsdóttur

Gullsmára 9, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka alúð og umönnun.

Guðrún Jóna Þorbjörnsdóttir
Guðmundur Ingvi Þorbjörnsson **Ingibjörg Þorfinnsdóttir**
Oddrún Þorbjörnsdóttir **Gunnar Jónasson**
Svanþór Þorbjörnsson **Þórey B. Magnúsdóttir**
Katrín Magnea Þorbjörnsdóttir **Stefán Ingólfsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum sýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar Árnadóttur

Hringbraut 50, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild A3 á Grund/Frúargangi fyrir einstaka umönnun og alúð.

Guðrún Olga Einarsdóttir **Steingrímur Jónsson**
Sigurður Einarsson **Valgerður M. Magnúsdóttir**
Ragnheiður S. Einarsdóttir **Gunnar Jónsson**

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna útfarar okkar heitt elskuðu eiginkonu, móður, ömmu og tengdamömmu,

Ragnhildar Magnúsdóttur

Skógarseli 43, Reykjavík.

Fjölskyldan vill koma á framfæri þakklæti til starfsfólks Karitas, starfsfólki dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga 11B, krabbameinslækningadeildar 11E og ekki síst líknardeildarinnar í Kópavogi. Einnig færum við Sigurði Björnssyni krabbameinslækni og Helgu Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðingi sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

Jóhann Steinsson
Erla Jóhannsdóttir **Pétur Guðmundarson**
Steinn Jóhannsson **Berglind Ósk Ólafsdóttir**
María Jóhannsdóttir **Bjarki Már Hinriksson**
og barnabörnin Alexandra, Ólafur Jóhann, Ísak, Patrik, Andri Már, Jóhann Berg og Rakel

„Þetta voru fígúratív verk og það var einhver frásögn í þeim öllum," segir Guðjón. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breyting úr málverki í tungumál í bókstaflegum skilningi

Myndröð gerð úr málverkum sem rist hafa verið í ræmur og ritaður texti um, sem fylgir með, er uppistaða sýningar Guðjóns Ketilssonar, Málverk, í Hverfisgallerii.

„Ég er að stokka upp nítján málverk sem ég vann á níunda áratugnum, þá vann ég sem málari eins og margir gerðu á þeim tíma. Þetta voru fígúratív verk og það var einhver frásögn í þeim öllum," byrjar Guðjón Ketilsson myndlistarmaður þegar ég bið hann að lýsa því sem fyrir augun ber á sýningu hans Málverk í Hverfisgallerii. Hann kveðst aðallega vera skúlptúristi og síðustu árin hafa gert mörg verk sem ganga út á endurskipulagningu og uppröðun. Þau sem blasa við í Hverfisgallerii við Hverfisgötu 4 falla fullkomlega inn í þann ramma.

„Hér er um að ræða umbreytingu á málverki yfir í tungumál í bókstaflegum skilningi," segir Guðjón og lýsir vinnuferlinu í fáum orðum. „Ég fékk Þórunni Hjartardóttur sjónlýsara til að gera texta um hvert og eitt málverk, en skar þau í ræmur sem ég hlóð upp og límdi saman þannig að þau líta út eins og kjölur á bók. Við hliðina á þeim massa er textinn hennar Þórunnar á álstöng og er mikilvægur hluti verksins því hann stendur fyrir þá mynd sem eitt sinn var."

> **Textinn hennar Þórunnar á álstöng er mikilvægur hluti verksins því hann stendur fyrir þá mynd sem eitt sinn var.**

Önnur myndröð Guðjóns á sýningunni er gerð úr málningarskálum eða diskum sem hann hefur blandað liti á og geymt á vinnustofunni frá miðjum 10. áratugnum til ársloka 2015.

„Ég pússaði málningarílátin niður með sandpappír þannig að nú má lesa þau eins og veggfóðurslög eða jafnvel jarðsögu," segir Guðjón sem kveðst ekki hafa gert neitt þessu líkt áður þó oft hafi hann unnið með fundið efni, meðal annars húsgögn sem hann hafi keypt á mörkuðum. **gun@frettabladid.is**

---

†

Okkar ástkæra

Theodóra Hafdís Baldvinsdóttir

frá Siglufirði,

lést á heimili sínu í Molde, Noregi, sunnudaginn 21. febrúar. Jarðarförin fer fram 2. mars í Molde.

Aðstandendur.

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Kristjáns Árnasonar,

flugvélaverkfræðings og flugstjóra, Háaleitisbraut 139, Reykjavík,

sem lést 23. janúar síðastliðinn. Við þökkum sérstaklega Ásgerði Sverrisdóttur lækni, starfsfólki deildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut og hjúkrunarfræðingum hjá hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustunni Karitas.

Ragnheiður S. Ísaksdóttir
Anna Margrét Kristjánsdóttir
Elísabet Kristjánsdóttir, Páll Jónbjarnarson
Árni Kristjánsson
Bjarki Freyr og Baldur Rafn



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnars Karls Gunnarssonar (Kalla)

Gullsmára 7, Kópavogi.

Ingólfur Karlsson **G. Helga Jónsdóttir**
Hulda Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og kveðjur vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Stefáns Héðins Gunnlaugssonar

Hugrún Engilbertsdóttir og fjölskylda.

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, afa og langafa,

Braga G. Bjarnasonar

Máshólum 5, Reykjavík.

Starfsfólki Heimahlynningar viljum við færa sérstakar þakkir.

Birna Ingadóttir
Inga G. Bragadóttir **Konráð Hinriksson**
Anna M. Bragadóttir **Guðmundur Sigtryggsson**
Auður B. Bragadóttir
Bragi G. Bragason **Soffía Haraldsdóttir**
Björn Ó. Bragason **Guðný B. Þórðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Við sendum hlýjar kveðjur og innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar kæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Ragnars Vignir

aðstoðaryfirlögregluþjóns, Sléttuvegi 21, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Hafdís Vignir
Reynir Vignir **Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir**
Anna Ragnheiður Vignir **Pétur Stefánsson**
Hildur Elín Vignir **Einar Rúnar Guðmundsson**
Sigurhans Vignir **Margrét Gunnlaugsdóttir**
barnabörn og langafabörn.

---

†

Elskulegur frændi okkar,

Pálmi Jónsson

Álfheimum 26, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 19. febrúar. Útför hans fer fram í Bænahúsinu í Fossvogskirkju þann 29. febrúar kl. 13.00.

Aðstandendur.

---

†

Ástkær systir mín,

Kristjana Ársælsdóttir

(Kiddý),

lést á Landspítalanum þann 22. febrúar. Útförin verður gerð frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 1. mars kl. 13.00.

Einar G. Ársælsson

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Arnkell Jósepsson

bóndi, Breiðumýri, Reykjadal,

lést aðfaranótt 24. febrúar á Sjúkrahúsinu á Húsavík. Jarðarför fer fram í Einarsstaðakirkju 5. mars kl. 13.30.

Guðný Edda Gísladóttir
Guðmundur Jón Arnkelsson **Guðrún Jósepsdóttir**
Lára Kristjana Hannesdóttir **Óttar Jósepsson**
Guðný Edda Guðmundsdóttir
Kristjana Ylja Guðmundsóttir
Garðar Þormar Pálsson
Sóley Arna Þormar Garðarsdóttir

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gústav Nilsson

Norðurbrú 3, Garðabæ,

lést á Landspítala Landakoti þriðjudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

Þóra Ólafsdóttir
Svava Gústavsdóttir **Jón Þór Ólafsson**
Gerður Gústavsdóttir **Lúðvík Hjalti Jónsson**
Nils Gústavsson **Guðbjörg Jóna Guðlaugsd.**
afabörn og langafabörn.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1 Glott blaðamannsins knáa má rekja til þeirra sem brugðust (9)
11 Tel þá sem féllu í orrustu við eigið eðli styrkja kenningar Darwins um þetta (10)
12 Þetta blað auðveldaði allt, segir sá einfaldi (9)
13 Læri réttar líkar vel og lestur bóka/fróðleiks brennur fýsnin heit/fræðum ekkert betra veit (12)
14 Drekkum minni karla og ákveðinna kvísla (9)
15 Læri, því þetta er klíka skólakrakka (12)
17 Niðdimm nótt og frjálsar konur óhræddar á ferli (10)
21 Gleyma ekki gildi þess sem gamalt er þótt gömul séu (8)
22 Sá ruddalegi ræktaði sinn löst (10)
24 Ránfuglinn nafnlausi er utan við eldsins heimaföll (8)
26 Hófu ung fjáraustur í fínerís straubolta og rugl (13)
27 24 tommu tal kvarðar klæði (8)
30 Þráði fram í fingurgóma og aðstoðaði smiðinn (11)
32 Ung eygja þarlend andfætlingabörn (10)
33 Kúlumítillinn er ferfætt áttfætla (11)
38 Skyldi hann vanta galla? (6)
39 Grær sár við dauðans dyr (9)
40 Vantar soð til að gefa mannsbragð (5)
41 Í þjöppun má finna þvingað nám (8)
43 Frá því sem mótað var og fært úr lagi (9)
44 Fljót flengist til og frá vegna aðsóknar (6)
45 Vætir nautnar þing (7)

LÓÐRÉTT

1 Heimta skæði fyrir tjútt og tangó (7)
2 Allt of mikið í þig lést, þvílíkt dálæti! (7)
3 Læt skattafant um innflutningsgjöld og þvíumlíkt (7)
4 Hef stuðning drottningar við jarðnytjar (7)
5 Sé hlutaðeigandi æða til þófa (7)
6 Spottum snjórisa (6)
7 Nú er ráð að klára kúrsinn sinn (20)
8 Gaurinn með lífsmarkinu þrælar (12)
9 Eru nagdýrin í 1. sæti hreint ekki hérar heldur búskrottur? (12)
10 Kvikindið glansar einsog nýsprautuð bjalla (10)
16 Fæ kvæði frá pabba og flyt í útför hans (8)
18 Ræfilskrakki fær ræfilslega brúðu? (9)
19 Hef uppgötvað augljóst ríkidæmi (9)
20 Skynja lurk og leiða við norskt pláss (9)
23 Beini vindi til heimabyggðar (7)
25 Ekkert gert = Engar vistir (10)
28 Það eru mistök að virða ekki kraft trés (8)
29 Sló náunga þótt enginn væri á svæðinu (9)
31 Á börum yfir þröskuldinn, enda heimafólk (8)
33 Lofgjörð um haf hvar eyjar rísa úr sæ (6)
34 Fögnuðu birtingu niðurstöðu (6)
35 Laga stöppuna fyrir litla dýrið (6)
36 Týndu úrunum og béinu úr brókunum (6)
37 Kemur frumefni 49 frá þessum eyjum? (6)
42 Box í hálfa öld (3)





Lausnarorð síðustu viku var
SAMFÉLAGSBANKI

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Sögur handa öllum** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var
Reynir Axelsson, Mosfellsbæ

LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem mannskepnan fær engu um ráðið en líður þó oft fyrir. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „27. febrúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

Þrautir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÆFINGAMÓT

Um síðustu helgi brugðu landsliðspörin Jón Baldursson-Sigurbjörn Haraldsson og Sveinn Rúnar Eiríksson-Þröstur Ingimarsson sér á æfingamót í Rússlandi, Slava Cup, sem spilað var í Moskvu. Átta sterkar sveitir ötlu þar kappi og hafnaði Ísland í 7. sæti. Sveit Auken vann sigur í úrslitaleik gegn sænskri unglingasveit. Sænska sveitin vermdi efsta sætið lengst af en sveit Auken var í botnbaráttu og komst naumlega í 4. liða útsláttakeppni með 0,28 stiga forystu á 5. sætið. Gengi Íslands var brösótt og heilladísirnar voru ekki í för með liðinu. Í annarri umferð riðlakeppninnar mætti sveit Íslands sveit Birmans. Heppnin var ekki í liði Íslands í þessu spili í leiknum, norður gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ ÁD2
♥ 10983
♦ ÁG53
♣ K10

Vestur
♠ G8
♥ DG42
♦ D872
♣ 932

Austur
♠ K754
♥ Á6
♦ K10964
♣ D4

Suður
♠ 10963
♥ K75
♦ -
♣ ÁG8765

Lokasamningurinn í lokuðum sal var 3♦ sem Sveinn Rúnar og Þröstur tóku 1 niður. Í opnum sal hóf Birman sagnir á 1♣ í norður sem lofaði 2 spilum. Sigurbjörn kom inn á 1♦ og Tarnowski sagði 1♥ sem var yfirfærsla í spaða. Jón Baldursson stökk í 3♦ sem voru passaðir til Tarnowskis. Hann ákvað að berjast í 4♣ og Birman lagði til 4♠ sem varð lokasamningurinn. Útspil Sigurbjörns var tígultía, hjarta hent í blindum og laufkóngur og ás teknir. Þegar laufdrottning birtist, var spaðatíu spilað, gosi, drottning og kóngur. Sigurbjörn reyndi að stytta blindan í trompinu með tígulkóng en sagnhafi henti bara laufi. Þá kom hjartaás og meira hjarta. Sagnhafi drap á kóng og tók spaðann með því að svína spaðasexu og fékk 620 í sinn dálk.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Toran átti leik gegn Kuypers í Malaga árið 1965. Hvítur virðist vera í vandræðum vegna krossleppunar.

1. Dxd4! Svona einfalt var það! Svartur gaf enda biskup fyrir borð.
www.skak.is: Barna Blitz, fyrstu undanrásir í TR á morgun.

Sudoku

LÉTT

				6	7		9	2
7	9			1				6
		6		3				
	3	2	1					8
6	4				9			
9	1		2		3			4
2	5				8	3		
		1	4			6		
8				9				

MIÐLUNGS

4			6	7		8		3
2		6		1				7
	8			4	5		2	
		8			6			9
6	1					3		
				2	1		4	
		7			4			
			2	8				4
3	6			5				

ÞUNG

	7		4			3		2
	2		1	3		4	6	
					7	8		4
			8	9			2	6
		7					5	
				2			9	
	6			1		2		5
9				5		6	7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9

3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

markhönnun ehf

netto

NÝTT KORTATÍMABIL

Dúndurverð

-40%

GRÍSABÓGUR
599
ÁÐUR 998 KR/KG

-27%

KS LAMBABÓGUR FROSINN
799
ÁÐUR 1.095 KR/KG

-30%

FERSK NAUTA MÍNÚTUSTEIK
2.799
ÁÐUR 3.998 KR/KG

-40%

FERSKT LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
1.873
ÁÐUR 2.754 KR/KG

-40%

CROSSANT M/SKINKU OG OSTI
149
ÁÐUR 249 KR/STK

EMMESS SKAFÍS 1L
3 TEG
399
ÁÐUR 493 KR/PK

NÝTT í Nettó

THAICUBE - 4 TEG
498
ÁÐUR 570 KR/PK

www.netto.is | Tilboðin gilda 25. – 28. feb 2016

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Konráð og félagar á ferð og flugi 188

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Æi og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Mér finnst þær bara skemmtilegar ef þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna er þríhyrningur og annar minni inni í honum. Getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði þrír þríhyrningar?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þú getur nú reynt að leysa þessa þraut.“

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut? Færðu tvær eldspýtur svo úr verði þrír þríhyrningar.



Brandarar

Af hverju ferðu alltaf í þín bestu föt í þrumuveðri?
Nú, það er verið að taka mynd af mér.

Í blokkinni sem Óli býr í eru veggirnir svo þunnir að hann fer að gráta þegar nágrannarnir skera lauk.

Tveir strútar hittust á víðavangi.
Annar: Af hverju ætli það sé sem við strútar stingum alltaf hausnum í sandinn?
Hinn: Ég veit ekki af hverju þú gerir það en ég er að leita að olíu.

Kennarinn: Gústi, segðu mér frá því sem þú veist um síðustu kvöldmáltíðina.
Gústi: Ég var ekki þar, ég lá í flensu.

Hvernig brenndi drekinn sig á hendinni?
Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði.

Rauði krossinn
Reykjavík–Kvennadeild

Aðalfundur

Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík 2016
verður haldinn í Setri, Grand Hótel Reykjavík,
Sigtúni 38, **fimmtudaginn 3. mars kl. 18:00.**

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning í stjórn og nefndir
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Halldóra K. Thoroddsen les úr bók sinni Tvöfalt gler.

Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma
545 0405, 545 0400 eða með tölvupósti: audur@redcross.is
í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

Stjórnin

„Það er ekkert rosalega erfitt að synda með sporðinn,“ segir Sigríður Salka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Syndir um eins og hafmeyja í laugunum

Hún **Sigríður Salka Ólafsdóttir**, sem er sjö ára og alveg að verða átta, á skrautlegan hafmeyjarsporð sem hana hafði dreymt um og var svo ljónheppin að fá í jólagjöf. Það var alveg óvænt.

Sigríður Salka sem verður átta ára eftir einn mánuð hefur vakið athygli í sundlaugunum þegar hún mætir þar með forkunnarfallegan sporð. Hvernig fékk hún hann?

Ég sá myndband á YouTube af stelpum að synda með sporð, það var ótrúlega flott og mig langaði svo í svoleiðis. Ég var búin að biðja mömmu oft um að fá hann en hún sagði að hann væri of dýr. Ég bað líka jólasveininn að gefa mér hann í skóinn en mamma sagði að jólasveinar gæfu ekki svona dýrar gjafir. En svo fékk ég hann samt í jólagjöf. Ég var ótrúlega hissa og glöð.

Er hægt að synda með hann?
Já, það er meira að segja ekki rosalega erfitt, en samt dálítið þegar maður er orðinn þreyttur í fótunum.

Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gömul ertu?
Ég heiti Sigríður Salka Ólafsdóttir og ég er sjö ára en verð átta ára eftir mánuð.

Hvaða fög eru í uppáhaldi í skólanum?
Mér finnst skrift skemmtilegust og að læra í bókinni Ritrúnu.

Hver eru helstu áhugamálin þín utan skólans?
Ég æfi fimleika, fótbolta og körfubolta en mér finnst líka gaman að fara til Möggu frænku minnar sem er 72 ára gömul og er frænka númer eitt.

Hvernig leikir finnst þér skemmtilegastir?
Ein króna og feluleikur. Við förum oft í þá í frímínútum.

Gerir þú einhvern tíma skammarstrik?
Nei. Mig langar ekki að verða skömmuð.

En hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?
Kannski lögregla, læknir eða blaðamaður.

Vissuð þið þetta um Vínardrengjakórinn?

Vissuð þið að: Vínardrengjakórinn er einn frægasti drengjakór í heimi?
Vissuð þið að: kórinn hefur sungið í kapellu keisarans í Vín frá árinu 1296?
Vissuð þið að: kórinn hefur sungið í sunnudagsmessum í kapellum keisarans frá árinu 1498?
Vissuð þið að: í kórnum eru í heild um 100 drengir á aldrinum 9 til 14 ára en þeim er skipt í fjóra kóra.
Vissuð þið að: kórinn kemur fram á yfir 300 tónleikum árlega?
Vissuð þið að: Tónskáldin Joseph Haydn og Franz Schubert voru í Vínardrengjakórnum?
Vissuð þið að: Meira en hálf milljón áheyrenda hlustar á söng kórsins á hverju ári?
Vissuð þið að: Vínardrengjakórinn er að syngja á Íslandi nú um helgina í fyrsta skipti?

Myndin er frá síðustu öld en kórinn hefur verið til frá 1296. NORDICPHOTOS/GETTY

POTTA

OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

LÝKUR UM HELGINA!

NÝTT KORTATÍMABIL • NÝTT KORTATÍMABIL • NÝTT KORTATÍMABIL

100 TEGUNDIR

20-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

LÝKUR UM HELGINA!

NÝTT KORTATÍMABIL • NÝTT KORTATÍMABIL • NÝTT KORTATÍMABIL

- POTTASETT
- GRILLPÖNNUR
- GUFUSUÐUPOTTAR
- DJÚPAR PÖNNUR
- HRAÐSUÐUPOTTAR
- WOK-PÖNNUR
- POTTJÁRN
- LEIRPOTTAR
- KOPARPOTTAR-
- OG PÖNNUR

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

LE CREUSET · ibili · KitchenAid · Fissler (Fissler. Perfect every time.) · GRUNWERG SHEFFIELD·ENGLAND · Jamie Oliver · evatrio · Tefal

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Fremur hæg austlæg eða breytileg átt í dag og létti smám saman til. Víða frostlaust um landið sunnan- og vestanvert en annars frost 2 til 18 stig, kaldast í innsveitum norðaustan til um morguninn.

Heimurinn

Kaupmannah. 4°	Oslo 1°	Stokkhólmur 1°	Gautaborg 4°	Helsinki -1°	Þórshöfn 4°	Nuuk -5°
London 5°	Amsterdam 5°	Paris 5°	Berlin 4°	Madrid 6°	Brussel 5°	Róm 14°
Boston -5°	New York -3°	Orlando 6°	Moskva 1°	Singapúr 27°	Tókýó 7°	Sydney 22°

Flóð & fjara

Reykjavík

05.07	**11.26**
3,77m	0,83m
17.33	**23.35**
3,56m	0,75m

Akureyri

09.09	**02.50**
1,36m	0,51m
21.48	**15.31**
1,28m	0,39m

Ísafjörður

07.00	**00.50**
2,08m	0,47m
19.30	**13.32**
1,87m	0,42m

Tunglstaða

Vaxandi

84%

Sólarupprás: 08.44

Sólarlag: 18.37

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↖13	2° ↗7	0° ↙2	-3° ←8	1° ↑2

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ↖6	-0° ↑6	-4° ↙15	-7° ←7	-1° ←11

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-1° ↑3	-1° ↗9	-2° ↘2	-7° ↘4	-1° ↖17

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
0° ←11	-3° ↗7	-3° ↗3	-6° ↘11	-1° ↖13

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ↖5	0° ↙1	0° ↓3	-1° →1	1° ←14

Myndasögur

PONDUS — Eftir Frode Øverli

GELGJAN — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HUNDASÝNING

Hundaræktarfélags Íslands

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969

Pedigree

VÍS

27.-28. febrúar í Reiðhöllinni Víðidal

Dómar standa frá 9:00 - 16:00

Miðaverð: 700 kr.

Frítt fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Hátt í 700 hundar • 83 tegundir • Dómarar frá 5 löndum • Fjöldi kynningarbása

Nánar á www.hrfi.is

Komumst að því að við þekkjum öll nokkra Don Giovanni

Íslenska óperan frumsýnir Don Giovanni í kvöld í leikstjórn Kolbrúnar Halldórsdóttur sem hefur heillast af söngvurum sýningarinnar sem hún segir búa yfir miklum hæfileikum og færni.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hin dáða ópera Don Giovanni eftir Wolfgang Amadeus Mozart var frumsýnd Prag árið 1787 og hefur allar götur síðan verið ein vinsælasta ópera heims. Íslenska óperan frumsýnir Don Giovanni í Hörpu í kvöld með einvalaliði söngvara, tónlistarstjórn er í höndum Benjamins Levy en Kolbrún Halldórsdóttir heldur um leikstjórnartaumana. „Garðar Cortez sagði nú hérna um árið að þetta væri ein af fjórum óperum óperubókmenntanna sem næðu því að vera hin fullkomna ópera," segir Kolbrún og er meðvituð um pressuna sem fylgir því að takast á við slíkt meistaraverk. „Þetta tæplega tvö hundruð og þrjátíu ára gamla verk hefur verið sett upp óteljandi sinnum og það er sannkölluð áskorun að fá að takast á við þessa klassísku sögu með þetta mikla drama."

Gömul saga og ný

Sagan af Don Giovanni fjallar um samnefndan glæsilegan flagara sem heillar og tælir konur vítt og breitt um Evrópu með sinn dygga þjón Leporello sér við hlið. En Don Giovanni fremur voðaverk og þar með leysast ill öfl úr læðingi og glíman við samviskuna hefst fyrir alvöru. Þessi saga hefur birst í ýmsum formum í bókmenntum og listum en Kolbrún segir að öll sviðsverk verði alltaf að leitast við að tala við samtímann með einhverjum hætti. „Þannig að við höfum óneitanlega sett 2016 gleraugun á nefið og velt aðeins fyrir okkur hver Don Giovanni dagsins í dag gæti verið. Við höfum eiginlega fundið það út að við þekkjum öll nokkra. En svo þekkjum við líka öll ýmsar donnur Önnur og Elvirur og Zerlinur sem falla fyrir sjarmerandi karlmönnum þó þeir séu drullusokkar. Svo ætla þær að elska þá svo mikið að þeir breytist ..." Segir Kolbrún og brosir út í annað. „Ó, já, þetta er gömul saga og ný og við nálgumst hana soldið þannig.

Eldborg er magnaður salur

Við förum þá leið í uppfærslunni að setja óperuna upp í ákveðnu tímaleysi. Við sækjum okkur innblástur í búningum og leikmynd í anda 19. aldarinnar. Þannig fá óperuunnendur dramatískt útlit, stóra kjóla og flottar greiðslur en strákarnir eru ekki í sokkabuxum. Vonandi mun enginn sakna þeirra."

Eldborgarsalur Hörpu er fyrst og fremst tónleikasalur og Kolbrún segir það vissulega áskorun sem kallar á sértækar lausnir fyrir óperusýningu. „Það liggur ekki beint við að setja þar upp óperu sem gerir kröfu um átta ólíkar sviðsmyndir. En þá þarf að sýna útsjónarsemi og Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður og Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósahönnuður eru algjörir galdramenn í þeim efnum og ásamt Maríu Ólafsdóttur búningahönnuði sýnist mér við ná að galdra fram trúverðuga niðurstöðu. Smiðshöggið reka raunar vídeó-listamennirnir Arnar Steinn Friðbjarnarson og Helena Stefánsdóttir og með samhentu átaki fólks sem lætur gamminn geisa og ímyndunaraflið ráða för þá held ég að okkur hafi, þrátt fyrir allt, tekist að ná þessu á nokkuð góðan stað.

En hvað þennan sal varðar þá er hann hreint meistaraverk, slíkur er hljómburðurinn. Og Benjamin Levy sem stýrir hljómsveitinni hefur útsett tónlistina þannig að hún þjónar verkinu fullkomlega, stundum er þetta svo ótrúlega viðkvæmnislegt að gæsahúðin hleypur upp og niður hryggsúluna og í annan tíma svo kraftmikið að hnefarnir kreppast. Svo anda hljómsveitin og söngvararnir svo fallega saman að það er hreint út sagt engu líkt. Þeir átta söngvarar, sem syngja þessi veigamiklu en ólíku hlutverk, og kórinn, sem fer líka alveg á kostum, eiga í mér hvert bein, það er unun að vinna með þessu kraftmikla fólki."

Heillandi söngvarar

Bakgrunnur Kolbrúnar er fyrst og fremst í leikhúsinu og hún segir að vissulega sé ákveðinn grundvallarmunur á því að vinna að hefðbundinni leiksýningu og óperu. „Í óperunni er ekki eitt einasta talað orð, þannig lagað, svo það þarf að koma öllum söguþræðinum til skila í gegnum sönginn og látbragðið. Söngvarinn sem tónlistarmaður er með sitt hljóðfæri innbyggt í líkamann, en um leið þarf hann að hafa aðferðir leikarans á valdi sínu, og það þarf gríðarlega tækni til að leika og flytja tónlistina um leið svo vel fari. Þau þurfa að takast á við stóra sextetta, kvintetta, kvartetta, dúetta og aríur. Þetta er rosalega fjölbreytileg tónlist sem þau þurfa að hafa á valdi sínu og þá gerir gæfumuninn þessi algjöra hlustun, sem þarf að vera til staðar til að geta fylgst með slaginu hjá hljómsveitarstjóranum og náð sambandi við hljómsveitina, alltaf verið spot-on eins og maður segir, án þess að gleyma hlutverkinu og aðstæðunum sem glímt er við. Þetta er svakaleg þjálfun og reynir rosalega á. Í mínum huga eru óperusöngvarar ákaflega spennandi listamenn.

Mínar áherslur hafa verið á dramað í verkinu og þátt leiklistarinnar, Benjamin Levy stýrir tónlistinni en það hefur komið í minn hlut að teygja söngvarana og toga dramatískt. Ég held að þau hafi haft gaman af því og að þau hafi þroskast sem leikarar í gegnum ferlið. Ég er að minnsta kosti alveg heilluð af þeim."

Kolbrún Halldórsdóttir leikstjóri á sviði Eldborgarsals Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þeir átta söngvarar, sem syngja þessi veigamiklu en ólíku hlutverk, og kórinn, sem fer líka alveg á kostum, eiga í mér hvert bein, það er unun að vinna með þessu kraftmikla fólki.

Komið og njótið

Kolbrún segir að það sé einstaklega heillandi að vinna að verkum þar sem leiðir tónlistar og leiklistar liggja saman. „Mér finnst rosalega gaman að tengja þetta saman og ég geri ráð fyrir að halda áfram að vinna á þessu sviði. Þarna, á mörkum tónlistar og leiklistar, líður mér vel og ég nýt þess að fá tækifæri til að miðla svona verki áfram til áhorfenda, sem er auðvitað ekki fullskapað fyrr en stefnumót flytjenda og áhorfenda á sér stað, það stefnumót er auðvitað þungamiðjan í þessu öllu saman.

Það þarf ekki að kunna ítölsku til að geta notið sýningarinnar til fulls. Við höfum verið svo lánsöm að fá til liðs við okkur Veturliða Guðnason, sem hefur þýtt óperuna með áhorfendur tuttugustu og fyrstu aldarinnar í huga. Hann hefur ekki gert mikið af því að þýða óperur en hefur reynslu af því að þýða söngleiki. Hann hefur legið yfir Mozart með okkur og þar sem svona óperuþýðing er fyrir skjátexta þá kemur sér afskaplega vel hvað Veturliði er reyndur sjónvarpsþýðandi. Hann er svo glúrinn við að koma þessu á kunnuglegt mál þannig að áhorfendur þurfa ekki að hafa mikið fyrir því að grípa textann. Þess vegna ætti fólk að geta notið þess, bæði að hlusta á ítölskuna vel sungna og gjóa svo augunum öðru hvoru á skjáinn til að ná framvindu sögunnar. Svo það er bara um að gera að koma og njóta einnar af þessum fullkomnu óperum óperubókmenntanna og það með frábærum flytjendum."



Hanna Dóra Sturludóttir og Oddur Arnþór Jónsson í hlutverkum sínum í Don Giovanni.

Hvernig liði þér ef spennutryllirinn sem þú værir að lesa fjallaði um ... þig?

Ef þér líkaði *Konan í lestinni* muntu falla fyrir þessari!

„Fyrsta skáldsaga Renée Knight er byggð á eitursnjallri hugmynd.“

Daily Express

„Saga sem ekki er hægt að leggja frá sér.“

Sunday Times

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

Útrýmingarbúðirnar voru vandlega úthugsaðar dauðaverksmiðjur hannaðar af arkitektum

Lázlo Rajk er arkitekt og leikmyndahönnuðurinn á bak við kvikmyndina Son of Saul sem þykir líkleg til Óskarsverðlauna. Hann vinnur nú að íslensku kvikmyndinni Alma í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Stockfish kvikmyndahátíðinni lýkur annað kvöld en á meðal eftirminnilegri gesta hátíðarinnar í ár er ótvírætt Ungverjinn Lázlo Rajk, leikmyndahönnuður Son of Saul, í leikstjórn László Nemes, sem er talin líkleg til þess að hreppa Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina. Lázlo Rajk er arkitekt, leikmyndahönnuður og prófessor í kvikmyndahönnun við kvikmyndaskólann í Búdapest og hann segir að það hafi vissulega verið mikil áskorun að hanna umhverfið í Son of Saul sem gerist í Birkenau-útrýmingarbúðunum.

„Markmiðið var ekki að endurskapa líkbrennsluna í Birkenau í smáatriðum heldur miklu fremur að skapa rýmið og rýmisnýtinguna. Ná því hvernig gasklefarnir, búningsklefarnir, læknaherbergið o.s.frv. myndu eina starfandi heild. Málið er að ég er upprunalega arkitekt og ég vann lengi við það að hanna verksmiðjur og eins kaldhæðið og það hljómar þá var Birkenau verksmiðja með sitt skýra starfsmarkmið. Órjúfanlegur hluti af þessari skelfilegu sögu helfararinnar er að útrýmingarbúðirnar voru hannaðar af arkitektum sem hönnuðu mjög svo virk verksmiðjurými. Þetta voru ekki bara byggingar heldur nákvæmlega hannaðar dauðaverksmiðjur."

Tilhugsunin er skelfileg

Rajk segir að það hafi verið undarleg tilfinning að setjast niður til þess að hanna slíka leikmynd. „Það var undarlegt og erfitt í senn. Þegar maður er að hanna kvikmynd þá þarf maður að gæta ákveðins hlutleysis og halda ákveðinni fjarðlægð frá viðfangsefninu. En það er mjög erfitt þegar þetta er viðfangsefnið og eiginlega virkar ekki. Hitt er það að hugsunin um að þetta var hannað af arkitekt sem fór kannski í sturtu á morgnana og hugsaði um hvernig hann gæti látið verksmiðjuna vera hagkvæmari hreinlega skellir manni á vegg. Þetta er svo brjálað.

Ég hannaði sýningu um helförina í Ungverjalandi fyrir tíu árum og þá vann ég mikið af rannsóknarvinnu. Á þeim tíma áttaði ég mig á því að þessar byggingar voru byggðar af föngum, sömu föngunum og voru svo myrtir í verksmiðjunum sem þeir byggðu og þeir vissu hvað beið þeirra. En þeirra vinna er í raun gríðarlega vönduð og þetta voru ákaflega vel byggðar verksmiðjur. Þetta er svo sláandi að maður á erfitt með að ná utan um það.

Laszlo Rajk, arkitekt og leikmyndahönnuður, vinnur um þessar mundir að íslensku kvikmyndinni Ölmu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kvikmyndir móta minnið

Það er alltaf erfitt fyrir alla sem koma að kvikmynd eins og þessari að endurskapa hryllinginn, en við þurfum alltaf að vera meðvituð um tilfinningalega þáttinn og þær hugmyndir sem við höfum um það sem þarna átti sér stað. Birkenau var fullbyggt og tilbúið um vorið 1944 þannig að byggingin var splunkuný og ef við hefðum viljað vera sögulega rétt þá hefðum við þurft að hafa veggina hvíta, gólfin hrein, allt nýtt og snyrtilegt. En það samræmist ekki hugmyndum okkar að hafa það þannig eins undarlegt og það er. Við kvikmyndagerðarmennirnir höfum svo mikil áhrif á þetta sameiginlega minni okkar allra og heildarhugmyndina sem er þó engu að síður í ákveðinni mótstöðu við raunveruleikann og það er afar forvitnilegt. Í Son of Saul fórum við því þá leið að færa atburðina frá vori og fram á haust og það hjálpaði okkur líka að sættast við þetta ósamræmi þrátt fyrir að gólfin hefðu í raun átt að vera hrein enda var allt þrifið daglega til þess að láta húsnæðið líta fremur út eins og sturtuklefa en sláturhús."

> **ÞAÐ ER ALLTAF ERFITT FYRIR ALLA SEM KOMA AÐ KVIKMYND EINS OG ÞESSARI AÐ ENDURSKAPA HRYLLINGINN.**

Prófi að hanna kvikmyndir

Lázlo Rajk er einn þeirra kvikmyndagerðarmanna sem vinna víða um veröldina og hann segir að það sé að verða mikil breyting á starfsumhverfi þeirra sem vinna að listrænum kvikmyndum. „Listrænar kvikmyndir eru alltaf að verða sífellt alþjóðlegra fyrirbæri. Hér áður fyrr var þetta eitthvað sem sneri aðallega að þröngum hópum vina og skólafélaga en það er liðin tíð.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að allir arkitektar ættu að prófa að vinna að leikmyndahönnun og aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þá snýst þetta um vinnslutímann því það tekur mörg ár að hanna og byggja hús á meðan leikmyndin þarf að vera klár á þremur vikum. Þannig að maður er stöðugt að horfast í augu við þær áskoranir sem koma upp í ferlinu og það er enginn sem tekur að sér að leysa málið fyrir mann. En í arkitektúrnum hættir manni til að skella skuldinni af mistökunum á aðra. Í öðru lagi þá er leikmyndin tekin í sundur þegar tökum er lokið þannig að egóið verður ekki jafn brenglað og í arkitektúrnum þar sem allt er hugsað til eilífðar. Þannig að ég tel að það geri öllum arkitektum gott að prófa þessa vinnu."

Elska mannskapinn

Um þessar mundir vinnur Lázlo Rajk að kvikmyndinni Alma í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. „Ég er gríðarlega ánægður með að vera að vinna að þessu verkefni sem er íslensk samtímakvikmynd þar sem fjármagn er af skornum skammti. En ég þekki þessa tilfinningu, að taka á móti mönnum utan úr heimi sem hafa enga trú á því að maður nái að klára og haft allt tilbúið þegar á hólminn er komið. Þegar ég kom til Íslands þá var ég orðinn hönnuðurinn sem hafði miklar efasemdir um að þetta gæti nú gengið á þessum tíma en það var allt klárt.

Ég elska mannskapinn sem ég er að vinna með á Íslandi og mér finnst ég orðinn afskaplega náinn þessu fólki. Maður kynnist fólki öðruvísi þegar maður er að vinna með því en þegar maður kemur sem ferðamaður og þetta er frábært fagfólk.

Kristín er leikstjóri með ákaflega skýra sýn og það finnst mér frábært. Við vorum auðvitað ekki sammála um allt en við rifumst ekki þó svo við höfum rökrætt um hvernig hlutirnir ættu að vera. Þannig þarf það líka að vera og ég finn að kvikmyndin er í raun tilbúin í hausnum á henni þó svo við séum aðeins hálfnuð í tökum."

Aðalfundur Félags leiðsögumanna

verður haldinn 29. febrúar 2016 kl. 20.00
Stórhöfða 31 (gengið inn baka til)

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

SYKURSÝKI; FORSJÁ LÆKNISINS EÐA MÍN ÁBYRGÐ?

Málþing á vegum Samtaka sykursjúkra og Göngudeildar sykursjúkra á LSH.

Þriðjudaginn 1.mars 2016 kl.19,30-22,00 á Grand Hotel við Sigtún, salur Gallerí

Umræðuefni:
- Skimun og meðferð fótameina
- Dagbók sjúklinga; tæki til að hafa sjálf/ur yfirlit yfir stöðuna
- Námskeið göngudeildarinnar, innihald þeirra og tilgangur; að fá fólk til að staldra við og koma sér upp tækni til að ná tökum á sínum málum sjálft
